

SARA HLÍN HÁLFDÁNARDÓTTIR
Á margar notalegar stundir í nýja sófanum
 heimili jóla
allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
Ný fjölbýlishús í miðjum Hafnarfirði
 Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



- VELDU FERSKASTA HVEITIÐ!

KORNAX
 www.kornax.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. desember 2007 – 336. tölublað – 7. árgangur **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Hélt að sá ljóti byggi við ána
 Margrét Sigfús-dóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans, sextug.
TÍMAMÓT 26

Harðskafi í metsölu
 Arnaldur Indriðason virðist ætla að slá fyrri met.
FÓLK 46

Ástarsorgir stjarnanna
 Fræga fólkinu helst illa á mökum.
FÓLK 34

KR-sigur í frábærum leik
 KR-ingar eru komnir í 8 liða úrslit Lýsingarbikars karla í körfu eftir 104-103 sigur á Grindavík.
ÍPRÓTTIR 42

VEÐRIÐ Í DAG

Talsverð úrkoma - Stormur um sunnan- og vestanvert landið seinni partinn í dag og í kvöld með talsverðri úrkomu í nótt SA-lands.
VEÐUR 4

Lyfseðlar seldir hæstbjóðanda á götunni

Stolin lyfseðilseyðublöð ganga kaupum og sölum á meðal fíkniefnaneytenda. Heilum blokkum af lyfseðlum er ítrekað stolið af heilbrigðisstofnunum. 3.000 lyfseðlar komust þannig í umferð á nokkrum árum. Erfitt að fyrirbyggja svikin.

HEILBRIGÐISMÁL Stolin lyfseðilseyðublöð ganga kaupum og sölum á meðal fíkniefnaneytenda á höfuðborgarsvæðinu. Þrjú þúsund óútfylltir lyfseðlar hafa komist í umferð síðan 2001 eftir að þeim var stolið af heilbrigðisstofnunum. Fölsun útgefna lyfseðla er einnig algeng og margir ná að svíkja út lyf án vandræða. Sigurður Guðmundsson landlæknir segir að fölsunarmál komi reglulega upp og séu af tvennum toga. „Annars vegar eru þetta heilbrigðisstofnarmenn, sem ekki hafa heimild til að skrifa út lyf,

sem einhvern veginn hafa komist yfir lyfseðla og falsað þá, og svo þeir sem tengjast heilbrigðiskerfinu ekki neitt og breyta eða stela lyfseðlum í leit sinni að fíknilyfjum.“ Lyfjastofnun hefur fengið 262 tilkynningar um falsaða lyfseðla á sjö árum. Kærd mál til lögreglu eru litlu færri á sama tímabili. Á sama tímabili var Lyfjastofnun tilkynnt um 68 stolnar lyfseðlablokkir af heilbrigðisstofnunum með tæplega 3.000 lyfseðilseyðublöðum. Sigurbjörn Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Lyfju, segir öll mál sem koma upp vera tilkynnt til Lyfjastofnunar. „En það eru án efa mörg dæmi um að menn komist upp með þessar falsanir þar sem starfsfólk lyfjaverslana áttar sig ekki alltaf á svikum.“ Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir að óútfylltir lyfseðlar gangi kaupum og sölum hjá fíkniefnaneytendum. Hann segir fölsun og stuld á lyfseðlum hafa tíðkast um langt árabíl og erfitt að koma í veg fyrir slíka misnotkun.
 - shá / sjá síðu 6



HÉLAÐUR Höfrungurinn fannst helaður í flæðarmálinu. Þegar flæddi að síðar um daginn fór hann á kaf að nýju.
 MYND/HÖGNI

Poldi ekki vistina í Grafarvogi: Höfrungurinn fannst dauður

NÁTTÚRA Höfrungur sem sást á sundi í Grafarvogi í vikunni sem leið fannst dauður í flæðarmálinu á laugardag. Gísli A. Víkingsson, líffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir hann líklega vera hnýfing, sem er algengasta tegund höfrunga við Ísland. Ekki liggur fyrir hvort höfrungurinn festist lifandi á landi og drapst eða hvort hann rak dauðan á land. Gísli segir ekki algengt að hvali reki á land við höfuðborgarsvæðið. „En þetta gerist alltaf öðru hvoru,“ segir hann. Höfrungshraeið fór undir vatn að nýju þegar flæddi að.
 - sh



STEMNINGIN MAGNAST Jólaundirbúningurinn er í algleymingi enda aðeins tvær vikur þar til hátíðin gengur í garð. Gestir í Smáralind í Kópavogi dádust í gær að Fríkirkjuvegi 11 en húsið hefur verið endurskapað úr piparkökum, glassúr og marsípáni.
 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Maður féll niður af þaki: Slasaðist við að skreyta húsið

SLYS Karlmaður um þrítugt var fluttur með sjúkraflogi til Reykjavíkur frá Höfn í Hornafirði í gær eftir að hann féll niður af húspaki. Maðurinn var að setja upp jólaseríur ásamt föður sínum þegar slysið varð. Fallið niður af þakinu var um fjórir metrar og maðurinn hafnaði á steyptri stétt. Vissara þótti að flytja manninn til Reykjavíkur til aðhlyningar en hann var illa brotinn.
 - þo

Allir fá þá eitthvað fallegt
 Sendu jólakortin og jólapakkana tímanlega!

 www.postur.is

Al Gore og Rajendra Pachauri taka í dag við friðarverðlaunum Nóbels í Ósló: Gore bjartsýnn á hertar aðgerðir

NOREGUR Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, tekur í Ósló í dag við friðarverðlaunum Nóbels ásamt Rajendra Pachauri, forseta Sérfræðinganevndar SP um loftslagsmál (IPCC), fyrir að vekja heimsathygli á hættum loftslagshlýnunar. Á blaðamannafundi sagði Gore það vera siðmenningunni lífsnauðsynlegt að draga úr losun koltvísýrings. Hann hvatti grasrótahreyfingar um allan heim til að þrýsta á ráðamenn. Vegna vaxandi vitundar almennings væri hann bjartsýnn á hertar aðgerðir. Gore ítrekaði að hann hefði ekki hug á að bjóða sig fram í komandi forsetakosningum vestra.
 - eá



GORE OG PACHAURI Friðarverðlaunahafarnir tala við blaðamenn í Nóbelsstofnuninni í Ósló í gær.
 FRÉTTABLAÐIÐ/AP

14 DAGAR TIL JÓLA

 Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VEISLA FYRIR JÓLIN

DESEMBER
Kafbátur mánaðarins
6 tommu bátur kr. 299
TÚNFISKBÁTUR
SUBWAY

SPURNING DAGSINS



Svanhildur, er þá friðurinn úti?

„Nei, ég held að friðurinn sé einmitt mjög inn þessa dagana og vonandi verður hann það til allrar framtíðar.“

Ljósín á friðarsúlu Yoko Ono í Viðey voru slökkt um helgina og biða þess að verða kveikt aftur á afmælisdegi John Lennon í október á næsta ári. Svanhildur Konráðsdóttir er sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur.

Segja númerið ekki leynilegt:

Fjölmiðlar ytra fjalla um Vífil

FÓLK Uppátæki Vífils Atlasonar, sem hringdi í Hvíta húsið í Washington og þóttist vera forseti Íslands, hefur vakið athygli stórra fjölmiðla í Bandaríkjunum á borð við NBC og ABC.



VÍFILL ATLASON

Síðarnefnda fréttastofan ræddi meðal annars við Vífil og móður hans. Í fréttinni er haft eftir fulltrúa Hvíta

hússins að númerið sem Vífill hringdi í hafi alls ekki verið leynilegt símanúmer, heldur einungis opinbert númer á skiptiboró í húsinu. Harpa Hreinsdóttir, móðir Vífils, þvertækur hins vegar fyrir það.

Þá er því gert skóna að að Vífill hafi séð númerið í þætti Ellen DeGeneres, þar sem Jenna Bush hringdi í George föður sinn. - sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sautján ára á ofsahraða

Lögreglan á Selfossi stöðvaði ökumann á 130 kílómetra hraða á Eyrarbakka-vegi í fyrrinótt. Ökumaðurinn var 17 ára og hafði haft ökuréttindi í tvo daga. Hann fær tvo refsipunkta og háa sekt.

Veitist að lögreglumanni

Maður var handtekinn fyrir utan skemmtistaðinn Lukku-Láka í Grindavík í fyrrinótt. Lögregla reyndi að skilja tvo menn að sem slógust en annar þeirra brást við með því að veitast að lögreglumanni. Lögregluþjónninn hlaut áverka á hendi.

Bílvelta í Óshlíð

Tvær ungar stúlkur voru fluttar til aðhlynningar á sjúkráhusið á Ísafirði eftir að fólksbíll valt út af Óshlíðarvegi síðdegis í gær. Meisli þeirra voru minniháttar.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar ógilt og Hverfisfljótsvirkjun send í umhverfismat:

Varanlegt sár í Skaftárhraun

UMHVERFISMÁL Fyrirhuguð virkjun í Hverfisfljóti fer í lögformlegt umhverfismat hefur Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra úrskurðað.

Skipulagsstofnun hafði ákveðið að rask vegna Hverfisfljótsvirkjunar yrði svo lítið að ekki væri þörf á umhverfismati. Afl virkunarinnar, sem ábúandi á Dalshöfna hyggst byggja, á að vera allt að 2,5 megavött.

Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Landvernd og Fuglavernd auk einstaklinga kærðu ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Í úrskurði umhverfisráðherra



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR Umhverfisráðherra telur að Hverfisfljótsvirkjun eigi að fara í umhverfismat.

kemur fram að ætlunin sé að gera sjö kílómetra veg að virkjuninni yfir Skaftárhraun, þar af verði tveir kílómetrar yfir úfið hraun sem njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Ótvírætt

sé að Skipulagsstofnun telji að vegurinn muni marka varanlegt og óafturkræft sár í Skaftárhraun. Framkvæmd muni þó ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er vísað til áætlana um eins góðan frágang og unnt er.

„Af ráðuneytisins hálfu er ekki efast um góðan vilja framkvæmdaraðila til vandaðs frágangs á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þrátt fyrir slíkar mótvægisáðgerðir þykir þó með vísan til alls þess sem að framan hefur verið rakið ljóst að umhverfisáhrif framkvæmdanna geti orðið umtalsverð í skilningi laga,“ segir í úrskurði umhverfisráðherra. - gar

Utanríkisráðherrafundur ESB:

Vilja tryggja frið í Kosovo

BRUSSEL, AP Viðleitni til að draga úr spennu í Kosovo, er kosovóalbanski meirihlutinn virðist staðráðinn í að lýsa yfir sjálfstæði frá Serbíu, verður efst á dagskrá á fundi utanríkisráðherra Evrópusambandsins í dag.

Hugsanlegar nýjar refsiaðgerðir Sameinuðu þjóðanna gegn Íran og friðarumleitani við botn Miðjarðarhafs verða einnig ofarlega á baugi, en ráðherrafundurinn er liður í undirbúningi fyrir leiðtogafundinn í lok vikunnar. Ráðamenn ESB vilja hindra að ofbeldi brjótist út í Kosovo eftir að málamíðlunartilraunir fóru út um þúfur. - aa

Fara að áskorun Strætó:

Fresta ókeypiss strætóferðum

SVEITARSTJÓRNIR Ekki verður boðið upp á ókeypiss strætisvagnaferðir fyrir Kópavogsbúa frá næsta hausti eins og til stóð. Bæjarráð



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Kópavogs ákvað að fresta innleiðingu þessa fyrirkomulags eftir að áskorun um það barst frá stjórn Strætó bs. Fulltrúar minnihluta Samfylkingar og Vinstri grænna í bæjarráði lýstu sig andsnúna frestuninni.

Bentu fulltrúar Samfylkingar á að formaður stjórnar Strætó væri bæjarfulltrúi í Kópavogi. Bentu meirihlutamenn þá á að fulltrúi Kópavogs væri ekki einn í stjórn Strætó, þar væru einnig fulltrúar annarra sveitarfélaga, meðal annars frá Samfylkingu og VG. - gar

Forseti Venesúela:

Færir klukkuna um hálf tíma

VENESÚELA, AP Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur fært klukkuna aftur um hálf tíma til að nýta daginn betur og forða börnum frá því að vakna fyrir dögum. Chavez segir visindalega sannað að það hafi áhrif á virkni líkamans. Yfirvöld hafa unnið að tímabreytingunni síðan árið 1999 í leit að málamíðlun fyrir land sem nær yfir tvö tímabelti.

Þó að sumir séu ánægðir með framtakið telja aðrir það aðeins nýjasta uppátæki forseta sem hafi gaman af breytingum. Chavez hefur þegar breytt nafni, þjóðfána og innsigli landsins. Á næsta ári mun Venesúela einnig taka upp nýjan gjaldmiðil. - ea

FARSÍMI Verkefnið snýst um að setja upp og reka farsímaþjónustu á völdum svæðum á landinu, einkum á Vestfjörðum og Norðausturlandi.

Lægstbjóðandi ekki traustsins verður

Svissneska símafyrirtækið Amitelo AB fær ekki að taka að sér uppsetningu og rekstur síðari áfanga GSM-þjónustu á landinu þrátt fyrir að hafa boðið best í verkið. Það uppfyllir ekki kröfur um fjárhagslegt hæfi og fær ekki bankaábyrgð.

FJARSKIPTI Fjarskiptasjóður mun ekki taka tilboði svissneska fyrirtækisins Amitelo AG í svonefndan síðari áfanga GSM-þjónustu á landinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Amitelo átti lægsta tilboðið í verkið en gögn frá fyrirtækinu um fjárhagslegt og tæknilegt hæfi munu ekki hafa fullnægt settum skilyrðum. Amitelo fékk fyrr á árinu úthlutað tíðnisviðum fyrir rekstur GSM-kerfis á Íslandi.

Þrjú fyrirtæki, Síminn, Og fjarskipti og Amitelo, buðu í verkið, sem snýst um að koma upp og reka farsímaþjónustu á völdum svæðum á landinu, einkum á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Öll tilboðin voru undir kostnaðaráætlun fjarskiptasjóðs, sem hljóðaði upp á 732 milljónir. Tilboð Amitelo var þeirra lægst, 468 milljónir, en tilboð Og fjarskipta var litlu hærra.

Óskað var eftir upplýsingum um fjárhagslegt og tæknilegt hæfi Amitelo. Meðal annars var gerð krafa um bankaábyrgð fyrir tilboðsupphæðina. Fyrirtækið mun ekki hafa fullnægt öllum skilyrðum og því er nær útilokað að hægt verði að ganga að tilboði þess. Því verður gengið að næstbesta tilboðinu í staðinn.

Amitelo AG er annað tveggja fyrirtækja sem fengu fyrr á árinu úthlutað tíðniheimild frá Póst- og fjarskiptastofnun fyrir rekstur GSM-kerfis á

TILBOÐIN ÞRjú

Fyrirtæki	Upphæð	Verktími
Síminn	655 milljónir	12 mánuðir
Og fjarskipti	487 milljónir	22 mánuðir
Amitelo AG	468 milljónir	12 mánuðir

Kostnaðaráætlun fjarskiptasjóðs hljóðaði upp á 732 milljónir. Gert var ráð fyrir 22 mánuðum til verksins.

Íslandi. Hitt, IceCell, er einnig frá Sviss.

Í kjölfarið búrast fregnir af því að Amitelo sætti rannsókn þýska fjármálaeftirlitsins grunað um að hafa keyrt upp hlutabréfaverð með villandi upplýsingum, og hefði verið kært fyrir að blekkja hluthafa sína. Í þýska fréttaskýringabættinum Frontal 21 kom fram að höfuðstöðvar fyrirtækisins hefðu staðið tómar svo mánuðum skipti.

Efasemdir kviknuðu þá um það hvort fyrirtækjunum væri alvara með fyrirætlunum sínum eða hvort þau vildu einungis fá úthlutað leyfum til að efla ímynd sína. Forsvarsmenn Amitelo og IceCell hafa þó fullyrt að til standi að taka kerfin í notkun á næsta ári.

stigur@frettabladid.is

Telja miður að biskup fullyrði að málflutningar Siðmenntar sé hatrammur:

Siðmennt vill frið í skólunum

FRÆDSLUMÁL „Því miður endurtekur biskup að málflutningur Siðmenntar sé hatrammur,“ segir í tilkynningu frá Siðmennt, félagi siðrænna húmanista á Íslandi.

Í tilkynningu Siðmenntar segir að orðið „hatrammur“ þýði samkvæmt orðabókum „sá sem hatar sterkt“. „Siðmennt fær ekki skilið hvernig gagnrýni félagsins á afskipti trúfélaga í opinberum skólum geti talist hatrömm eða hvernig hún getur talist niðrandi tal um trú,“ segir í tilkynningunni sem er athugasemdir við opið bréf frá Karli Sigurbjörnssyni biskupi.

Siðmennt segist taka undir með biskupi að trúarbragðafræðsla fari fram á faglegum forsendum skólans. Að mati félagsins sé það hins vegar trúboð þegar prestar, djáknar og guðfræðingar koma í reglubundnar heimsóknir í skóla. Kennsla í trúarbragðafræði, heimspeki og siðfræði eigi að vera í höndum fagmanna – kennara.

„Kirkjan hefur húsnæði, starfsfólk og fjármagn til að sinna boðunarstarfi í kirkjum sínum. Trúarlegt uppeldi barna er á ábyrgð foreldra þeirra og geta þeir sem það vilja sótt aðstoð kirkju



HOPE KNÚTSSON Formaður Siðmenntar segir kennara en ekki presta eiga að sjá um trúbragðafræðslu í skólum.



KARL SIGURBJÖRNSSON Biskup dregur ekki til baka ummæli um að hann teldi samtökin vera hatrömm.

sinnar án þess að það gerist í opinberum skólum. Trúarlegi þátturinn á ekki að vera hluti af skólastarfi. Skólar eru ekki trúboðsstofnanir,“ segir í tilkynningu Siðmenntar sem undirrituð er af Hope Knútsson, formanni félagsins. - gar

www.oryggi.is

Þú vilt ekki fá hvaða jólasvein sem er inn um gluggann hjá þér!




Jólatilboð á Heimaöryggi. Prófaðu endurgjaldslaust í 3 mánuði.

Tilboðið gildir til 24. desember nk.



Hringdu núna í **570 2400** og fáðu frekari upplýsingar.

TEWAPEYKJAVIK/SJA-30271455



NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

www.nova.is



Það eina sem þú þarft að gera til að eignast þennan nýja farsíma á þessu frábæra tilboðsverði er að nota hann fyrir 3.000 kr. eða meira á mánuði.*

NOKIA 6120

Frábær fyrir myndsímtöl,
Internet í símann og MSN.

890 kr.

á mánuði í 12 mán.

Tilboðsverð staðgreitt:

9.900 kr.

Fullt verð: ~~24.900~~ kr.

*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.
Tilboðsverð greiðsludreift: 890 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkorti út samningstímann.
Tilboðsverð staðgreitt: 9.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkorti.

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	61,50 61,80
Sterlingspund	125,00 125,60
Evra	89,98 90,48
Dönsk króna	12,063 12,133
Norsk króna	11,215 11,281
Sænsk króna	9,569 9,625
Japanskt jen	0,5514 0,5546

SDR	97,16	97,74
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	119,0918	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Deilt á Bandaríkjaþingi um rannsókn á eyðingu CIA-yfirheyrslumyndbanda:

Biden segir ráðherra vanhæfan

BANDARÍKIN, AP Joe Biden, sem fer fyrir þingflokki demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings, sagði í gær að dómsmálaráðherrann væri vanhæfur til að hafa yfirumsjón með rannsókn á því hvornig stóð á því að myndbandsupptök af yfirheyrslum leynipjónustunnar CIA yfir tveimur grunuðum hryðjuverkamönnum var eytt.

Biden, sem er formaður utanríkismálanefndar öldungadeildarinnar og sækist eftir útnefningu demókrata til forsetaframbóðs á næsta ári, vitnaði til þess er núverandi dómsmálaráðherra, Michael Mukasey, neitaði því er hann sat



MICHAEL MUKASEY Ber sem dómsmálaráðherra ábyrgð á rannsókninni.

fyrir svörum þingnefndar í október síðastliðnum að kalla það

pyntingar þegar sá sem er yfirheyrður er látinn fá á tilfinninguna að hann sé að drukkna.

Tilkynnt var á laugardag að dómsmálaráðuneytið og innra eftirlit myndu sameinast um rannsókn á málinu.

„Hann er sami maður og gat ekki skorið úr um það hvort „vatnsaðferðin“ væri pyntingar og hann á nú að fara fyrir þessari rannsókn,“ sagði Biden og tók fram, að hann hefði sem fulltrúi í nefndinni sem sá um þingyfirheyrslurnar til staðfestingar Mukaseys í embætti, greitt atkvæði gegn staðfestingunni. - aa

Síldveiðin gengur vel: Álseý landar 800 tonnum

SIJAVARÚTVEGUR Síldveiðar hafa gengið nokkuð vel það sem af er vertíð að sögn Ólafs Á. Einarsónar, skipstjóra Álseýjar frá Vestmannaeyjum. Álseý landaði nýlega um 800 tonnum af síld.

Ólafur segist nær eingöngu hafa veitt í Grundarfirði síðustu vikur. Staðan sé því önnur en undanfarin ár þegar leita þurfti víðar að síldinni. Nú taki skip í leit að síld ávallt stefnuna beint á Grundarfjörð.

Ólafur vonar að þessi góða veiði haldi sér þótt auðvitað sé ómögulegt að segja nokkuð til um það.



WOLFGANG SCHÄUBLE

Vísindaspeki í Þýskalandi:

Ráðherra vill banna samtökin

ÞÝSKALAND, AP Innanríkisráðherra Þýskalands, Wolfgang Schäuble, segir starfsemi Vísindaspekikirkjunnar (Church of Scientology) brjóta í bága við þýsku stjórnarskrána og hann muni fela þar til bærrí undirstofnun ráðuneytis síns að vinna að því að fá sett lögbann á hana. Þetta var haft eftir Schäuble í vikublaðinu Bild af Sonntag í gær.

Áður höfðu innanríkisráðherrar þýsku sambandslandanna sextán ályktað einróma að starfsemin bryti gegn stjórnarskránni og bæri að banna. Vísindaspekikirkjan hefur um árabil verið undir eftirliti þýskra stjórnvalda á grundvelli gruns um að hún „stríði gegn friðsamlegri lýðræðisskipan“ landsins.

Fernt handtekið á Akureyri:

Brutust inn í vinnuvélar

LÖGREGLUMÁL Fernt var handtekið á Akureyri í gær eftir innbrot í þrjár vinnuvélar á nýbyggingarsvæði við Goðanes.

Tilkynnt var um innbrotið í gærmorgun og um hádegisbilið voru fjórmennirnir handteknir.

Þýfi úr vélunum fannst í fórum þeirra og var það fært í hendur réttmæts eiganda sem færði lögreglu kökur og bakkelsi í þakklætisskyni.

Að sögn lögreglu var fólkinu sleppt í gær og málið telst upplýst.

Líklegt að kveikt hafi verið í tíu lúxusbílum og bátí

Tugmilljóna króna tjón varð í Vogum á Vatnsleysuströnd í gær þegar tíu nýlegir bílar brunnu til kaldra kola. Lögregla segir margt benda til þess að kveikt hafi verið í. „Skítalykt af þessu,“ segja íbúar í Vogunum.

BRUNI „Þetta er náttúrlega ansi sárt enda er þetta tjón upp á að minnsta kosti 70 milljónir,“ segir Ragnar Magnússon, skemmtistaðaeigandi í Reykjavík og eigandi bifreiðanna tíu sem brunnu til kaldra kola í porti við iðnaðarhúsnæði í Vogunum í gærmorgun.

Bílarnir voru allir í dýrari kantinum. Þarna var til dæmis stór Hummer, tveir bílar af gerðinni BMW auk Prowler og Dodge Charger sem Ragnar segir hálfgerða safngripi.

Bílarnir biðu þess að vera þrifnir og að því loknu hugðist Ragnar selja þá flesta. Félagi Ragnars, Annþór Karlsson sem býr í Vogunum, útvegaði honum geymsluplássið en eigandi lóðarinnar, Ólafur Ragnar Guðsteinson, vissi ekki af veru bílanna þar. Ekki náðist í Annþór í gær.

Lögreglan á Suðurnesjum rannsakaði brunavettvanginn í gær en ekkert lá fyrir um upptök eldsins í gærkvöld. „Það er ýmislegt sem bendir til þess að um íkveikju sé að ræða en við getum þó ekki útilokað að það hafi kviknað í á annan hátt, til að mynda út frá rafmagni,“ segir Jóhannes Jensson aðstoðaryfirlöggregluþjónn. Hann segir að lögregla telji ekkert grunsamlegt við veru bílanna í portinu en þeir höfðu aðeins staðið þar í örfáa daga.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu ýmsir bæjarbúar furðað sig á þessum dýru bílum í óvöktuðu portinu og þeir sem blaðið ræddi við í gær voru sammála um að það væri „skítalykt af málinu.“

Það voru íbúar í nágrenninu sem urðu varir við eldinn og



SÉÐ YFIR PORTIÐ Annþór, félagi Ragnars, útvegaði geymsluplássið í portinu en þar er algengt að fólk fái að geyma dót.

MYND/SVERRIR

slökkviliðið var kallað út á sjötta tímanum.

„Portið virtist vera alelda þegar við komum á staðinn og það var töluvert um sprengingar,“ segir Sigmundur Eyþórsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Suðurnesja. Greiðlega gekk að slökkva eldinn enda voru aðstæður eins og best var á kosíð.

Nokkrum klukkustundum fyrr slökkti slökkviliðið eld í gömlum

torfkofa á hafnarsvæðinu skammt frá. Lögregla útilokar ekki að brunarnir tveir tengist og að kveikt hafi verið í á báðum stöðum.

Ragnar á erfitt með að trúá því að kveikt hafi verið í bílunum af ásettu ráði. „Mér finnst líklegra að einhverjir hafi verið að leika með eld sem hafi farið úr böndunum,“ segir Ragnar.

thorgunnur@frettabladid.is



LIÓT AÐKOMA Lítið er eftir af glæsikerunum tíu og spítbátunum sem einnig var geymdur í portinu.

MYND/VIKURFRÉTTIR

PÓRDÍS BJÖRNSDÓTTIR

SAGA AF BLÁI SÚMRI

KRABBAR Í KERI, APPELSÍNUR Í POKA, KLUKKUSAFN

Þóráð Björnsdóttir

„EINS OG VIÐVARANDI FANTASTISKT AUGNABLIK“
— ÁH, VÍÐSÍA

BJARTUR

VEÐURSPÁ

Elin Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

Stormur sunnan og vestan lands í kvöld. Djúp lægð nálgast landið úr suðvestri og hlýtt loft yfir því kalda í burtu. Í kjölfarið verður vindur mjög hvass, og má búast við stormi um sunnan og vestanvert landið seinni partinn. Kerfinu fylgja talsverðar vindhviður, bæði á láglandi og norðan jökla. Hiti hækkar upp fyrir frostmark í flestum landshlutum á morgun. Athugið að kortið gildir kl. 12.

BORGINNÍ DAG: Hvessir í dag, stormur með slyddu eða rigningu í kvöld.

» á morgun

Sunnanátt, víða 8-13 m/s.

» miðvikudagur

SA eða S-átt, 8-13 víðast hvar.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	7°C skýjað	London	8°C skýjað	Eindhoven	9°C skúr
Billund	5°C hálfskýjað	Paris	9°C hálfskýjað	Basel	7°C rigning
Osló	4°C skúr	Frankfurt	9°C rigning	Alicante	17°C heiðskírt
Stokkhólmur	5°C skýjað	Friedrichshafen	7°C rigning	Róm	14°C skúr
Gautaborg	6°C skýjað	Berlín	7°C skýjað	Las Palmas	22°C léttskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

SKÖRÞ SJÓNÞÖRÞ

Erum komin
í jólasþap



Palladine á íslensku

Palladine 37" Full HD EPT3750MD

- Íslenskt valmyndakerfi
- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 800 : 1
- Birta: 500 cd/m²
- Mynd í mynd
- 2 x HDMI tengi

Jólatilboð
149.995 kr.

Verð áður 179.995 kr.

full HD
1080P

HDMI digital



full HD
1080P HDMI digital

Palladine EPT4250MD LCD

- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 1.600 : 1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi

Jólatilboð
169.995 kr.

Verð áður 189.995 kr.



HD ready HDMI digital

Palladine EPT3250MD LCD

- Upplausn: 1366 x 768 punktar
- Skerpa: 1.600 : 1
- Birta: 550 cd/m²
- 2 x HDMI tengi

Verð
89.995 kr.



HD ready HDMI

Palladine EPT2650M LCD

- Upplausn: 1366 x 768 punktar
- Skerpa: 1.000 : 1
- Birta: 500 cd/m²
- HDMI tengi

Verð
69.995 kr.



HD ready HDMI digital

Hitachi 42" P42H01 plasma

- Upplausn: 1024 x 1080 punktar
- Skerpa: 10.000 : 1
- Birta: 1500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi

Jólatilboð
179.995 kr.

Verð áður 199.995 kr.



full HD
1080P HDMI digital

Hitachi 37" L37V01 LCD

- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 800 : 1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi

Jólatilboð
169.995 kr.

Verð áður 199.995 kr.

Veggfesting
fylgir

ÞJÓNUSTA VIÐ UPPSETNINGU



Starfsmaður
Hátækni kemur
heim til þín, setur
upp tækið og tengir
gegn vægu gjaldi.

Þjónustan er í boði á
höfuðborgarsvæðinu.

H
Hátækni

Ármúli 26
Sími 522 3000 • www.hataekni.is

Opnunartími: virka daga 9-18 | laugardaga 12-17 | sunnudaga 12-17

Fæst hjá söluaðilum um land allt.



Telur þú að mansal viðgangist á Íslandi?

Já 68%
Nei 32%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Saknarðu friðarsúlunnar?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Tvær skotárásir í Colorado í Bandaríkjunum:

Trúboðsnemar myrtir í Denver

BANDARÍKIN, AP Óþekktur byssu- maður gekk aðfaranótt sunn- dags inn á stúdentagarð fyrir unga kristilega trúboða í þjálfun og hóf skothríð sem varð tveimur íbúum að bana og særði tvo aðra.

Árásarmannsins var enn leitað þegar langt var liðið á gærdeginn. Þá fréttist af því að maður hefði skotið á fólk fyrir utan kirkju í Colorado Springs, um 110 km frá vettvangi fyrri árásarinnar. Ekki var að svo stöddu ljóst hvort sami maður hefði verið að verki.

Samkvæmt fyrstu fréttum í gærkvöld höfðu að minnsta kosti

fjórir orðið fyrir skoti í seinni árásinni en um ástand þeirra var ekki vitað nánar.

Að sögn talsmanns lögreglu í Denver-úthverfinu Arvada, Susan Medina, átti fyrri árásin sér stað skömmu eftir miðnætti, á garði sem rekinn er af trúboðs- samtökunum „Ungt fólk með hlutverk“ (Youth with a Mission). Hún sagði hin látnu vera 23 ára karl og 26 ára konu. Þá hefðu tveir karlmenn, 22 og 23 ára, hlotið misalvarleg skotsár. -aa

FRÁ VETTvangi Rannsóknarlögreglu- maður kannar vettvangi fyrri árásarinnar í Denver-úthverfinu Arvada. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Framboð til öryggisráðs SP:

Nýr framboðs- vefur opnaður

UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra verður í dag meðal ræðumanna á málþingi um mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands, sem fram fer við Háskólann á Akureyri. Við sama tækifæri mun Ingibjörg opna formlega nýja heimasíðu framboðs Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Í fréttatilkynningu er bent á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar séu mannréttindi sett á oddinn „og því tímabært að velta fyrir sér hvar við stöndum og hvert við stefnum þegar mannréttindi í alþjóðamálum eru annars vegar“.

600 KR. PAKKINN EF ÞÚ GETUR BORID HANN

Hámarksstærð pakka er 0,5x0,5x0,8 m og 50 kg þyngd. Á ekki við um kæli- og frystivöru. Verð fyrir heimakstur með jólapakka er 600 kr.

Sími 525 7700 Fax 525 7709 www.eimskip.is

EIMSKIP Flytjandi

Fíknilyfja aflað með fölsuðum lyfseðlum

Fíkniefnaneytendur komast ítrekað upp með að svíkja út lyf, þrátt fyrir aukið eftirlit. Lyfjastofnun fær árlega fjölda tilkynninga um falsaða lyfseðla og tugir slíkra mála eru kærðir til lögreglu. Stolnir lyfseðlar ganga kaupum og sölum.

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjastofnun hefur fengið 262 tilkynningar um falsaða lyfseðla á sjö árum. Á sama tímabili var stofnuninni tilkynnt um 68 stolnar lyfseðlablokkir af heilbrigðisstofnunum með tæplega 3.000 lyfseðilseyðublöðum. Lyfseðlarnir ganga kaupum og sölum á götunni. Þrátt fyrir aukið eftirlit er erfitt að koma í veg fyrir að lyf séu svikin út.

Sigurður Guðmundsson landlæknir segir að fölsunarmál komi reglulega upp og séu af tvennum toga. „Annars vegar eru þetta heilbrigðisstarfsmenn, sem ekki hafa heimild til að skrifa út lyf, sem einhvern veginn hafa komist yfir lyfseðla og falsað þá, og svo þeir sem tengjast heilbrigðis- kerfinu ekki neitt og breyta eða stela lyfseðlum í leit sinni að fíknilyfjum.“

Sigurður segir að ýmislegt hafi verið gert til að koma í veg fyrir fölsun en það fyrirbyggji ekki fölsun þeirra nema að hluta. „Um skjalafals er að ræða og því eru málin kærð til lögreglu en þegar heilbrigðisstarfsmenn eiga í hlut er alvara málsins enn meiri og getur þýtt missi á starfsleyfi fyrir viðkomandi.“

Fölsun lyfseðils flokkast sem skjalafals í almennum hegningar- lögum og slík mál eru kærð til lög- reglu þegar upp um þau kemst. Samkvæmt afbrotatölfræði ríkis- lögreglustjóra eru 286 mál skráð síðan 1999. Algeng aðferð til föls- unar er að breyta upplýsingum á gildum lyfseðli frá lækni en einnig eru seðlar falsaðir frá grunni með stolnum lyfseðilseyðublöðum. Frá 2001 hefur 68 lyfseðlablokkum



Í LYFJAVERSLUN Það getur verið erfiðleikum bundið fyrir starfsfólk lyfjaverslana að greina á milli falsaðra og ófalsaðra lyfseðla.

FALSAÐIR OG STOLNIR LYFSEÐLAR

	Lögregla	Lyfja- stofnun	Stolnir lyfseðlar**
1999	20		
2000	35		
2001	18	18	351
2002	49	61	436
2003	32	38	291
2004	43	52	404
2005	40	47	826
2006	28	26	335
2007	21*	20	332

* 1. janúar til 30. nóvember
**68 lyfseðlablokkum hefur verið stolið síðan 2001 og þessir lyfseðlar eru úr þeim.

verið stolið af heilbrigðisstofnun- um með alls 2.975 eyðublöðum. Geir Jón Þórisson, yfirlögreglu-

þjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir að þessir óútfylltu lyfseðlar gangi kaupum og sölum hjá fíkniefna- neytendum.

Sigurbjörn Gunnarsson, fram- kvæmdastjóri Lyfju, segir öll mál sem koma upp vera tilkynnt. „En það eru mörg dæmi um að menn komast upp með þessar falsanir þar sem starfsfólk lyfjaverslana áttar sig ekki alltaf á svikunum.“

Miklar vonir eru bundnar við að fölsunarmálum fækki með raf- rænni sendingu lyfseðla, sem tekin verður upp á næsta ári. Samkvæmt upplýsingum frá Lyfjastofnun verður útgáfa lyf- seðla á pappír þó áfram við lýði. Heildarfjöldi lyfseðla árið 2004 var um tvær milljónir talsins. svavar@frettabladid.is

Versta olíumengunarslys í sögu Suður-Kóreu: 10,5 milljónir olíulítra í hafið

SUÐUR-KÓREA, AP Þúsundir manna reyna nú með skóflum og fötum að hreinsa olíu af Mallipo-strönd á vesturströnd Suður-Kóreu eftir versta olíuleka í sögu landsins. Einnig vinna 105 skip að því að hreinsa sjóinn úti fyrir ströndinni. Óvíst er hve lengi verður unnið að hreinsunarstarfinu en margir sjálfbóðaliðanna berjast við höfuðverk og ógleði vegna olíu- fnyksins.

10,5 milljónir lítra af olíu helltust í hafið síðasta föstudag þegar prammi sem losnað hafði frá dráttarbát í vondu veðri rakst á stórt olíuskip sem lá við festar. Seint í gær höfðu um 514 tonn af olíu verið hreinsuð, eða um 5 pró- sent af heildarlekanum.

Tekist hafði að stöðva lekann úr olíuskipinu í gær. Olía hafði þá



HREINSUNARSTARF Þúsundir sjálfbóðaliða kepptust í gær við að safna saman olíunni á Mallipo-strönd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

borist á land á átján kílómetra breiðum kafla strandarinnar. Fuglalífi og fiskeldi stóð ógn af menguninni.

Mallipo er ein fjölsóttasta strönd Suður-Kóreu en hún er um 150 km suðvestur af höfuðborginni Seúl. -eá

Gjöf til framtíðar

Með 5.000 kr. gjafabréfi fær nýr Framtíðarbókareigandi 2.500 kr. mótframlag frá bankanum.



Framtíðarbók

 KAUPÞING

Hugsum lengra

LEGGÐU GÓÐAN GRUNN AÐ FRAMTÍÐ BARNINS

Framtíðarbókin er verðtryggður sparireikningur sem gefur hæstu vexti almennra innlánsreikninga. Aðstandendur barna geta stofnað Framtíðarbók hvenær sem er fyrir 15 ára aldur barnsins og lagt þannig grunninn að fjárhagslega öruggri framtíð þess. Innstæðan sem safnast er laus til úttektar við 18 ára aldur.

Kynntu þér kosti Framtíðarbókar á kaupthing.is. Þú getur gengið frá kaupum á gjafabréfi í næsta útibúi Kaupþings.



1. Hver er höfundur nýrrar bókar um málarann Erró?
2. Hvaða leikmaður Manchester United skoraði sitt 100. úrvalsdeildarmark um helgina?
3. Hvað heitir breski kajak-ræðarinn sem fór huldu höfði í þrjú ár?

SVÖRIN ERU Á Síðu 46

Spennuþrungnum leiðtogafundi Evrópu- og Afríkúríkja í Lissabon er lokið:

Engin sátt náðist um viðskiptamál

LISABON, AP Leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins og Afríkusambandsins luku fundi sínum í Lissabon í gær án þess að mjakast nær sátt um nýtt ramma-samkomulag um viðskipti milli grannálfanna tveggja. Að svo skyldi fara bætti gráu ofan á svart eftir að deilur um Simbabwe og Darfúrhérað settu mjög mark sitt á fundinn.

Abdoulaye Wade, forseti Senegals, sagði flesta Afríkuleiðtoga hafa hafnað tillögum Evrópusambandsins að fríværslunarsamningi, eða svonefndum EPA-samningum (European Partnership Agreements). Fyrir leiðtoga-

fundinn hafði verið vonast til að í samkomulagsátt myndi miða varðandi þessa samninga en í reiðilegum ummælum Wades á blaðamannafundi mátti greina að andrúmsloftið á fundinum hefði ekki boðið upp á það.

Þetta er í fyrsta sinn í sjö ár sem ráðamenn allra 53 aðildarríkja Afríkusambandsins og ESB-ríkja 27 eiga með sér slíkt samráð.

Á opunardegri fundarins á laugardag spöruðu Angela Merkel, kanslari Þýskalands, Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, og fleiri evrópskir leiðtogar ekki gagnrýni

sína í garð Roberts Mugabe, forseta Simbabwe, sem mætti til Lissabon þrátt fyrir að Evrópusambandið beitti stjórn hans þvingunaraðgerðum vegna mannréttindabrota og óstjórnar. Hann svaraði gagnrýninni í gær og sagði hina evrópsku gagnrýnendur sína uppfulla af hroka. Þeir væru ekki til þess bærir að gagnrýna þróun mála í Afríku. - aa

MUGABE SAMUR VIÐ SIG Simbabweforseti, hér til vinstri er hann yfirgaf fundarstaðinn í Lissabon, vísaði gagnrýni í sinn garð til föðurhúsanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Fyrir jólin

Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali.



Gæðaryksugur frá Siemens. Virkilega þrífandi hrífandi.



Þessi er nauðsynleg við jólabaksturinn.

SIEMENS

Er ekki upplagt að fá sér ný ljós fyrir jólin?



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

SKYNJABI PRÓUNINA „Ég var búin að skynja þessa þróun en yfirlýsingin sem slík kemur mér nokkuð á óvart,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

Svía sitja ekki aðgerðalausir ef ráðist er á Ísland:

Yfirlýsingin kemur ráðherra á óvart

VARNARMÁL „Þetta er talsvert merkileg yfirlýsing,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra um þá einhliða yfirlýsingu Carls Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, að Svía muni ekki sitja aðgerðalausir hjá ef annað ESB-ríki eða norrænt ríki verður fyrir árás.

„Ég hef áður sagt að Svíþjóð mun ekki vera óvirkt ef áfall eða árás er gerð á annað ESB-land. Nú nær þetta líka til Noregs og Íslands,“ hefur norska dagblaðið Aftenposten eftir Carl Bildt og

hefur eftir honum að þetta hljóti að vera gagnkvæmt.

Ingibjörg Sólrún segir að yfirlýsing Bildt sé til marks um þá þróun sem eigi sér stað í sænskum stjórnámum á sviði utanríkismála. Svía ætli sér að auka hlut sinn í samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu.

„Ég var búin að skynja þessa þróun en yfirlýsingin sem slík kemur mér nokkuð á óvart, ekki síst vegna þess að það virðist ekki vera það breiður stuðningur við hana,“ segir utanríkisráðherra. - ghs

POLAR®
LISTEN TO YOUR BODY
PÚLSMÆLAR

Verð frá 4.900,-

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

PILLIVUYT
FRANCE

Á tilboði í desember 2007
- Valdar gerðir af Pillivuyt postulíni

Einar Kristjánsson, framreiðslumaður solumaður hjá RV

Ferkantaður diskur, 25cm
3 stk 3.185 kr.

Opunartími í verslun RV í desember:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:00 – 18:00
Laugardaga
frá kl. 10:00 – 16:00

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

© VINNULÍF 2007


ný
inspiron™



Lífid er í lit!



KR.
148.000*



15.4"

Dell mælir með
Windows Vista
Home Premium

Inspiron™ 1520

Falleg og gáfuð félagsvera með öflugri myndvinnslu

- Intel®Core™2 Duo örgjörvi T5550, 1,83 Ghz, (667 Mhz FSB, 2MB L2 cache)
- Windows Vista Home Premium
- 15,4" Wide Screen WXGA TrueLife™ skjár og 2,0 MP myndavél WXGA+
- 2GB vinnsluminni
- 160GB harður diskur
- DVD+/-RW geisladrif
- nVidia GeForce Go 8600M GT skjákort með 256MB minni
- Innbyggt mótald / Bluetooth / Þráðlaust netkort, Dell 1505 / netkort
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

8 LITIR. BREIÐUR HÁSKERPUSKJÁR. LANGDRÆGT ÞRÁÐLAUST NET.

Kryddaðu tilveruna með Inspiron™ 1520. Þessi fullkomna alhliða ferðatölva er uppfull af möguleikum. Hún styður allar gerðir margmiðlunar og er með háskerpubreiddskjá, margmiðlunarhnöppum framan á, 2 MP innbyggðri vefmyndavél, langdrægu þráðlausu neti, Bluetooth®, DVD-RW og kortalesara sem les 8 gerðir korta.

Intel® Centrion® Duo örgjörva tækni með Intel® Core™2 Duo örgjörva.
Mikil afkastageta og betri nýting á rafhlöðu.



* FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc., Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fískislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindabjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaværslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargata 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martólvan / Litlu Brú 1, Höfn / Hornafirði / 478 1300





KOSIÐ UM STJÓRNARSKRÁ Meðlimur stjórnarskrárþings Bóliviu greiðir atkvæði með handauppréttingu á fundi þingsins í Oruro í gær. Stjórnarandstæðingar sniðgengu þingið og því var ný stjórnarskrá samþykkt. Hún fer nú fyrir þjóðaratkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Til stendur að fjölga starfsmönnum kalkþörungaverksmiðjunnar á Bíldudal:

Ekki reist á fölskum forsendum

BYGGÐAMÁL „Þetta hefur dregist svolítið en nú er þetta allt að koma,“ segir Guðmundur Valgeir Magnússon, verksmiðjustjóri kalkþörungaverksmiðjunnar á Bíldudal. Verksmiðjan var vígð í apríl síðastliðnum en fyrsti farmurinn af unnum kalkþörungum var útskipaður þaðan 7. nóvember.

„Auðvitað skilur maður það að heimamenn hafi verið orðnir óþreyjufullir að sjá aðeins kalkþörung sendan héðan óunninn en það má alltaf búast við einhverjum tölum á að verksmiðja komist í gang þegar er verið að hefja svona rekstur. Hjá okkur var það aðallega vegna vanhönnunar en það er búið að kippa því í lag að mestu. Við vorum nú bara að pakka 50 tonnum af unnum kalkþörungum fyrir skömmu.“

Aðspurður hvort írska fyrirtækið Celtic Sea Minerals, sem er stærsti eigandi verk-

smiðjunnar, hafi reist hana einungis til að fá aðgang að kalkþörungnum í Arnarfirði og leggi því litla áherslu á að hann sé unninn á Bíldudal segir hann það alls ekki rétt. „Það er frekar að með tímanum verði framleiðslan færð í auknum mæli hingað frá Írlandi,“ segir hann.

Enn er óunninn kalkþörungur sendur úr Arnarfirði til vinnslu á Írlandi. „Núna sendum við svona um 60 prósent unnið og 40 prósent óunnið en svo stefnum við að því að allt verði sent út unnið.“

Átta starfsmenn vinna í verksmiðjunni en Guðmundur Valgeir segir að til standa að fjölga þeim í framtíðinni.

GUÐMUNDUR VALGEIR MAGNÚSSON Verksmiðjustjóri með óunninn kalkþörung. Hann segir að írski fyrirtækið hafi ekki reist verksmiðjuna aðeins til þess að fá aðgang að kalkþörungum í Arnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN



RS
ROSSIGNOL
SNOWBOARDS

**Brettapakkar
20% afsláttur**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



BOÐSKAPURINN MEÐTEKINN Michael Mullen, flotaforingi og forseti bandaríska her-ráðsins, hlýðir á tülkaða ræðu á öryggismálaráðstefnunni í Barein í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin nálgist Íran

Þjóðaröryggisráðgjafi Íraksstjórnar hvetur Bandaríkjastjórn til að ræða við ráðamenn í Íran, vilji hún ná árangri í að stuðla að öryggi í heimshlutanum.

ÍRAK, AP Þjóðaröryggisráðgjafi Íraks, Mouwaffak al-Rubaie, sagði í gær að Bandaríkjastjórn yrði að gefa sig á tal við ráðamenn í Íran, vildi hún tryggja öryggi í heimshlutanum. Með þessu talar Al-Rubaie þvert á það sem bandarískri varnarmálaráðherra tjáði torgrygnum ráðamönnum Persaflóaríkja, en þar talaði hann um nauðsyn þess að þessi ríki tækju virkan þátt í að beita Íransstjórn þrýstingi.

Þessi ágreiningur endurspeglar vel hve erfið sú stefna er í framkvæmd sem Bandaríkjastjórn er að reyna að fylgja gagnvart Íran; einangra landið annars vegar og jafnvel hótta því að beita það hervaldi, og reyna jafnframt að fá Írana í lið með sér í

„Uns Bandaríkin fást af alvörðu við Íran er langtíma-öryggi í heimshlutanum í vafa.“

MOUWAFFAK AL-RUBAIE, ÞJÓÐARÖRYGGISRÁÐGJAFI ÍRAKS.

meira til að vekja áhuga Írana á að leggja sitt af mörkum til að stuðla að öryggi í Írak. „Uns Bandaríkin fást af alvörðu við Íran ... er langtíma-öryggi í heimshlutanum í vafa,“ sagði Al-Rubaie.

Bandaríkjastjórn hefur neitað að eiga nokkrar beinar viðræður við Írana um kjarnorkuáætlun þeirra uns þeir hafa hætt augðun úrans. Því hafa Íranar vísað á bug og segja stöðugt að kjarnorkuáætlun þeirra miði einvörðungu að friðsamlegri raforkuframléiðslu, ekki að þróun kjarnorkuvopna eins og Bandaríkjamenn og ýmsir bandamenn þeirra saka þá, Írana, um.

Leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna komust í nýbirtu skýrslu að þeirri niðurstöðu að Íranar væru ekki að vinna að kjarnorkuvígðingu. Þessi niðurstaða hefur grafið undan harðlínustefnu Bandaríkjastjórnar gagnvart Íran.

audunn@frettabladid.is

Toppasett 200 stykki í hjólatösku

Toppar 1/4" 4-14 mm, toppar 1/2" 15-32 mm, fastir lyklar, sexkantar, tangir og bitar í góðri áltösku á hjólum. Samtals 200 stykki. Sniðug jólagjöf.

Fullt verð 19.900 kr.

Safnkortshafar borga aðeins

9.900 kr.

auk 1000 punkta

x10

Safnkortstilboðin fást á þjónustustöðvum N1 og í verslun N1 Bíldshöfða 9.

Safnkort

N1

Tilboðið gildir til 31.01.2008 eða á meðan birgðir endast.

Fær fjölskylda þín endurgreiðslu?



„Við erum lítil og ánægð fjölskylda“



„Ég er mín eigin fjölskylda“

Fjölskyldan í ótal myndum



„Við erum stór og samheldin fjölskylda“

SPRON Fjölskylduvild ...

... er vildarþjónusta sem hentar fjölskyldunni í hvaða mynd sem hún er og er án endurgjalds.

Í fjölskylduvildinni getur fjölskyldan notið fjárhagslegs ávinnings í formi endurgreiðslu og fríðinda.

Skráðu fjölskylduna á spron.is fyrir áramót
og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

Endurgreiðsla og fríðindi sem munar um!

- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðarlána, erlendra lána, yfirdráttu og víxla.
- Sérkjör á tryggingum hjá VÍS
- 50% endurgreiðsla af debetkortaárgjöldum
- Vegleg inngöngugjöf, möguleiki á tómsunda-styrkjum og margt fleira

Hæsta endurgreiðsla á einstakling
í SPRON Fjölskylduvild fyrir árið 2006 nam 68.672 kr.!

75 ára



Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri
í síma 550 1400 eða á www.spron.is.

Gíraffinn 10 ára!

Einstakt afmælistilboð

Í tilefni af því að 10 ár eru liðin síðan Flex hóf framleiðslu á „gíraffa“ fyrir sandpappír, til að slípa sparsl á veggjum og í lofti, verða gíraffavörur á sérstöku tilboðsverði til 14. desember.

Með öllum Flex-gíröffum sem keyptir eru fram til 14. des., gefum við 1400W gripmattara, 1200W grip-hjámiðjuslípara, gíraffatösku og gíraffahúfu frá Flex.

Gildir meðan birgðir endast!



TBWA/REYKJAVÍK \ SÍA - 9071475

Aseta ehf
Tunguháls 17
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aset@aseti.is

ASETA



VOPNAÐAR Stefnt er að því að franskar orrustuþotur af gerðinni Mirage 2000 fljúgi eftirlitsflug hér á landi næsta vor. Þær fá ekki að æfa beitingu vopna hér á landi.

NORDICPHOTOS/AF

Franskar orrustuþotur verða vopnaðar

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra upplýsir að herþotur sem væntanlegar eru til landsins til æfinga verði vopnaðar. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir miður að ekki sé til sjálfstæð varnarstefna.

ALÞINGI Franskar orrustuþotur sem væntanlegar eru hingað til lands til eftirlits og æfinga í vor munu fljúga eftirlitsflug vopnaðar fallbyssum og flugskeytum. Þetta kom fram í svari Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra við fyrirspurn á Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði enga þörf fyrir boðaða komu erlendra orrustuþota. Hann spurði ráðherra hvort til stæði að þessar orrustuþotur bæru vopn, og þá hvernig vopn, og hvort beiting vopna yrði æfð.

Ingibjörg Sólrún sagði mismunandi eftir löndum hvort orrustuþotur sem stunda myndu eftirlitsflug yrðu vopnaðar. Breskar og bandarískar þotur flygju til dæmis óvopnaðar, en franskar og spænskar þotur bæru flugskeyti og hlaðnar fallbyssur á eftirlitsferðum sínum. Norskar og danskar þotur væru aðeins vopnaðar þegar þær flygju til móts við óþekkt loftför. Ingibjörg sagði að ekki yrði heimilt að æfa vopnabeitingu hér á landi.

Fastaráð Atlantshafsbandalagsins lagði áherslu á að yrðu þotur

sem hingað koma til eftirlits ekki vopnaðar yrðu vopn til staðar til að fullnægja varnarþörf, sagði Ingibjörg. Geymslur væru til staðar til að geyma vopnin flygju vélarnar óvopnaðar.

Steingrímur sagði miður að ekki væri til sjálfstæð varnarstefna, stjórnvöld settu það í hendur erlendum ríkjum hvort þoturnar yrðu vopnaðar. Ekki væri eftirsóknarvert að þessar flugvélar bæru vopn, enda líklegt að þær vildu bæði æfa lágflug og aðflug að flugvöllum.

brjann@frettabladid.is



Gáfaðar græjur

Nýju HP Photosmarttækin tala saman, milliliðalaust. Engin tölv! Þú einfaldlega tengir myndavélina beint í prentarann eða stingur minnskortinu í hann og prentar út myndirnar þínar.

OPIN KERFI
VERSLUN



SÖLU- OG ÞJÓNUSTUADILAR: Omnis - Reykjanesbæ, Akranesi, Borgarnesi • TRS - Selfossi Eyjatölvur - Vestmannaeyjum • Verslun Opinna kerfa - Reykjavík

SÖLUADILAR: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar - Húsavík • Hátíðni - Höfn • Kaupfélag Skagfirðinga - Saudárkróki • Netheimar - Ísafirði • A4 • Start tölvuverslun - Kópavogi • Tölvutækni - Kópavogi • Office 1 • Munus - Hafnarfirði • Snerta Island - Vogum

Stöðug aukning hefur verið í veltu á fasteignamarkaði hér á landi frá 2001:

Fasteignaverð hefur tvöfaldast síðan 2001

FASTEIGNAMARKAÐUR Stöðug aukning hefur verið í veltu á fasteignamarkaði hér á landi frá árinu 2001 með einni undantekningu þegar velta dróst saman árið 2006. Meðalverð fasteigna hefur



SVANUR
GUÐMUNDSSON

Þetta kemur fram í Húsum & lögum, fréttabréfi Fasteignamála.

Þegar veltan á þessu ári er skoðuð kemur í ljós að heildarvelta hveirrar viku á höfuðborgarsvæðinu er um sex milljarðar króna sem er svipað og veltan var að meðaltali á sama svæði á árinu. Meðalupphæð á hverjum kaupsamningi er á bilinu 33 til 37 milljónir króna. Það er meira en



UPPBYGGING Í VATNSENDÁHVERFI Mikil uppbygging á sér stað víða á höfuðborgarsvæðinu og á næstu misserum kemur fjöldi nýrra íbúða á markaðinn.

meðaltal ársins á höfuðborgarsvæðinu sem er rúmar 30 milljónir króna eftir því sem fram

kemur í fréttabréfinu. „Samkvæmt þessu er fasteignamarkaðurinn ekki að dragast saman.

Frekar getum við sagt að hann hafi verið nokkuð líflegur með aukningu í upphafi árs og góðum toppum innan ársins,“ segir þar.

Velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu hefur snaraukist frá 2001 til nóvemberloka 2007, eða úr 81 milljarði í 286 milljarða og er búist við að hún verði 310 milljarðar í heild nú í árslok. Samningar verða þó líklega ekki jafn margir og þeir voru metárið 2004.

„Menn eru að tala um samdrátt á fasteignamarkaði og að fasteignaverð hafi lækkað hér eins og á hinum Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum en það er ekki sjáanlegt samkvæmt þessum tölum,“ segir Svanur Guðmundsson, ritstjóri fréttabréfsins.

„Þó að bankarnir hafi dregið saman lánveitingar og hækkað vexti þá sést það ekki á þessum tölum hvað svo sem gerist í framhaldinu. Ekki er ólíklegt að fólk fari meira yfir í erlendu lánin enda eru þau hagkvæm með tililiti til verðbólguáhrifa á íslensku krónuna,“ segir Svanur.

Í öllum tilvikum er talað um veltu á höfuðborgarsvæðinu. - ghs



SKRIFAÐ UNDIR SAMNING Magnús Gunnarsson og Karl Sigurbjörnsson skrifuðu undir kaupsamninginn.

MYND/ÞRÓUNARFÉLAG KEFLAVÍKURFLUGVALLAR

Samningar undirritaðir:

Kaupa kirkju varnarliðsins

FASTEIGNIR Samningar um kaup þjóðkirkjunnar á kirkju og þremur íbúðum á varnarsvæðinu fyrirverandi á Miðnesheiði voru undirritaðir á miðvikudaginn.

Kirkjan var reist af Bandaríkjamönnum sem notuðu hana til að þjónusta hermenn og aðra starfsmenn liðs síns hér á landi. Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, hefur undanfarið haft aðsetur í kirkjunni að því er segir á heimasíðu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Það voru Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður félagsins, og Karl Sigurbjörnsson biskup sem skrifuðu undir samninginn. Kaupverðið er 155 milljónir króna. - gar

ÞÚ
GEFUR
STYRK!

styrkjum
geðheilsu
barna!

Sparisjóðurinn styrkir félagasamtök sem vinna starf sem snýr að börnum og unglingum með geðraskanir. Allir landsmenn geta lagt þessu góða málefni lið en Sparisjóðurinn leggur fram 1.000 kr. fyrir hönd hvers viðskiptavinar sem vill láta gott af sér leiða með því að styrkja félag innan söfnunarinnar. Farðu inn á spar.is eða komdu við á næsta afgreiðslustað Sparisjóðsins og gefðu þinn styrk.

www.spar.is



SPARISJÓÐURINN



SANGEAN

SANGEAN eru hágæða útvarpstæki. Frábær hljómgæði, skemmtileg hönnun og vandaður útvarpsmóttakari.



SANGEAN-WR-1 · Verð: 13.900,- kr.

FM/AM útvarp
Innbyggt loftnet – tengi fyrir aukaloftnet
Aux inngangur
Tengi fyrir heymartól
Faánlegt í viðarlit, Silfur eða svart



SANGEAN-WR-2 · Verð: 22.500,- kr.

FM/AM útvarp
Innbyggt loftnet – tengi fyrir aukaloftnet
Aux inngangur
Tengi fyrir heymartól
Faánlegt Silfur eða svart
Aðskilin bassa & diskant stilling
Fjarstýring



SANGEAN-WR-3 · Verð: 49.900,- kr.

FM/AM útvarp
CD / MP3 / USB
20 Stöðva Minni
Innbyggt loftnet - tengi fyrir aukaloftnet
Aux inngangur / Minnskortalesari
Tengi fyrir heymartól / Fjarstýring
Aðskilin bassa & diskant stilling



Klassa myndavél fyrir kröfuharða



NIKON S-510

- 8,1 milljón pixlar - 3x aðráttarlinsa
- VR hristivörn
- Hús úr ryðfríu stáli
- D-lighting - hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni

Verð kr. 33.900,-

OLYMPUS



Myndavél sem hefur fengið frábæra dóma.

OLYMPUS E-510 SLR-Double Zoom Kit

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Hristivörn í vél
- "Dust Reduction System" rykfrjár myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000—60 sec, Bulb
- Innbyggt flass. Hægt að bæta við auka Olympus flassi.
- 18 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið
- 3 ára ábyrgð

TVÆR LINSUR:
14-42mm & 40-150mm

Verð: 89.900,- kr.



JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar



VERÐTRYGGING!!

Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

MERGJAFÐ LEIKJASAFN

SAMSUNG

MERGJAFÐ HLJÓMGÆÐI Tónlistarbankinn þinn

Leggðu inn að vild og njóttu ávaxtanna!



- 3 litir og 3 stærðir
- Tónlistarspilari með útvarpi.
- Rafhlaðan endist í 25 klst.

Samsung YPK3F

Verð :

1 GB: 11.900,-

2 GB: 14.900,-

4 GB: 17.900,-



MESTA ÚRVAL LANDSINS AF STJÖRNUSJÓNAUKUM í Ormsson Smáralind

CELESTRON

Astromaster 70AZ
Stjörnusjónauki



Listaverð kr. 12.900,-
Tilboðsverð kr. 9.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160




Mínútu-grill fyrir mikla matgæðinga – 2 stærðir.
Verð kr. 10.900,-
(Minni stærðin)



Nýr og flottur 1200w blandari frá svissnesku snillingunum í SOLIS.
Verð kr. 19.900,-



Hágæða Espresso kaffivél. Fyrir fullorðna.
Verð kr. 29.900,-



KYNNIÐ
YKKUR
ÚRVALIÐ!



AEG

Espresso kaffivél sem bjargar deginum! Frábær vél – enda frá AEG.
Verð kr. 89.900,-



AEG

AEG AT260 Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi.
Verð kr. 5.990,-

TEFAL®



KLASSÍSKAR OG ÖFLUGAR HITAKÖNNUR - úr stáli.
Verð frá kr. 5.990,-

TEFAL®

JAMIE OLIVER
KANN AÐ META
GÆÐI



EDAL POTTAR OG PÖNNUR FRÁ JAMIE OLIVER OG TEFAL
Jólaverð frá kr. 5.600,-



AEG UPPVOTTAVÉLAR
JÓLAVERÐ:
Kr. 89.900 Stál · Kr. 79.900 Hvít



Færustu matreiðslumeistarar um allan heim velja ZWILLING hnífa - og ekki af ástæðulausu.



Úrvals hnífar - vönduð matargerð.



Þú býrð vel með Emile Henry. Komdu og kynntu þér úrvalið í þessari fallegu vöru.



Emile Henry
Flame



FRÁBÆR
FRÖNSK
LEIRVARA
Eftirsótt um alla Evrópu.



12 ORMSSON VERSLANIR
UM LAND ALLT

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA



Í GINI ÚLFALDANS Súdanskur úlfaldahirðir reynir að láta sér fátt um finnast þótt úlfaldinn sýni honum nokkuð gróf atlot á úlfaldamarkaðnum í Kartúm.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kynjamunur hefur minnkað í öllum greinum samkvæmt PISA 2006:

Kynjamunur er mestur á Austurlandi

MENNTUN Kynjamunur hefur minnkað í öllum greinum frá árinu 2003 og er ekki marktækur 2006 í náttúrufræði og stærðfræði. Innan náttúrufræðinnar eru piltar marktækt betri í eðlis- og efnafræði en stúlkur hafa meiri þekkingu á vísindalegri aðferð. Kynjamunur í náttúrufræði er áberandi mestur á Austurlandi 2006. Stúlkur standa sig þar mun betur en piltar. Þetta kemur fram í niðurstöðum PISA-könnunarinnar 2006.

Július K. Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, segir að kynjamunur hafi minnkað í öllum greinum á Íslandi milli

áranna 2003 og 2006 og sé ekki marktækur í náttúrufræði og stærðfræði. Kynjamunur í náttúrufræði sé áberandi mestur á Austurlandi þar sem stúlkur standi sig mun betur en strákar. Strákar standi sig hins vegar miklu betur en stelpurnar ef prófað sé á óhefðbundinn hátt.

„Við vorum með heimsins mesta kynjamun en höfum hann ekki lengur. Finnar eru nú með mesta kynjamuninn í lestri stúlkum í hag,“ segir hann.

Július hafnar þeirri gagnrýni á framkvæmd PISA að allir fimmtán ára nemendur á Íslandi séu bornir saman við úrtak í

öðrum löndum. Hann bendir á að þetta geri könnunina aðeins áreiðanlegri hvað Íslendinga varðar.

Lesskilningur fari tvímælaust versnandi hér. Strákarnir séu langt á eftir stelpunum þannig að með því að hífa þá upp myndi staðan snarbatna í samanburði við aðrar þjóðir. „Þetta er eitt-hvað sem við verðum að taka alvarlega og reyna að bæta,“ segir hann.

- ghs

FINNAR MEÐ MESTA MUNINN „Finnar eru nú með mesta kynjamuninn í lestri stúlkum í hag,“ segir Július K. Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar.



Gefðu sólargjöf...

Jólapakki 1 - Kanarí
4. janúar til 26. febrúar

Verð frá:

39.900* kr.

Verð frá 39.900 kr. á mann m.v. 2 í gistingu á Paraiso, Las Tartanas eða sambærilegri gistingu í 7 nætur. Aukavika: 15.000 kr. á mann, bókast á skrifstofu.

Jólapakki 2 - Kanarí
4. janúar til 26. febrúar

Verð frá:

44.900* kr.

Verð frá 44.900 kr. á mann m.v. 2 í gistingu á Roque Nublo, Montemar eða sambærilegri gistingu í 7 nætur. Aukavika: 18.000 kr á mann, bókast á skrifstofu.

*Gisting getur verið íbúð, stúdíó, smáhýsi eða hótélherbergi. Takmarkað sætaframboð og gisting í boði í hverja brottför - fyrstur kemur fyrstur fær.



www.plusferdir.is

Bókaðu strax á www.plusferdir.is





PLÚSERDIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100



LYFJAVERSLUN Lyfjagagnagrunnur landlæknis getur nýst á margvíslegan hátt. Lög takmarka notagildið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Notagildi upplýsinga takmarkað af lögum

Landlæknir telur mikilvægt að geymslutími dulkóðaðra persónuupplýsinga verði lengdur. Stuttur geymslutími takmarkar notagildi upplýsinga sem nýst gætu í almannabágu. Heilbrigðisráðuneytið hefur löginn til skoðunar.

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknir telur mikilvægt að geymslutími dulkóðaðra persónuupplýsinga í lyfjagagnagrunni embættisins verði lengdur. Geymslutíminn er þrjú ár sem takmarkar möguleika heilbrigðisstarfsmanna til að nýta upplýsingarnar í almannabágu. Málið er ekki til skoðunar hjá Persónuvernd en endurskoðun laganna er hafin innan heilbrigðisráðuneytisins.

Sigurður Guðmundsson landlæknir segir embættið hafi gert athugasemdir við að gögnum sé eytt eftir aðeins þrjú ár. „Það eru í raun engin haldbær rök fyrir því að eyða þeim eftir þennan tiltekna tíma og við spyrjum af hverju er verið að eyða þessum upplýsingum yfirleitt. Hverra hagsmuna erum við að gæta með því að eyða þeim?“

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að ekkert formlegt erindi hafi borist stofnuninni um breytingar á lögum um



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON LANDLÆKNIR

lyfjagagnagrunn landlæknis. Málið sé því ekki til skoðunar aðeins áfaraldsfræðilegum skilningi og því fyrir almenna heilsu fólks í landinu. Gagnagrunnurinn er notaður til að fylgjast með ávísunum lækna á ávanabindandi lyf og hugsanlegri misnotkun þar á. „Þetta er mun mikilvægara en eftirlitið og vegur mun þyngra fyrir heilsugæslu í landinu,“ segir Sigurður.

Einar Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu, segir að endurskoðun á lögum um lyfjagagnagrunninn sé hafin. „Lenging á varðveislu gagna er það sem stefnt er að.“

Ýmsar aðrar breytingar eru taldar æskilegar að mati landlæknisembættisins, til dæmis að skýra ákvæði laganna um almennt eftirlit með lyfjaávísunum lækna og um aðgang einstaklinga að eigin gögnum.

svavar@frettabladid.is

Fagfólk fær ekki fullnægjandi kennslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum:

Mikilvægt að þekkja einkennin

MENNTUN Enga heildstæða stefnu um kennslu varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og barnavernd er að finna innan háskólanna og virðist sem kennsla á þessu sviði sé að mestu háð áhuga þeirra kennara sem þar starfa. Hvergi var að finna umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á netinu, samkvæmt niðurstöðum könnunar Barnaheilla.

Í 32 námskeiðum í íslenskum háskólum var að einhverju leyti fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þar af voru sautján námskeið í Háskóla Íslands og fimm námskeið í Lögreglu-skóla ríkisins.

Barnaheill telur mikilvægt að mótuð verði

stefna í kennslu varðandi kynferðislegt ofbeldi, þar sem fagfólk á fyrrnefndum sviðum er í lykilhlutverki í forvörnum og fræðslu á þessu sviði, meðferðum og stuðningi við börn og foreldra þeirra og meðferðarúrræðum og refsingu fyrir gerendur. Því er mikilvægt að fagfólk þekki einkenni barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar Barnaheilla sem kynntar voru á hádegisfundum á miðvikudag. Könnunin var gerð sumarið 2007 á áherslum í kennslu á háskólastigi í menntamálum, félags- og heilbrigðismálum, dómskerfinu og í löggaeslu um kynferðislegt ofbeldi á börnum.

- eb

Allir fá þá eitthvað fallegt ...



Sannur jólaandi á aðventunni hjá Toyota

Starfsfólk Toyota Kópavogi er komið í jólaskap og býður þér að upplifa sannkallaða jólastemningu á Nýbýlaveginum og styrkja gott málefni í leiðinni.

Við bjóðum upp á rjúkandi heitt súkkulaði og smákökur og allir sem reynsluaka nýjum bíl geta unnið flugmiða fyrir tvo með Icelandair til Bandaríkjanna á Saga Business Class.

Það mikilvægasta er þó að við gefum 500 manns kost á að láta gott af sér leiða, sýna sannan jólaandi í verki og velja úr þeim gjöfum sem eru á staðnum, pakka inn og skilja eftir undir jólatrénu okkar með jólakveðju. Við komum gjöfunum svo til Mæðrastyrksnefndar Kópavogs fyrir jólin – og allir fá þá eitthvað fallegt.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

„ORÐRÉTT“

Hvað varð um oblát-urnar?

„Krakkarnir fá pizzur og snúða og auðvitað er öllum börnum á fermingaráldrinum velkomið að taka þátt þó þau tilheyri öðrum trúfélögum.“

SÉRA SR. KRISTJÁN BJÖRNSSON SÓKNARPRESTUR UM FERMINGAR-MÓT Í LANDAKIRKJU Í VESTMANNNA-EYJUM.

sudurland.is 5. desember

En í Rúmfatalagernum?

„Þetta var svolítið erfitt fyrst, aðallega þar sem eiginkonan neitaði að láta sjá sig með mér í Bónus.“

REYNIR TRAUSTASON, RITSTJÓRI DV, UM ÞAD ÞANN TÍMA ÞEGAR HANN BYRJAÐI AÐ GANGA MEÐ HATTA.

24 stundir 8. desember

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

FARBANNI EKKI FYLGT EFTIR

Skilur ekki eftirlitið

„Hvernig komst maðurinn úr landi, ef hann var ekki með vegabréf, nema þeir hafi ekkert tekið af honum vegabréfið?“ spyr Kristín Tómasdóttir, starfsmaður ÍTR, um mann sem grunaður var um nauðgun, en braut farbann lögreglunnar og fór úr landi.



KRISTÍN TÓMASDÓTTIR Starfsmaður ÍTR

„Hann var nýsloppinn úr gæsluvarðhaldi og var settur í farbann, sem á að vera einhvers konar lausn, en því virðist ekki vera fylgt eftir.“

Mér finnst mjög alvarlegt að menn sem grunaðir eru um glæpi – og mér þykir nú eiginlega alvarlegast að þessi maður er grunaður um kynferðislegt ofbeldi – geti þrátt fyrir farbann stungið af og fundist jafnvel aldrei aftur.

Ég skil ekki hvaða eftirlit er með þessu farbanni, því þetta er að gerast núna í annað sinn á stuttum tíma. Þegar menn eru settir í farbann þá er það ekkert að ástæðulausu. Ég get náttúrliga ekki fullyrt það en ég held að hann hefði ekki komist úr landi ef um manndrápsmál hefði verið að ræða.“

Hleypur um á þremur jafnfljóttum

Þegar læðan Ronja tekur á sprett er ekki að sjá að hún sé frábrugðin flestum köttum. Það er ekki fyrir en hún hægir á sér að hún byrjar að stinga við og maður tekur eftir að á hana vantar löpp.

Læðan Ronja er þriggja ára. Hún hefur verið heimilisköttur hjá Herði Sveinssyni og Kristínu Guðnadóttur í rúmt ár og er í miklu uppáhaldi hjá dóttur þeirra Lilju Berglindi og Leonharð, syni Harðar. Þar til í sumar var Ronja fjórfætt en hvarf sporlaust í sumar. Þrátt fyrir mikla leit fannst hún hvergi en skilaði sér í hús viku síðar. Við vorum auðvitað himinlifandi en tókum eftir að hún haltraði mikið,“ segir Hörður. Á mánudeginum var rokið með Ronju upp á Dýralæknastofu í Garðabæ þar sem kom í ljós að hún hafði hlotið ljótt brot á mjaðmagrind og að hægri afturlöpp hennar var illa brotin. Að öllum líkindum hafði hún orðið fyrir bíl.

Dýralæknirinn taldi að hægt væri að bjarga löppinni og Ronja fór því undir hnífinn. Í miðri aðgerð fékk Kristín hins vegar símtal. „Læknirinn hringdi og sagði að löppin væri mun verr farin en talið var,“ segir Kristín. „Við þurftum því að taka ákvörðun um það hvort það ætti að aflima eða svæfa hana.“

Eftir þónokkrar vangaveltur



RONJA Það er mikill leikur í Ronju. Þótt hún stingi við þegar hún gengur hleypur hún og stekkur eins og ekkert sé.

ákváðu þau að Ronja skyldi fá annað tækifæri. „Læknirinn fullvissaði okkur um að kettir gætu lifað góðu lífi þótt þá vantaði löpp,“ segir Kristín. „Ég hef aldrei átt kött með jafnmikinn karakter og Ronja. Hún hafði líka greinilega lagt mikið á sig til að komast aftur heim og átti skilið að halda lífi.“

Ronja þurfti að gangast undir aðra aðgerð þar sem löppin var fjarlægð. Hún þurfti því að dvelja nokkra daga á dýraspítalanum áður en hún kom heim, en heimilisfólkið var duglegt að heim-sækja hana á meðan.

Eftir heimkomuna var Ronja nokkuð framlág og átti erfitt með að fóta sig og hélt sig til hlés á meðan sárin greru. „Það hafði alltaf verið mikill leikur í henni og við vorum vissulega farin að hafa áhyggjur af því að hún yrði ekki söm,“ segir Hörður. „En dag einn stóð Ronja hins vegar á fætur, haltraði af stað og tók svo skyndilega á sprett eftir gólfinu. Og það var ekki að sjá á henni að á hana vantaði fót. Síðan hefur hún verið eins og hún á að sér að vera, leikur við hvurn sinn fingur og stekkur upp á stóla eins og ekkert sé.“

Ronja hefur ekki farið út eftir slysið og varð óttaslegin þegar hún sá bíla út um glugga. Nú hefur hún hins vegar safnað kröftum og kjarki og langar að fara út aftur en Hörður og Kristín ætla að bíða með að hleypa henni út þar til þau flytja bráðum í hverfi þar sem bílaumferð er minni.

Kristín segir að þótt mikið hafi reynt á bæði köttinn og heimilisfólkið hafi þolraunin verið þess virði. „Þetta háir henni lítið sem ekkert og eftir allt sem hefur

En lífið snýst ekki aðeins um pólitík hjá Drífu. „Ég er komin í jólaskepp enda er aðventan gengin í garð og hana ber að nýta í lestur góðra bók og að borða góðan mat með góðu víni. Nú er ég að klára bókina Óreiða á striga sem er þroskasaga Karítasar Jónsdóttur skráð af Kristínu Marju Baldursdóttur. Það er ánægjulegt að endurnýja kynnin við Karítas.“

En svo á dóttir mín afmæli um miðjan desember þannig að þá verður húsið fyllt af börnum, vinum og vanda-mönnum. Svo þegar það er afstaðið er best að spýta í lófana og svo allt verði klárt fyrir jólin,“ segir Drífa og er svo rokin aftur í annir stjórnmálanna.



MÁLFRÆÐI: UPPHRÓPUNAR-SPURNINGARMERKIÐ

■ Samskeyting upphrópunarmerkis og spurningarmerkis, kallað „interrobang“ á ensku, er lítt notað greinarmerki í enskri tungu sem sameinar hlutverk merkjanna tveggja. Bandaríkjaáðurinn Martin K. Speckter bjó merk- ið til árið 1962, vegna þess að hann taldi að auglýsingar myndu líta betur út ef það væri notað í stað þess að rita bæði upphrópunar- og spurningarmerki. Nafnið interrobang er búið til úr orðunum interrogatio, sem þýðir „ræðuspurning“ á latínu, og bang, sem er slanguryrði prentara yfir upphrópunarmerkið.



Í FADMI FJÖLSKYLDUNNAR Leonharð, Lilja Berglind og Hörður með heimilisköttinn Ronju, sem hefur fengið að reyna ýmislegt undanfarna mánuði. Á myndina vantar Kristínu Guðnadóttur.



NÝKOMIN HEIM Ronja var ekki ásýleg eftir aðgerðina og heldur framlág eftir að hún kom heim.

gengið á þykir okkur auðvitað enn meira vænt um hana.“

Hörður og Kristín hafa nú látið tryggja Ronju og vona að hún eigi eftir að vera hjá þeim mjög lengi. „Það er eins gott því

aðgerðin kostaði formúgu. Þetta er sjálfsagt einn dýrasti köttur í borginni,“ segja þau hlæjandi. „En hún er hværrar krónu virði.“

bergsteinn@frettabladid.is



Stofnfjárútboð SpHún

Sparisjóður Húnaþings og Stranda býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 723.653.846. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, en stofnfjáreigendur sem skráðir eru við upphaf útboðsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlutfallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útboðstímabilið er 10. - 17. desember 2007 og fellur áskrift í eindaga 31. desember 2007. Verð hværrar krónu nafnverðs í útboðinu er kr. 1,051465 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 760.896.691. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 1.249.810.647 og verður eftir hækkunina kr. 1.973.464.493, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útboðinu á heimasíðu Sparisjóðs Húnaþings og Stranda www.sphun.is og í afgreiðslum hans frá og með 10. desember 2007.

Sparisjóðsstjórn

Jakobína Björk Sigvaldadóttir dýralæknir gerði aðgerðina á Ronju:

Erfitt að hugsa sér fötluð dýr

Jakobína Björk Sigvaldadóttir dýralæknir gerði aðgerðina á læðunni Ronju í sumar en Kristín og Hörður ákváðu að Ronja skyldi fá að lifa eftir að Jakobína fullvissaði þau um að hún gæti lifað góðu lífi með þrjá fætur.

„Þrífættir kettir geta hlaupið, stokkið upp í tré og haga sér nánast alveg eins og heilbrigðir kettir með fjóra fætur,“ segir hún. „Þess vegna verður fólk að spyrja sig: „Er rétt að lóga ketti eða láta hann lifa með fötlun sem hann getur vel aðlagast?“ Ef við sjáum fram á að dýrið þjáist ekki og líði vel er ekkert því til fyrirstöðu að það hafi þrjá fætur.“

Órfáir kettir og hundar eru aflimaðir á hverju ári en þar sem lækisfræðinni hefur fleygt



JAKOBÍNA DÝRALÆKNIR

mikið fram tekst dýralæknum að bjarga sífellt fleiri löppum. Þegar aflimur er eina úrræðið segir Jakobína að yfirleitt þurfi að beita gæludýraeigendur svolitlum fötölum. „Fólk á erfitt með að hugsa sér fötluð dýr og við verðum að telja því trú um að dýrinu geti liðið vel þótt það missi fót. En í öllum tilfellum verður fólks steinhissa á hvað dýrin aðlagast vel.“

Jakobína segist hafa orðið vör við mikla hugarfarsbreytingu hjá gæludýraeigendum. „Áður var það viðtekin venja að svæfa dýr ef þau slösuðust eða veiktust. Nú vill fólk gera hvað það getur til að bjarga dýrunum sínum enda er svo margt sem hægt er að gera fyrir þau.“

- bs



HÁTÍÐAR TILBOÐ!

kæliskápar frá SEVERIN

SEVERIN raftækin eiga sér yfir 50 ára sögu á Íslandi og eru þekkt fyrir gæði. Hver þekkir ekki KA 5700 kaffivélina,  sem seld hefur verið hérlandis í tugþúsundatali?

Nú bjóðum við kæliskápa frá þessu þýska fyrirtæki á sérstöku kynningarverði!



Frá 49.876,-

KS 9850
Hæð 173 sm Hvítur



Frá 45.505,-

KS 9845
Hæð 145 sm Hvítur



Frá 35.910,-

KS 9840
Hæð 144 sm Hvítur eða silfurgrár



53.960,-

KS 9850
Hæð 173 sm Stál



29.925,-

KS 9883
Hæð 86,5 sm

Lægra gengi = lægra verð!



23.560,-

KS 9817
Kallir 76 l, frystir 10 l Hæð 84



15.960,-

KS 9813 50 l
Hæð 51

SEVERIN

www.ef.is


Öll verð miðast við staðgreiðslu

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is

Svona erum við

> Bíógestir á Íslandi.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBI-GREINING: AFRÍKUSAMBANDIÐ

Einingarsamtök 53 Afríkúríkja

Leiðtogafundur Evrópusambandsins og Afríkusambandsins fer fram nú um helgina í portúgölsku höfuðborginni Lissabon. Þetta er í fyrsta sinn í sjö ár sem fram fer slíkur allsherjarsamráðsfundur leiðtoga allra þeirra 80 ríkja, sem aðild eiga að báðum samtökum.

Hvað er Afríkusambandið?

Afríkusambandið (AU), er yfirþjóðlegt bandalag 53 Afríkúríkja. Það var stofnað árið 2001 sem arftaki Einingarsamtaka Afríku (OAU) og Efnahagsbandalags Afríku (AEC). Meðal langtímamarkmiða Afríkusambandsins er að koma á sameiginlegum gjaldmiðli (afró) og sameiginlegum her, sem og fleiri stofnunum sem annars eru aðeins á valdi þjóðríkja, svo sem sameiginlegri „ríkis“-stjórn. Markmið sambandsins er að hjálpa til við að tryggja lýðræði, mannréttindi og sjálfbærnan efnahag

Afríkúríkja, einkum og sér í lagi með því að binda enda á innbyrðis átök þeirra og með því að koma á fót skilvirkum innri markaði að fyrirmynd Evrópusambandsins.

Hver er forsaga sambandsins?

Sögulegar rætur Afríkusambandsins má rekja aftur til upphafs sjöunda áratugarins, þegar Bandalag Afríkúríkja var stofnað að frumkvæði Kwame Nkrumah, þáverandi forsætisráðherra Gana. Í kjölfarið fylgdu nokkrar tilraunir til að koma á einingu Afríkúríkja. Ein þeirra var stofnun Einingarsamtaka Afríku árið 1963 og önnur stofnun Efnahagsbandalags Afríku árið 1981. Gagn-

rýnisráddir sögðu Einingarsamtökin gera lítið til að verja réttindi afrískra borgara og voru samtökin oft kölluð einræðisherraklúbbur.

Hugmyndina að stofnun Afríkusambandsins má rekja til miðs tíunda áratugarins, þegar Muammar Gaddafi Líbýuleiðtogi hafði frumkvæði að því að ríkisstjórna- og þjóðarleiðtogar Einingarsamtaka Afríku undirrituðu Sirte-yfirlýsingu í september 1999, þar sem kallað var eftir stofnun Afríkusambandsins. Á framhaldsleiðtogafundum í Lome árið 2000 og Lusaka árið 2001 var stofnskrá Afríkusambandsins og framkvæmdaáætlun samþykkt. Afríkusambandið hóf formlega störf sem slíkt í Durban í júlí 2002.



SPURT & SVARAÐ

SMÁHÝSI HANDA UTANGARÐSFÓLKI

Heimili en ekki skýli

Velferðarráð Reykjavíkur hefur óskað eftir því að borgin finni hentugan stað fyrir færnanleg smáhýsi fyrir utangarðsfólk.

Björk Vilhelmsdóttir er formaður velferðarráðs. Hvers vegna smáhýsi fyrir utangarðsfólk? Þetta er úrræði sem hefur gefið góða raun erlendis. Húsunum verður úthlutað fólki sem gerir dvalarsamning í ákveðinn tíma þannig að þetta verður heimili fólks en ekki bara skjól.



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

Hvernig eru þessi smáhýsi? Þessi hús eru 26 fermetrar og þau eru sérhönnuð fyrir félagsbústaði. Þetta eru stálgrindarhús með gólfhlita svo í þeim er hlýtt og notalegt. Þarna er salernis- og eldunaraðstaða og lágmarks útbúnaður eins og borð, rúm og stólar.

Hvar er æskilegt að húsin verði staðsett? Það er ekki ólíklegt að þau verði sett niður á framtiðarbyggingarlandi borgarinnar. Við eigum efni í sex hús og eitt hefur þegar verið sett saman. Við vonumst til að finna stað fyrir þau öll.

Leynibrall í sextán stofnunum

Leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna eru sextán talsins, hvorki meira né minna. Þær hafa hver sinn sess innan bandaríska stjórnkerfisins og hver þeirra hefur sínu hlutverki að gegna.

Í síðustu viku sendu allar leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna frá sér sameiginlega skýrslu um kjarnorkumál í Íran, þar sem staðfest var að Bandaríkjamenn hefðu engar heimildir um að Íranar hefðu í hyggju að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Þeim fréttum fylgdu þau tíðindi að leyniþjónustustofnanirnar væru samtals sextán, sem væntanlega kom einhverjum á óvart því þegar talað er um leyniþjónustu Bandaríkjanna dettur flestum líklega ekki annað í hug en CIA, og kannski FBI líka.

CIA og FBI þekktastar

Leyniþjónustan CIA og alríkislögreglan FBI eru vissulega þekktastar þessara sextán stofnana. CIA er reyndar sú eina þeirra sem telst sjálfstæð stofnun vegna þess að hún heyrir ekki undir neitt ráðuneyti, en hinar heyrar allar undir eitthvert ráðuneytanna í ríkisstjórn Bandaríkjanna. Til dæmis heyrir FBI undir dómsmálaráðuneytið.

Hlutverk CIA og FBI er ólíkt því FBI fæst bæði við rannsókn glæpamála og við að greina hættu sem stafað getur af glæpastarfsemi, jafnt innlendri sem erlendri, meðal annars hryðjuverkastarfsemi. Verkefni CIA eru hins vegar einkum á erlendum vettvangi, felast í því að afla upplýsinga um önnur lönd og vera bandarískum stjórnvöldum til ráðgjafar um hættu sem stafað gæti að utan.

Umsvif varnarmálaráðuneytisins

Flestar leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna starfa hins vegar undir merkjum varnarmálaráðuneytisins. Þar má fyrst nefna leyniþjónustu varnarmálaráðuneytisins, Defence Intelligence Agency, sem hefur höfuðstöðvar í Pentagonbyggingunni og veitir bæði varnarmálaráðherra og yfirmanni herráðsins ráðgjöf.

Innan vébanda varnarmálaráðuneytisins eru auk þess þrjár stórar leyniþjónustustofnanir: Þjóðaröryggisstofnunin NSA, sem fylgist með og hlerar erlend boðskipti, meðal annars símtöl og netsamskipti, eftirlitsstofnunin NRO sinnir gervihnattanjósnum og landmælingastofnunin NGA sér um kortagerð og skylda starfsemi í þágu þjóðaröryggis.

Þar að auki hefur hver hinna fjögurra deilda bandaríska hersins, nefnilega sjóher, landher, flugher og landgönguliðar, sína eigin leyniþjónustustofnun.

Fleiri ráðuneyti njósna

Heimavarnaráðuneytið, sem stofnað var eftir áráðirnar á New York og Washington haustið 2001, hefur einnig umfangsmikla leyniþjónustustarfsemi innan sinna veggja og utanríkisráðuneytið er sömuleiðis með eigin leyniþjónustudeild sem hefur það hlutverk að greina margvíslega þróun á alþjóðavettvangi og vera utanríkisráðherra til ráðgjafar.

Sérstök leyniþjónustudeild er einnig í orkumálaráðuneytinu, sem safnar meðal annars upplýsingum um kjarnorkuögn og aðrar hættur sem tengjast orkumálum, og fjármálaráðuneytið fæst við að greina þær hættur sem stöðja að fjármálakerfi Bandaríkjanna og rannsakar einnig fjármögnun alþjóðlegrar glæpastarfsemi og hryðjuverka.

Þá er starfrækt leyniþjónustudeild á vegum bandarísku strandgæslunnar, sem heyrir undir heimavarnaráðuneytið, og sömuleiðis stundar fíkniefnalögreglan, sem ein og FBI heyrir undir dómsmálaráðuneytið, býsna víða-



YFIRMAÐUR LEYNIÞJÓNUSTUSAMFÉLAGSINS Michael McConnell, fyrrverandi herforingi, tók í febrúar síðastliðnum við störfum sem yfirmaður allra leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna. Á bak við hann má sjá fána með skjaldarmerkjum þessara stofnana.

STOFNANIRNAR SEXTÁN

Sjálfstæð stofnun

CIA Leyniþjónusta Bandaríkjanna (Central Intelligence Agency)

Dómsmálaráðuneytið

FBI Alríkislögregla Bandaríkjanna (Federal Bureau of Investigation) DEA Fíkniefnalögregla Bandaríkjanna (Drug Enforcement Administration)

Varnarmálaráðuneytið

Leyniþjónusta varnarmálaráðuneytisins (Defence Intelligence Agency) NSA Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (National Security Agency) NRO Eftirlitsstofnun (National

Reconnaissance Office)

NGA Landmælingastofnun (National Geospatial-Intelligence Agency) Leyniþjónusta sjóhersins Leyniþjónusta landhersins Leyniþjónusta flughersins Leyniþjónusta landgönguliðsins

Heimavarnaráðuneytið

Leyniþjónustustarfsemi heimavarnaráðuneytisins Leyniþjónusta strandgæslunnar

Utanríkisráðuneytið

Leyniþjónustudeild utanríkisráðuneytisins

Orkumálaráðuneytið

Leyniþjónustudeild orkumálaráðuneytisins

Fjármálaráðuneytið

Leyniþjónustudeild fjármálaráðuneytisins

forseta og meðráðherra hans þótti ástæða til að stokka upp í kerfinu, sem þótti hafa brugðist með því að geta ekki séð fyrir og komið í veg fyrir hryðjuverk af þessari stærðargræðu.

Nýtt ráðuneyti, heimavarnaráðuneytið, var stofnað strax árið eftir og snemma árs 2005 var svo stofnað nýtt embætti yfirmanns bandaríska leyniþjónustusamfélagsins, Director of National Intelligence, sem auk þess að hafa yfirumsjón með störfum stofnanna sextán er forseta og öðrum ráðamönnum Bandaríkjanna til ráðgjafar.

John Negroponte gegndi fyrstur manna þessu embætti en í febrúar síðastliðnum urðu mannskipti þegar Michael McConnell, fyrrverandi herforingi sem kominn var á eftirlaun, tók við af honum.



FRÉTTASKÝRING

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Góður hundur á gott skilið

- Hunda nammi (harðfisktöflur)
- Hunda bitafiskur
- Íslensk framleiðsla úr úrvals hráefni.

Fæst í Bónus



BONUS

PLEASE
PET NUTRITION

LANGERFIÐASTA ÚTKALL ÁHAFNAR TF-LÍF VAR RÉTT SUNNAN VIÐ SANDGERÐI FYRIR SÍÐUSTU JÓL.

Sjö aðframkomnum Dönnum af varðskipinu Triton var bjargað með ævintýralegum hætti úr öldum sem voru á við þriggja hæða hús í svartamykri.

ÍSLENDINGAR BJARGA DÖNUM

Í þessari bók lýsir áhöfn TF-LÍF og Danirnir sjálfir í fyrsta skipti opinberlega því sem gerðist. Björgunin var flókin og menn hugleiddu hvort verkefnið væri yfirleitt framkvæmanlegt. **Um tíma héldu sumir um borð að þyrlan færi í sjóinn.** Við fylgjumst með þyrluáhöfninni, ástandinu um borð í Triton, ótrúlegri leið gúmbátsins og því sem raunverulega gerðist um borð í Wilson Muga.


Einstök spenna og dramatík



Hörkuspennandi metsölubækur Óttars Sveinssonar um sanna atburði eru sívinsælt efni sem lesandinn leggur ekki frá sér fyrr en að lestri loknum. Hér fjallar hann um Dani í sjávarháská og Íslendinga sem komu þeim til bjargar á ögurstundu.

2. sæti

MBL 3.DES. 2007
- ALMENNT EFNI



Fyrir öll börn sem eru að missa tennur

Þessi skemmtilega bók er fyrir
alla forvitna krakka.

Bókin svarar með myndrænum
og einstaklega skýrum
hætti algengum spurningum um
tennurnar.



Tannlæknafélag Íslands mælir
eindregið með þessari bók.

Tannabox fylgir með til að
varðveita gömlu tennurnar.

ÚTKALL

Sími 562 2600

Leyniþjónustuskýrsla um kjarnorkumál Írans:

Tekið í nauðhemilinn

AUÐUNN ARNÓRSSON

Meðal umtöluðustu fréttu utan úr heimi í liðinni viku var að hinar sextán leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna hefðu komið að þeirri niðurstöðu í sameiginlegri skýrslu, að stjórnvöld í Íran ynnu ekki markvisst að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum og hefðu raunar hætt því þegar árið 2003. Þessi niðurstaða er í hrópandi mótsögn við málflutning George W. Bush forseta og annarra talsmanna Bandaríkjastjórnar í deilunni við Íran. Og reyndar í mótsögn við það sem þessar sömu leyniþjónustustofnanir hafa haldið fram á undanförunum árum. Sjálfur hefur Bush gengið svo langt að segja að þriðja heimsstyrjöldin sé fyrirsjáanleg og í henni muni Íran leika eitt aðalhlutverkið.

Eftir ófarirnar í Írak er ekki fjarri lagi að álykta, að leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna vilji nú freista þess að endurheimta trúverðugleika með því að sýna að þær láti ekki sitjandi ríkisstjórn misnota sig – lengur. En slík kúvendng á mati á meintrí kjarnorkuvígðæðingarhættu frá klerkunum í Íran kallar á frekari skýringar.

Lætur nærri að spyrja, hvort það sé ekki öryggis- og varnarmálaelíta Bandaríkjanna sem er að taka í nauðhemilinn til að freista þess að hindra að Bush forseti grípi til þess að ákveða að ráðast á Íran

Bandaríkjastjórn hefur á síðustu mánuðum lagt mikla áherzlu á að þrýstingur alþjóðasamfélagsins á Írana verði aukinn; auk þess að hvetja aðildarríki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna til að samþykkja enn strangari ályktun um refsiaðgerðir en þegar hefur verið gert, hefur Bandaríkjastjórn hert eigin einhliða refsiaðgerðir og látið skýrar í það skína að hún vinni að því að undirbúa sprengjuárásir á kjarnorkustöðvar Írana til að ljá kröfunum í þeirra garð meira vægi.

Frá bæjardyrum flestra Evrópubúa væru slíkar árásir á Íran ævintýralegt gönuhlaup og því hafa fæstir á þeim bæ velt því mikið fyrir sér. Í Bandaríkjunum er stemningin hins vegar allt önnur, og ekki hefur skort þar á orðróm um að ákvörðun um að Íranar yrðu beittir hervaldi sé skammt undan. Þó eru hernaðarsérfræðingar beggja vegna Atlantsála á einu máli um, að slík árás myndi hafa geigvænlegar afleiðingar, bæði fyrir Bandaríkin sjálf, öll Mið austurlönd og ekki sízt efnahagslíf heimsins. Erfitt er að ímynda sér afleiðingarnar af því að bæta við einum vígvellinum enn á þessum slóðum við Írak og Afganistan.

Undir þessum kringumstæðum lætur því nærri að spyrja, hvort það sé ekki einfaldlega öryggis- og varnarmálaelíta Bandaríkjanna, sem með skýrslunni nýju er að taka í nauðhemilinn til að freista þess að hindra að Bush forseti grípi til þess að ákveða að ráðast á Íran, skyldi hann vilja gera það áður en hann lætur af embætti að ári. Að minnsta kosti plantar sú niðurstaða, að Íranar stefni ekki að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum, efasemdum meðal bandarískis um að hagsmunum þeirra væri þjónað með enn einu hernaðarsævintýrinu í Austurlöndum nær.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
 FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN: 1670-3971.

Hitablásarar

Rafmagns-, olíu- og gasblásarar. Fjöldi tegunda. Hagstætt verð.



MURBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Opíð
 mán.-fös. kl. 8-18
 laugardaga 9-16

www.murbudin.is

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ferðamálin heilla fimmtíu
 Störf tengd ferðaþjónustu njóta vinsælda sem aldrei fyrr. Skemmst er að minnast gríðarlegar áskóknar í flugfreyjustörf í vor og nú hafa fimmtíu manns sótt um stöðu ferðamálastjóra, og það engir smá umsækjendur. Níu umsækjendur bera titilinn framkvæmdastjóri eða aðstoðarframkvæmdastjóri og fjórir eru forstöðumenn. Meðal annarra umsækjenda eru Ólafur



Ólafur og Súsanna þykja hins vegar harla ólíkleg til að hreppa hnossið. Þrír umsækjendur hafa helst verið nefndir í því sambandi, en allir eiga þeir bakgrunn úr ferðaþjónustu, sem þýkir væntanlega góður kostur. Þau eru Magnús Ásgeirsson, sem um árabíl stýrði skrifstofu Icelandair í París, Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálaráðs, og Dóra

Órn Haraldsson, sem nýverið lét af störfum sem forstjóri Ratsjárstofnunar, og rithöfundurinn Súsanna Svavarsdóttir.

Ólafur ólíklegur

Ólafur og Súsanna þykja hins vegar harla ólíkleg til að hreppa hnossið. Þrír umsækjendur hafa helst verið nefndir í því sambandi, en allir eiga þeir bakgrunn úr ferðaþjónustu, sem þýkir væntanlega góður kostur. Þau eru Magnús Ásgeirsson, sem um árabíl stýrði skrifstofu Icelandair í París, Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálaráðs, og Dóra

Magnúsdóttir, markaðsstjóri ferðamála hjá Reykjavíkurborg.

Langrækinn Árni

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reyknesbæ, býsnast í grein í 24 stundum á laugardag enn yfir ummælum sem Bjarni Harðarson lét falla á þingi á fimmtudag. Bjarni sagði Árna eiga hluti í Þróunarfélagi Keflavíkur og Keili, en leiðrétti sig skömmu síðar og bar við mismæli. Sár Árna gróa seint, að því er virðist, því tveimur dögum síðar kallar hann Bjarna enn lygara.



stigur@frettabladid.is

Lifandi Orðið

Umræðurnar um Biblíuþýðinguna að undanförunu sýna styrk kristninnar. Deilur um það hvort skrifað skuli um „bræður“ eða „systkini“, hvort Kristur sé „eingetinn“ eða „einkasonur“, hvort skrifað standi „þeir“ eða „þau“, „vér“ eða „við“ og svo framvegis – þessar umræður hljóta að vera kirkjunnar mönnum fagnaðarefni því að hvað sem öðru líður sýna þær að Biblían er hið lifandi orð en ekki dauður bókstafur. Biblían er texti sem er í sífellndri mótun og á í eilífri samræðu við það fólk sem hann notar.

Biblían er með öðrum orðum opinn texti – kristni er opið kerfi, sem er ein skýringin á velgengi hennar og þeirra þjóðfélaga sem gegnsýrd eru af henni, þó að hún sé fráleitt eina trúarkerfið sem þannig háttar um, eins og stundum mætti ætla af tali drýldustu talsmanna hennar: ýmis fjölgyðis-trúarbrögð, eins og til að mynda hindúasiður með Indverjum eða heiðinn siður Íslendinga hafa þennan opna og gagnvirka eiginleika líka svo að kerfið getur sogað allt í sig og tilbeiðslu-, kerfis- og leyndardómabörf manneskjunnar er fullnægt án þess að fólk þurfi að undirgangast boð og bönn úr allt öðrum veruleika á borð við bann við svínakjötsneyslu.

Samhengið í íslenskum bókmenntum

Fyrir utan bókstafstrúarmenn sem vilja breyta Biblíunni í nokkurs konar Kóran og nýhaldsmenn sem æpa felmráðir „pólitísk réthugsun!“ þegar þeir sjá virkilega ógnvænleg orð á borð við „systir“ þá hafa einkum guðfræðingar og málfræðingar tekið þátt í umræðunni um nýju Biblíuþýðinguna. Það er dálítið kynlegt hve lítið



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
 Í DAG | Guðs kristni í landinu

bókmenntafræðingar hafa tjáð sig um þessa þýðingu. Hvar eru nú allir þýðingafraeðingarnir? Margt ágætt fólk virðist hafa lagt hönd á plóg við gerð þýðingarnar – en voru bókmenntafræðingar, skáld og rithöfundar þar með í ráðum? Full ástæða hefði verið til þess. Biblían hefur nefnilega að geyma sjálft samhengið í íslenskum bókmenntum, frá Gunnlaugi munki og Brandi ábóta gegnum Odd Gottskálksson og Sveinbjörn Egilsson, til Gerðar Kristnýjar og Þórbergs, Svövu og Hannesar Péturssonar... svo fáein nöfn af handahófi séu nefnd. Allt fikt við stilsnið Biblíunnar gæti reynt varasamt. Ég kom í hús um daginn og skoðaði fyrstu síðuna í þessari miklu gersemi sem bókin er frá útgefandans hendi og tók strax eftir því að búið er að taka út flest öll „og“-in í upphafi fyrstu Mósebókar og rjúfa þar með flæðið sem verður strax til. En þegar ég fletti upp í Bréfi Páls til Korintumanna og bar í fljótheitum saman við eldri gerð virtist mér að samhenginu væri sýnd virðing og hjómandi málmur og hvellandi bjalla á sínum stað eins og hjá Oddi.

Raunalegar deilur

Viðtökurnar við Biblíunni eru eflaust gremjulegar fyrir aðstandendur því það er þreytandi að lesa

einungis misgáfullegt tuð eftir margra ára strit við eitthvað. En þær sýna styrk kristninnar. Stundum virðist manni að kirkjunnar menn átti sig ekki á þessum styrk, þeir tala eins og í eilífri nauðvörn. Hálf raunalegt hefur verið að fylgjast með deilunum um það hvort prestar skuli venja komur sínar í skóla og ræða við börnin um trúmál. Sennilega er það satt sem Stefán Pálsson sagnfræðingur sagði á vefsíðu sinni um daginn að slíkar heimsóknir hefðu ekki tókast forðum tíð, og að hér væri kirkjan að seilast inn á ný svið í trúboði sínu. Það er að vísu ekki að marka mig því að í mínum skóla kenndu þeir báðir séra Árelíus og Sigurður Haukur og báru hvor með sínum hætti fagurt vitni um kristin gildi, en þeir voru ekki þarna sem prestar, þannig lagad. Við búum kannski í fjölmenningsamfélagi – en umfram allt í sekulariseruðu samfélagi og almennt talað hlýtur það að vera í verkahring heimilanna að annast trúarlegt eða siðrænt uppeidi barnanna. Þegar foreldrar sem eru beinlínis andsnúnir kenningu kirkjunnar um til dæmis fórnardauða eða heilaga þrenningu – já eða meyfæðinguna – amast við trúboði kirkjunnar í skólum verður að sýna því fólk þá lágmarks virðingu að hlusta á þann málflutning í stað þess að hafa í frammí upphrópanir um að hann sé hatrammur. Tíð trúræðis á Íslandi er liðin. Nýlegar kannanir á frammistöðu íslenskra ungmenna í til dæmis náttúrufræði sýna líka að ekki veitir af því að verja tíma barnanna í það að fjalla um það sem mennirnir vita nú best um heiminn fremur en það sem einhverjir menn héldu einu sinni um heiminn...

Sannleikanum er hver sárreiðastur

UMRÆÐAN

Lóðaúthlutunar í Kópavogi

Bæjarstjóri Kópavogs gerir máttlitla til ábyrgðar vegna lóðaúthlutana í Vatnsenda-hlíð í Fréttablaðinu þann 7. desember. Mig langar að leiðrétta bæjarstjórnann í örfáum orðum. Í fyrsta lagi var fulltrúum Samfylkingarinnar aldrei boðið til neins af þeim undirbúningsfundum þar sem meirihlutinn flokkaði lóðaumsóknir, hvorki í fundargerðum, tölvupósti eða símtölum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar sáu tillögur meirihlutans í bæjarráði á föstudegi og höfðu laugardagsmorgun til að kynna sér málið þar sem boðað var til aukafundar í bæjarráði strax á mánudeginum. Þennan laugardagsmorgun sem við höfðum til að fara yfir umsóknirnar kallar bæjarstjóri fullan vinnudag. Ég veit ekki með hann, en ég vinn meira daglega en 4 klst. Á þeim fundi fórum við aðallega yfir þá sem voru EKKI í úthlutunarpottinum og miðuðust okkar tillögur við að fjölga þeim sem komu til greina við úthlutun.

Það var augljóst að við gerðum almennt ekki eins strangar kröfur um fjárhagsstöðu og meirihlutinn. Þannig var okkar huglæga og persónlega mat ekki eins og huglægt persónulegt mat meirihlutans. Það er mér reyndar til efs að það hefði skilað okkur



GUÐRÐUR
 ARNARDÓTTIR

einverri niðurstöðu þótt við hefðum sest saman yfir þessar umsóknir. Síðast þegar við settumst niður með það að markmiði að ná sátt um úthlutunarreglurnar endaði sá fundur með því að bæjarstjóri gekk á dyr með fúkyrdum. Hvers vegna? Jú við vorum ekki sammála. Við afgreiðslu bæjarstjórnar á úthlutuninni færðum við til bókar: „Enn er talsvert í land með að sú aðferð, sem hér er notuð við lóðaúthlutunir verði gegnsæ og sanngjörn. Vinnubrögð hafa batnað, en þau verða ekki víðunandi fyrir en reglurnar verða það skýrar að tryggt sé að hver og einn umsækjandi njóti sanmmælis. Við minnum þá á fyrri tillögur Samfylkingarinnar að breyttum úthlutunarreglum, þar sem m.a. er fjallað nafnlaust um umsóknir.“

Bæði í minni tíð og forvera minna hefur Samfylkingin lagt til að úthlutunarreglum Kópavogsbæjar verði breytt. Í tíð forvera Gunnars í stóli bæjarstjóra hafa bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar tekið þátt í lóðaúthlutunum og unnið af heilindum skv. gildandi reglum á hverjum tíma. En nú eru breyttir tímar. Gunnar Birgisson er stjórnmalamaður af gamla skólanum. Nútíma stjórnmalamenn hafa sagt skilið við fyrirgreiðslupólitík og sérhagsmunagæslu sem betur fer, það er líklega það sem bæjarstjórnin er svo ósáttur við!

Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Landskiptalög og stjórnarskrá

UMRÆÐAN

Dómsmál

Ímeira en sextíu ár hafa verið deilur um eignahlutföll jarðanna á Ytri-Sólheimum í Vestur-Skaftafellssýslu. Héraðsdómur, nr. E-723/2006, í málinu féll 27. sept. 2007. Dóminn er hægt að nálgast á vefslóðinni: <http://www.domstolar.is/domaleit/>

Ytri-Sólheimar eru vestast í Mýrdal og eiga þar allt land frá sjó til jökuls. Landið er mestanpart óskipt sameign nokkurra jarða sem eiga úrskipt slægjaland næst bæjunum. Þessi bæjaryrping er nefnd Sólheimatorfa. Ytri-Sólheimar eru frá fornu stór höfuðjörð og lítil hjáleiga. Stærðarhlutföll höfuðjarðar og hjáleigu hafa frá upphafi verið 92/23 (höfuðjörðin) og 7/13 (hjáleigan). Þó að land Sólheimatorfu sé að mestu óskipt eru eignahlutföll ljós.

Deilan á Sólheimatorfu snýst um að fyrir meira en sextíu árum sá eigandi Sólheimahjáleigu sér leik á borði að stækka eignarhlut sinn í Sólheimatorfu úr 7,33% í 15,5% á kostnað nággranna sinna án þess að gjald kæmi fyrir! Vorið 1941 setti Alþingi ný lög, nr. 46/1941, um landskipti. Dómkrafa stefnenda í héraðsdómsmálinu, nr. E-723/2006 var það eitt að viðurkennt væri með dómi að stefnendur væru eigendur að 25% af óskiptri sameign Sólheimatorfu. Héraðsdómur hafnaði dómkröfunni.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands í málinu er hlíðstæður við eftirfarandi dæmisögu: Tveir menn, Ari og Orri, eiga til helminga 100 hektara af óskiptu sameignarlandi. Þeir verða ásáttir um að skipta út einum hektara lands til hvors þeirra. Þannig að hvor fyrir sig á þá 49 hektara í óskiptu og 1 hektara af úrskiptu landi, samtals 50 hektara. Ari fékk sinn hektara á skjólsælum stað og ræktaði þetta úrskipta land sitt í aldingarö. Úrskipt spilda Orri er hins vegar á berangri og gerir hann engar landbætur á spildunni. Þegar hér er komið sögu er land þeirra félaga metið til fasteignaskattmats og hækkar heildarfasteignamat lands Ara mikið vegna landbótanna á úrskipta landinu. Þá eru sett lög í landinu sem kveða á um að eignahlutföll á sameignarlandi skuli fara eftir hinu nýja fasteignamati. Á grundvelli þessara nýju laga krefst Ari þess að hlutur hans í landinu sé skráður 70 hektarar og telur að svo sé samkvæmt hinum nýju lögum. Orri er ósáttur við að eignarhlutur hans á óskipta landinu hafi minnkað, úr 50% í 30%, fyrir þá sök að nággranni hans, Ari, ræktaði úrskipt land sitt!

Orri höfðar mál og krefst þess að sér verði dæmdur 50% eignarhlutur á óskipta landinu á þeirri forsendu að engir löggæringar hafi farið fram sem minnkað geti eignarhlut hans á óskipta landinu. Dómstóllinn hafnar dóm-

kröfu Orri og kveður Ara eiga skýlausan rétt, lögum samkvæmt, á að eignarhluti hans verði reiknaður samkvæmt hinum nýju lögum. Með því að auka verðmæti á úrskiptu landi sínu hefur Ari eignast hluta af landi Orri. Slík upptaka eigna er andstæð heilbrigðri skynsemi, réttlætiskennd þorra fólks og eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Frá fornu fari hafa jarðeignir á Íslandi ýmist verið stakar jarðir með afmörkuð landamerki eða sameignarjarðir; jarðartorfur með úrskiptum slægjum en sam-

eiginlegu beitalandi og öðrum landsnyttjum. Frá tólfu öld til þessa dags hafa eignahlutföll í slíkum jarðartorfum verið skilgreind samkvæmt fornu mati í

Sá sem afsalar hlut í jarðartorfur á ekki að geta afsalað stærri hlut en hann fékk sjálfur afsal fyrir.

jarðarhundruðum. Eignir færast frá einni hendi til annarrar fyrir arf eða skipti, svo og með kaupmála eða með kaupum eða gjöf. Ennfremur við eignarnám eða nauðungarsölu. Samkvæmt eignarréttarákvæðum stjórnarskrár-

innar á enginn að geta eignast annars fasteign að hluta eða öllu með öðru móti en hér hefur verið greint. Eignarhlutur í jarðartorfum ganga frá einni hendi til annarrar, með afsalsgerningum. Sá sem afsalar hlut í jarðartorfur á ekki að geta afsalað stærri hlut en hann fékk sjálfur afsal fyrir.

Í gögnum umrædds dómsmáls liggja fyrir glöggar heimildir um eignarhlut forvera stefnenda í Sólheimatorfu. Þar má nefna að Erlingur Brynjólfsson, afi Tómasar Ísleifssonar, kaupir 25 hndr. f.m. af Ytri-Sólheimum þ. 30. jan. 1905. Sami Erlingur veðsetur 25 hndr. f.m. úr Ytri-Sólheimum þ. 5. des. 1911.

Allt þar til landskiptalögin, nr.

46/1941, voru lögleidd dró enginn Mýrdælingur í efa að jörð þeirra feðga; Erlings og Ísleifs Erlingssonar væri fjórðungur Sólheimatorfu. Þáverandi eigendur hjáleigunnar eru þar meðtaldir. Þessi jörð er nú í höndum stefnenda og er eign jarðarinnar í óskiptri sameign Sólheimatorfu óskert. Eignarhluturinn í óskiptri sameign Sólheimatorfu hefur ekki verið rýrður með löggæringi; þ.e. sölu, gjöf, erfð eða fjárnámi.

Hlutur núverandi eigenda jarðar Erlings í óskiptri sameign Sólheimatorfu er því varinn af stjórnarskrá Íslands.

Höfundur er líffræðingur.



TÓMAS ÍSLEIFSSON

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Pata Degerman

Á VIT HINS ÓÞEKKTA



Er hægt að æfa fyrir hið óvænta?
Hvernig áttu að hugsa þegar þú veist
ekkert hvað þú ert að gera?

Desemberfundur Útflutningsráðs, miðvikudaginn 12. des. 2007, kl. 8:30-10:00

Morgunverðarfundur á Hilton Reykjavík Nordica

Finnski ævintýramaðurinn Pata Degerman hefur stýrt leiðangursmönnum á Suður-skautinu og í Himalayafjöllum, frumskógum Borneó og Amazon. Hann er einnig vinsæll fyrirlesari sem nýtir reynslu sína af erfiðum aðstæðum í þágu atvinnulífsins á sérlega skemmtilegan hátt.

Fyrirlestur hans er ætlaður stjórnendum sem vilja tileinka sér óhefðbundna hugsun, raunhæfa markmiðasetningu og nýjar leiðir til að bregðast við hinu óvænta.

Aðgangur ókeypis – boðið er upp á morgunverð.
Fyrirlesturinn er fluttur á ensku.

Nánari upplýsingar veitir Hermann Ottósson, forstöðumaður ráðgjafa- og fræðslusviðs, hermann@utflutningsrad.is eða Bergur Ebbe Benediktsson, bergur@utflutningsrad.is á skrifstofu Útflutningsráðs eða í síma 511 4000.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 · 105 Reykjavík · sími 511 4000 · fax 511 4040 · utflutningsrad@utflutningsrad.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasiðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Þessu hefðum við sjálfstæðismenn komið í gegn

UMRÆÐAN

Málefni Reykjavíkurborgar

koma austan úr sveitum, skautahlaup í mýrinni þar sem Sólvellir eru í dag og skíðabrun niður brekku þar sem Kaffi Krús er. Aldrei kveðst hún hafa farið að Ölfúsánni. „Þegar ég var lítil hélt ég að ljóti karlinn ætti heima við ána og var ekkert að þvælast þar,“ segir hún og bætir við. „Það er allt í lagi að hræða krakka með svona. Þau fara sér ekki að voða á meðan.“ Skátastarfið heillaði Margréti þegar hún varð eldri og sundlaugin eftir að hún var byggð. „Ég var í lauginni öllum stundum. Merkillegt að ég skyldi ekki leysast upp, segir hún hlæjandi.

Um 17 ára aldurinn fór Margrét suður í skóla og kveðst lítið hafa verið í gamla heimabænum eftir það enda hafi foreldrarnir flutt í Stykkishólmi. „Ég var samt ráðskona á sjúkrahúsinu á Selfossi í þrjú ár, strax eftir að ég útskrifaðist úr Hússtjórnarkennarskóla Íslands 1969,“ rifjar hún upp. „Nú þekki ég enga á Selfossi nema eldra fólk.“

Það var árið 1998 sem Margrét tók að sér skólastjórnina í hússtjórnarskólanum við Sólvallagötu. Hafði áður

kennt þar um tíma og einnig í nokkur ár við Menntaskólann í Hamrahlíð. Hún segir skólastjórnastarfið erilsamt en alltaf skemmtilegt. „Skólinn er ávallt fullsetinn sem betur fer og hér eru bara stelpur sem langar að læra. Flestar komnar um tvisugt, búnar að ljúka stúdentsprófi og koma hingað af áhuga. Það er gaman að kenna slíku fólk. Hér skapast yndislegur andi og ákafinn er mikill hjá stúlkunum að gera eins mikið eins og þær geta.“ Þar sem Margrét segir alltaf „þær“ er hún spurð hvort karlkyns nemendurnir séu óþekktir. „Nei, þrjár strákar hafa verið hér síðan ég byrjaði. Þeir hafa tekið þátt í öllu. Saumað sér buxur, þrjúnað lopapeysur og einn saumaði meira að segja skírnarkjól.“

Margrét er hamingjusamlega gift Sigurði Petersen og á þrjú barnabörn. Hún kveðst líta á sig sem lukkunnar þamfil. „Mér finnst ég ekki eldast hót. Ég er í skemmtilegu starfi innan um ungt fólk og þegar ég vakna á morgnana hlakka ég alltaf til að fara í vinnuna. Það er ekki hægt að biðja um meira.“

gun@frettabladid.is

Börnin dvelja og læra í Baugi

Nýr leikskóli var opnaður í Kópavogi á föstudaginn. Hann nefnist Baugur enda stendur hann við Baugakór. Hugmyndafræði hans tekur mið af starfsaðferð sem kennd er við Reggio Emilia á Ítalíu. Einkunnarorðin eru skynjun, uppgötvun, þekking. Miðað er við að 120 börn dvelji í Baugi í sex deildum. Þar af er ein deildin sérstaklega hönnuð fyrir allra yngstu börnin. Leikskólastjóri er Margrét Magnúsdóttir.

Við vígsluathöfnina léku félagar úr Skólahljómsveit Kópavogs undir stjórn Óssurar Geirssonar og kór leikskólubarna úr leikskólanum Baugi

söng nokkur lög undir stjórn Brynhildar Haraldsdóttur. Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri ávarpaði fullorðna og börn og Samúel Örn Erlingsson, formaður leikskólaneftdar, afhenti glaðning frá nefndinni og leikskóladeild Kópavogsbæjar. Dögg Gunnarsdóttir, formaður foreldrafélags Baugs, afhenti mynd sem táknar nafn skólans og einkunnarorð, samsetta úr teikningum eftir leikskólubörnin.

Loks klipptu þau Hákon Gunnarsson og Thelma Rós Héðinsdóttir á borða og séra Guðmundur Karl Brynjarsson blessaði húsið.



VÍGSLA BAUGS Hákon Gunnarsson og Thelma Rós Héðinsdóttir klipptu á borðann.

erum og verðum

ALLTAF ÓDÝRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3



- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer widescreen 5ms

119.950

UPPFÆRSLA B



Amd X2 4200+, MSI móðurborð, 1GB DDR2 minni, Geforce 6100 256MB skjástýring, hljóðk, netk. öff.

15.950

TURNUPPFÆRSLA 4



- Intel Core 2 Duo E6750
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB GeForce 8600GT

64.950

ACER 19" AL1916WA



19" LCD Acer tölvuskjár með 1440x900 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

17.950

ACER 22" AL2216WBD



Hágæða 22" LCD Acer tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

25.950

LOGITECH G9 MÚS



Logitech G9 er flottasta leikjamúsin á markaðinum í dag, stillanleg næmni og þyng, útskiptanleg grip

8.950

CREATIVE T3100



Öflugt 2.1 hátalarakerfi með tveimur 12W hátölurum og stóru 17W bassaboxi

5.750

500GB MARGMIÐLUNARSPILARI



ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunarspilari með LCD skjá, tengist við sjónvarp án tölvu, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

22.950

MP3 SPILARI



Flottur 1GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartölum

3.950

WD 320GB MYBOOK



Glæsilegur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúin til notkunar.

12.950

ACER ASPIRE 7520G - 40



- 1.9GHz AMD Turion 64 X2
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

109.950

CANON IP4500



Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

10.950

CANON LIDE 90



48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Litill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili

9.950

PAPPÍR Í MIKLU ÚRVALI



Prentaðu út jólakortin eða ljósmyndirnar sjálf/ur Pappír í miklu úrvali fyrir öll tilefni

@tt.is

BLEK Í MIKLU ÚRVALI



Hjá okkur er mikið úrval af bleki á frábæru verði í flesta HP og Canon prentara

@tt.is

4GB MINNISLYKILL



Corsair 4GB Usb lykill vatnspéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

3.950

SENNHEISER HD 202



Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól frábær hljómur frábært verð


2.750

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Þrátt fyrir um þessir myndir myndir og myndir



LITBRIGÐI GALDRANNA - TERRY PRATCHETT -

„EINN FYNDNASTI OG BESTI
RITHÖFUNDUR BRETLANDS”
THE INDEPENDENT

STUÐ MILLI STRÍÐA Simpsonar eru minnugri en menn

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR BÍÐUR APAPLÁNETUNNAR



Þökk sé framsæknunum japönskum vísindamönnum er loksins komið að því að heimsmynd okkar hrynji til grunna. Niðurstöðurnar eru óvægjanlegar:

barnungir simpansar eru minnugri en fullorðnir, mennskir háskólanemar. Nú verðum við einfaldlega að gerast grænmetisætur, öll sem eitt. Hver veit hvaða uppgötvun liggur handan við hornið? Kannski eru lömb betri en veðurfræðingar í ljóðagerð. Eða kannski eru naut tilfinninganæmari en óléttar konur. Þetta er allt óráðið enn, þó líklegt megi teljast að Japanar finni svörin innan skamms.

En að simpönsunum. Vísindamennirnir lögðu sumsé minnispróf fyrir simpansa og háskólanema. Aparnir stóðu sig betur en mennirnir í fjörutíu prósentum tilfella sem verður að teljast marktækt. Gagnrýnendur rannsóknarinnar hafa bent á ýmsar breytur sem hafi verið öpunum í hag og gætu því hafa valdið niðurstöðunum. Til að mynda munu aparnir, ólíkt mönnum, hafa fengið umbun þegar þeir stóðu sig vel í minnisþrautinni. Vera má að löngunin í þessa umbun hafi hleypt öpunum kapp í kinn, en ólíklegt verður að teljast að hún hafi beinlínis bætt minni þeirra. Vert er einnig að benda á að mennirnir gerðu sér líkast til flestir grein fyrir því að

verið var að mæla getu þeirra. Sú vissa kyndir oftast undir keppniskeppinu. Allt bendir til að í minniskeppni manna og apa hafi aparnir tekið okkur í nösina og fengið banaana fyrir.

Fyrir á árinu bárust fréttir frá Senegal þess efnis að þarlendir simpansar væru farnir að smíða sér vopn til að nota við veiðar. Merkilugar fréttir sem slíkar, en þegar þær eru lagðar saman við niðurstöður japönsku vísindamannanna fer gamanið að kárna. Simpansar eru minnugri. Þeir smíða vopn og beita þeim án þess að hika. Yfirráð þeirra eru óumflýjanleg. Við erum samt örugg á Íslandi, um sinn, því það eru ekki lengur apar í Blómavali.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SANTAFE

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- Öflugt fjórhjóladrif með 50/50 driflæsing
- 6 Öryggisloftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu undir rúðupurkum
- Tölvustýrð loftkæling
- Skriðstillir (Cruise Control)
- 17" álfelgur
- Fáanlegur 7 manna


Santa Fe beinskiptur, bensín 188 hö
Verð kr. 3.740.000

Santa Fe sjálfskiptur, dísel 150 hö
Verð kr. 4.190.000

Veglegur sportjeppi

Santa Fe er með mikið rými og er því eins og sniðinn fyrir fólk með lifandi áhugamál. Sjálft farangursrýmið er 969 ltr og því þykir farangursrýmið einstaklega gott. Þá er þessi veglegi sportjeppi aðeins búinn fyrsta flokks þægindum og kraftmiklum jeppaiginleikum og hefur sem dæmi 2 tonna dráttargetu. Komdu í reynsluakstur.

Santa Fe er bill ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga að mati Bandalagi Íslenskra Bílablaðamanna. Santa Fe er sönnun þess að Hyundai hefur gæðin.



Bill á mynd: Hyundai Santa Fe beinskiptur, bensín 288 hö verð kr. 3.740.000



Með bílinn handa þér

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

**Ath. kl. 19**

Áfram heldur hljóðritunum frá Schubert-hátíðinni sem haldin var í Arósum í sumar. Nú er aðeins eitt verk á dagskránni, Oktett í F-dúr eftir Shubert og er það Leipzig-kvartettinn sem flytur.

menning

menning@frettabladid.is

Bókaormar heiðraðir fyrir hugvit

Vefurinn Bókaormar BarnUng á vegum Kennaraháskóla Íslands var á meðal verðlaunahafa í keppni Evrópska skólanetsins um e-Learning Awards sem afhent voru við hátíðlega athöfn í Brussel þann 6. desember.

Bókaormarnir voru ásamt tólf öðrum verðlaunaverkefnum valdir úr hópi 563 verkefna frá 34 Evrópulöndum. Ormannna var sérstaklega getið í ræðu formanns dómnefndar sem dæmi um verkefni þar sem tækist að fá unga nemendur til að lesa og skrifa í lifandi námssamfélagi með stuðningi nýrrar tækni.

Bókaormarnir eru þróaðir af Torfa Hjartarsyni og Þorbjörgu St. Þorsteinsdóttur í samvinnu við Davíð Einarsson forritara. Á vef bókaormanna býst kennurum og öðrum áhugasömum að stofna glaðbeitta bókaorma þar sem nemendur skrá lesnar bækur, lýsa efni þeirra og fella um þær dóma. Ormannir eru öllum opnir til aflestrar og vaxa með hverri lesinni bók.

Hægt er að bera saman ýmsar tölur um orma og bekkjarhópa, titla og höfunda eða kalla upp færslur af handahófi til að lesa það sem börn og unglingar hafa fram að færa um einstakar bækur. Einnig má prenta út vinnublöð og myndir til að hengja á vegg í skólum.

Í nýrri útgáfu ormannna verður auk fleiri nýjunga hægt að birta



BÓKMENNTIR Vefur Bókaorma hlýtur viðurkenningu á meginlandinu í harðri keppni.

á vef og koma fyrir í verkhöppum nemenda textum og myndum eftir unga lesendur um ýmis efni tengd bókum og bóklestri. Bókaormarnir eru á vefslóðinni <http://bokaormar.khi.is>. - pbb

ÁST Í samstarfi við Vестurport
7. og 8. des uppselt
30. des
SÓNGLEIÐUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Ójólalegur Megas á aðventu í Norræna húsinu

Megas fór á kostum í jóladagatali Norræna hússins en daglega er opnaður gluggi klukkan 12.34 og fram sprettur einhver af okkar ágætustu listamönnum.

„Ég bit ekki. Komið nær,“ sagði Megas þegar hann steig á stökk um hádegisbil í Norræna húsinu við mikinn fögnuð tónleikagesta.

Norræna húsið er með dagskrá nú á aðventu sem kennd er við jóladagatal. Daglega er opnaður einn gluggi nákvæmlega klukkan 12.34 en hver gluggi hefur að geyma óvænta lifandi uppákomu af ýmsu tagi: Þannig hafa tónlistarmennirnir Gunnar Kvaran, þá Ingibjörg Guðjónsdóttir og Sólveig Anna Jónsdóttir komið fram auk þess sem úr glugganum hafa stökkið Ólöf Arnalds, Dari Dari Dance Company og boðið hefur verið upp á ljósmyndasýningu Marie Sjøvold. Á föstudag færðist svo fjór í leikinn því sjálfur Megas gekk út um gluggann og flutti nokkur lög. Var hann órafmagnaður með öllu, ekki einu sinni með gítarnögl og söng nokkur laga sinna við ljúft gítarplökk. Nokkur spenna ríkti með gesta því líklega er Megas ekki það fyrsta sem mönnum dettur í hug þegar jóladagatöl eru annars vegar. Frekar Helga Möller eða Bó. Enda flutti Megas ekki jólaög á þessum tónleikum heldur voru lög á borð við Tvær stjórnur, Litlir sætir strákar, Spáðu í mig og Vindlingar, viskí og villtar meyjar á efnisskránni.

„Nei, ekki er nú hægt að segja að Megas hafi verið mjög jólalegur. Rónalegur frekar. Var að syngja um sífjaspell og homma,“ segir einn gesta Norræna hússins spöskur á svip og kunnir sér ekki læti. Sagði þetta einhverja bestu tónleika sem hann hafði upplifað og taldi það syndsamlegt hversu margir misstu af þeim. Því Norræna húsið hefði rúmað fleiri en þá 20 sem létu



MEGAS Í JÓLADAGATALI „Ég bit ekki. Komið nær,“ sagði Megas við tónleikagesti sem létu ekki segja sér það tvisvar.

MYND/VÖLUNDUR

sjá sig. „En það er þeirra tap -- ekki mitt.“

Eins og vera ber, líkt og þema dagskrárinnar segir til um, ríkir nokkur leynd um hvað er í hverjum glugga um sig. Menn eiga ekki að kíkja í jólagluggana né háma í sig allt súkkulaðið í jóladagatölum á fyrsta degi.

„Það má þó ljóstra því upp að uppákomurnar eru ekki af verri endanum, margir af okkar vinsælustu listamönnum koma fram,“ segir Ellen Marie Fodstad verkefnisstjóri og leggur áherslu á að allir séu hjartanlega velkomnir. Segir þetta tilvalið til að komast um stund frá jólastressinu.

Verði atriðin af sama kaliberi og Megas á föstudag má hiklaust mæla með því að fólk láti sjá sig í Norræna húsinu nú í hádeginu og kíkja í gluggann.

jakob@frettabladid.is

Fasteignablaðið
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is

Saga sem aldrei má gleymast

„Sláandi frásögn af hræðilegum misgjörðum í garð saklausra barna.“

Nytt líf

„... vel skrifuð og einlæg bók sem segir blákalda sannleikann á hnitmiðaðan hátt.“

Guðröður Haraldsdóttir / Vikan

„... áhrifamikil bók.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan, RÚV

„Textinn er fagaður og án alls skrauts- aðeins blákalda sögur ... á brýnt erindi við samtímamann.“

Gunnar Hersveinn / Morgunblaðið



Fjólí Fífils

Fjólí Fífils er spæjari í teiknimyndastíl. Hann er heldur seinheppinn, en getur gripið til ýmissa spæjaralausna sem gætu komið sér vel í raunveruleikanum, en eiga bara heima í heimi ævintýranna. Fjólí Fífils: Skuggaúrið er fyrsta bók höfundarins Kristjönu Friðbjörnsdóttur. Með því að gefa bókinni nafn aðalsöguhetjunnar en láta undirtilitinn vísa til ævintýrisins gefur hún í skín að lesendur megi eiga von á frekari sögum af þessum seinheppna spæjara. Í sögunni sjálfri koma einnig fram vísbendingar í þá átt.

Sagan öll er í teiknimyndastíl, atburðarásin er hröð, persónurnar ýktar og fæst nafnanna á manna-nafnaskrá. Þar sem nöfn sögupersónanna eru lesandanum framandi hægir það nokkuð á lestrinum og gerir söguþráðinn allan flóknari. Ein aðalsöguhetjan er spænskætt-aður hamstur. Hann talar reiprennandi íslensku en skreytir hana gjarnan með spænskum orðum eða endingum. Kristjana leikur sér með málið og gerir söguna alla ærslafulla og myndræna. Það má þó spyrja sig hvernig ungum lesendum gangi að halda þræði í sögunni þegar glensíð í textanum er svo mikið.

Fléttan í sögunni gengur ágætlega upp, Fjólí Fífils tekst á við flókið sakamál sem finna þarf lausn á og hnyta alla lausa enda. Sakamálið sjálft er ærslafullt og flytur lesandann til fjarlæggra landa með ævintýrlegum hætti.



KRISTJANA FRÍÐBJÖRNS Gefur út sína fyrstu sögu

BÓKMENNTIR**Fjólí Fífils: Skuggaúrið**

Kristjana Friðbjörnsdóttir
Teikningar: Ingi Jensson

★★★

Fjörleg spæjarasaga í teiknimyndastíl.

Það er galsi í öllum texta og persónurnar einfaldar, lausar við flókið sálarlíf. Ingi Jensson myndskreytir bókina. Myndirnar eru alveg í anda textans, í teiknimyndastíl, ýktar og skemmtilegar. Ingi er reyndur teiknari og hefur fengist við myndskreytingar og teiknimyndagerð.

Hér er á ferðinni bók ætluð börnum sem geta lesið sjálf og hafa gaman af ærslafullum sögum og myndum texta. Bókin er hressandi lesning laus við allan boðskap, skemmtileg teiknimyndasaga í samfelldum texta.

Hildur Heimisdóttir



MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

**„Dásamleg lýsing á íslensku tónlistarlífi.
Bókin er stútfull af stórskemmtilegum
bransasögum.“**

Freyr Eyjólfsson / Rás 2

**„Helvíti hressandi, lífleg og skemmtileg
bók.“**

Dr. Gunni

**„Stórskemmtileg lýsing á ótrúlegum
ferli.“**

Logi Bergmann Eiðsson

**„Einar er skemmtilegur maður og það
er bókin líka.“**

Ólafur Páll Gunnarsson

„Lifandi og skemmtileg frásögn.“

Jónatan Garðarsson

**„Algjör snillingur
... vel skrifuð.“**

Valdís Gunnarsdóttir

**ÆVINTÝRALEG
ÖRLAGASAGA
EINARS
BÁRDARSONAR,
UMBODSMANNS
ÍSLANDS.**

JPV

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is



>VISSIR ÞÚ?

Leikkonan Queen Latifah þolir ekki þegar fjölmiðlar fjalla um kynhneigð hennar. Hún er samkynhneigð og stefnir brátt á hjónaband með kærustu sinni síðastliðin fjögur ár, Jeanette Jenkins.

fólk

folk@frettabladid.is



Garðar syngur fyrir kóngafólkið

Garðar Thor Cortes syngur fyrir Camillu Parker Bowles og Karl Bretaprins í dag þegar nýju skipi Cunard-skipasmíðafyrirtæksins verður gefið nafnið Queen Victoria í Southampton. Um er að ræða gríðarlega mikla sýningu og mun Katherine Jenkins einnig koma fram auk tveggja tenóra og Garðars.

Fastlega má gera ráð fyrir mikilli fjölmiðlaumfjöllun enda þykir bresku pressunni fátt jafnskemmtilegt og fréttir

STÓRVIBBURÐUR Garðar syngur fyrir Camillu Parker og Karl Bretaprins í dag þegar nýju skipi Cunard-skipasmíðafyrirtæksins verður gefið nafn.

af kóngafólkinu og hefur lagt það í vana sinn að túlka hverja hreyfingu og sér hvert brot á sinn einstaka hátt. Ekki er algengt að Camilla og Karl komi fram við svo opinberar athafnir og því verður kastljósinu eflaust beint að þessum umdeildustu hjónakornum Buckingham-hallar í háa herrans tíð. Reiknað er með því að athöfnin verði sýnd í beinni útsendingu á Sky-sjónvarpsstöðinni en það fékkst ekki staðfest.

Ekki lá fyrir í gær hvort Elísabet Bretadrottning eða synir Karls, Harry

og Vilhjálmur, yrðu viðstödd en það verður hins vegar að teljast afar líklegt að einhver af þeim mæti á svæðið. Yrði það þá síst til þess að minnka fjölda ljósmyndara. En í það minnsta er reiknað með því að forsætisráðherrann Gordon Brown og ríkisstjórn hans verði í hópi þeirra tvö þúsund fyrimenna sem fylgist með nafngiftinni og Garðari.

UMDEILD Hjónaband Karls og Camillu hefur alltaf verið á milli tanna á fólk í Bretlandi enda var hún ástkona Karls á meðan hann var giftur Díönu.



Þrír frelsarar hittust

Bæði núverandi og fyrrverandi leikarar í rokkóperunni Jesus Christ Superstar hittust í Borgarleikhúsinu fyrir skömmu í tilefni af frumsýningu nýjustu uppfærslunnar 28. desember.

Rokkóperan Jesus Christ Superstar, sem er eftir Andrew Lloyd Webber og Tim Rice, var fyrst sýnd hérlandis í Austurbæjarbíói árið 1973. Þá fór Guðmundur Benediktsson með hlutverk frelsarans en á væntanlegri sýningu í Borgarleikhúsinu bregður Krummi úr Mínus sér í það hlutverk. Leikstjóri er Björn Hlynur Haraldsson og með önnur stór hlutverk fara Jens Ólafsson, Lára Sveinsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson og Jóhann G. Jóhannsson.

Rokkóperan var síðast sýnd á Íslandi árið 1995 þar sem Pétur Guðmundsson, sonur Guðmundar Benediktssonar, lék aðalhlutverkið. Var hún sýnd fyrir fullu húsi og sáu hana um tuttugu þúsund manns, sem er svipaður fjöldi og sá fyrstu uppfærsluna 1973.

RÆDDU MÁLIN Steinþór Sigurðsson, sem hannaði leikmyndina árið 1973, Ragnar Hólmarsson leikmyndasmíður og Erna, kona Steinþórs, ræddu málin.



ÞRÍR FRELSARAR Frelsararnir þrír, Guðmundur Benediktsson, Krummi og Pétur Guðmundsson, báru saman bækur sínar.

PÉTUR OG UNNUR Pétur Einarsson, sem leikstýrði fyrstu sýningunni árið 1973 og er í kórnum í nýju sýningunni, hitti kollega sína í Borgarleikhúsinu. Með honum á myndinni er danshöfundurinn Unnur Guðjónsdóttir.



ALDREI BETRI Björgvin fór á kostum í Laugardalshöllinni þegar hann söng öll sín bestu jólalög.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga með 1800W mótör Verð áður kr. 24.600

Tilboð: **Kr. 15.990**

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:

- Hebafilter sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- Kolafilter sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- Parketbursti sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele heimilistækin.

**35%
AFSLÁTTUR**

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Jólasnjór hjá Bó

Björgvin Halldórsson blés til mikillar veislu í Laugardalshöllinni þegar söngvarinn hélt sína fyrstu jólatónleika.

Björgvin hélt þrenna tónleika um helgina, tvo á laugardeginum og eina á sunnudeginum. Óhætt er að segja að Bó hafi verið í miklu stuði en hann viðurkennir að hafa verið þínulítið stressaður fyrir þá fyrstu. „En það hvarf allt þegar ég sá að allt var á sínum stað,“ sagði Björgvin í gær, skömmu áður en hann hóf undirbúning fyrir sunnudagstónleikana. „Ég var því furðu

afslappaður og leið bara vel,“ bætir hann við.

Söngvarinn var himinlifandi með tónleikana á laugardeginum og segir þetta hafa verið ákaflega hátíðlegt. „Þetta var bara alveg æðislegt, troðfullt og allir stóðu sig með það mikilli þrýði að það vötnuðu hvarmar,“ útskýrir Björgvin sem var dyggilega studdur af tólf gestasöngvurum, barnakór, Gospelkór Reykjavíkur, 20 manna strengjasveit og úrvalsliði annarra tónlistarmanna. „Þetta var mjög heimilislegt og fólk tók vel á móti okkur,“ segir Björgvin en hápunktinum var náð þegar tók að snjó á sviðinu. - fgg



MÚGUR OG MARGMENNI Rúm sex þúsund manns lögðu leið sína í Laugardalshöll á laugardaginn þegar Björgvin Halldórsson hélt tvenna jólatónleika.



HITÁÐ UPP Þeir Sigurður Flosason, Björn Thoroddsen og Jón Rafnsson komu tónleikagestum í rétta jólagirnin.



Í HÖLLINI Guðmundur Sigurjónsson og Aðalbjörg Guðmundsdóttir skemmtu sér vel í Höllinni.



SIGRÚN, EGILL OG LJLJA KRISTÍN Sigrún, Egill og Lilja Kristín voru í hátíðarskapi í Laugardalshöllinni.



ANNA OG GULLA Voru meðal þeirra þrjú þúsund gesta sem lögðu leið sína í Höllina á fyrri tónleika Björgvins.

Ein magnaðasta Rokksveit Íslandsögunnar

LET BLACK JOE

með Pál Rósinkrans í broddi fylkingar

Í Laugardagshöll þann 16. maí ásamt félögum úr Gospelkór Reykjavíkur undir stjórn Óskars Einarssonar, einnig koma fram fjöldi söng & gestahljóðfærarleikara.



Forsala miða hefst: Þriðjudaginn 11. desember kl. 10.00 á midi.is, Skífunni & verslunum BT úti á landi.

Tryggðu þér miða í tíma á þennan einstaka viðburð, takmarkað magn miða í boði. Miðaverð, A svæði kr. 6900 - B svæði stúka kr. 5900

higher and higher - rain - i know - oh happy day - have i told you - mrs. robinson

Forsala
hefst á morgun



Flottar myndavélar. Flottari jólagjafir.

LOMO myndavélar eru frægar fyrir sérkennilegt útlit og öðruvísi myndir.



HOLGA

Kr. 7900



DIANA+

Kr. 7900



LOMO ACTION SAMPLER

Kr. 4900



LOMO POP4 - Tekur 9 myndir í einni

Kr. 4490



LOMO FISHEYE 2

Kr. 6900



LOMO SUPER SAMPLER

Kr. 7900

lomography

www.hanspetersen.is

» Laugavegur 178 105 Reykjavík Sími 412 1840
» Bankastræti 4 101 Reykjavík Sími 412 1810
» Kringlan 103 Reykjavík Sími 412 1830
» Smáralind 201 Kópavogur Sími 412 1870
» Fjörður 220 Hafnarfjörður Sími 412 1820



HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár



Jólatilboð Brimborgar

FORD ESCAPE XLS AWD

Verð 3.270.000 kr.*

2,3i 153 hð 206 Nm

Sjálfskipting

CO2 losun 205 g/km

Eyðsla í blönduðum

akstri 9,9 l/100 km

Ammrískur jólasveinn kemur við í Brimborg

Sveinki lækkar gengi dollars svo um munar. Ford Escape lækkar um tugi þúsunda íslenskra jólafróna. Komdu núna í Brimborg. Þú færð að auki 90.000 króna jólapakka í formi gæða vetrardekkja frá Nokian. Og sumardekkinn í skottið. Verðmæti dagsins eru 170.000 íslenskar jólafrónur. Komdu og heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg.

**Tugir þúsunda íslenskra jólafróna í jólagjöf
Heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg**

Jóladollarinn lækkar og lækkar:

- Tugir þúsunda í verðlækkun: 80.000 íslenskar jólafrónur
- Finnisk gæða vetrardekk frá Nokian: 80.000 íslenskar jólafrónur
- Undir bílinn: 10.000 íslenskar jólafrónur
- Sumardekkinn í skottið: verðmæti alls, tugir þúsunda

Skoðaðu jólasveinatilboðið á Ford Escape XLS AWD: 2,3 lítra, 153 hestafla, sjálfskiptan jólapakka á aðeins **3.270.000** íslenskar jólafrónur. Plús vetrardekkinn. Var áður 3.350.000 kr. Verðmæti vetrardekkja **90.000** íslenskar jólafrónur.



Öruggur staður til að vera á

> Dregur orð sín til baka

Einar Jónsson, þjálfari toppliðs Fram í N1-deild kvenna handbolta, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann harmar ummæli þau sem hann lét falla að loknum leik Fram og Stjörnunnar á fimmtudaginn. „Ummæli mín í garð dómara eftir leikinn áttu engan rétt á sér og ég harma þau. Ég dreg þau hér með til baka og bið dómara leiksins afsökunar á þeim. Lífi handboltinn, Virðingarfyllt, Einar Jónsson, þjálfari Fram,“ segir í yfirlýsingu frá Einari.



sport
sport@frettabladid.is

MARÍA BJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR: FYRRVERANDI LANDSLIÐSMARKVÖRÐUR TEKUR HANSKANA AF HILLUNNI

Hef ekki ennþá orðið Íslandsmeistari

KR-konur fengu mikinn liðstyrk á föstudaginn þegar fyrrverandi landsliðsmarkvörðurinn María Björg Ágústsdóttir tók hanskana af hillunni og ákvað að spila með liðinu næsta sumar. María Björg hefur ekkert spilað síðan sumarið 2005.

„Ég er búin að búa erlendis í fimm ár og hef verið þar í námi. Ég var fjögur ár í Boston og síðan eitt ár í Englandi. Í rauninni gafst ekki tækifæri til þess að spila fótbolta því ég var ekki á Íslandi en svo leyfði námið það ekki heldur,“ segir María Björg sem var á fullu í Harvard-skólanum, með KR og í landsliðinu í nokkur ár og það reyndi mikið á. „Þetta var rosalegt álag og orðið svolítið mikið með námi. Þetta var fín pásá en ég flutti heim til Íslands í ágúst og er búin að koma mér fyrir hér,“ segir María Björg sem hefur eitt ákveðið markmið. „Ég ákvað að

taka eitt ár í viðbót ekki síst vegna þess að ég hef ekki ennþá orðið Íslandsmeistari í meistaraflokki. Ég verð að ná því áður en ég hætti,“ segir María Björg sem á að baki 80 leiki með Stjörnunni frá 1997 til 2003 og spilaði síðan 16 leiki með KR 2004 og 2005. Hún var orðin aðalmarkvörður Garðabæjarliðsins aðeins fimmtán ára gömul. María hefur ekki spilað mikið fótbolta undanfarin tvö ár en áhuginn kviknaði aftur í Englandi.

„Það var þjálfaralaust áhugamannalið í Oxford sem ég spilaði aðeins með og það voru eiginlega stelpurnar í því liði sem fengu mig til þess að fá

áhugann aftur. Eftir að hafa spilað með þeim nokkra leiki og þá hugsaði ég hvort ég ætti ekki að gefa þessu tækifæri aftur,“ sagði María Björg sem hjálpaði meðal annars Oxford-skólanum að leggja erkifjendurna í Cambridge í vítakeppni í hinum fræga Varsity-leik. María hefur leikið 37 leiki fyrir íslenska landsliðið og þar af sjö fyrir A-liðið en hún var varamarkvörður Þóru Bjargar Helgadóttur í mörg ár. „Landsliðið er bara bónus. Ég myndi ekki segja nei ef ég væri valin en það er ekki í sjálfu sér markmiðið að komast aftur í landsliðið. Markmiðið er bara að verða Íslandsmeistari og ég er búin að segja öllum það. Ég hef aldrei verið jafnákveðin í því að vinna þennan titil,“ segir María Björg að lokum.



ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta

Fram – HK 29-28 (13-16)
Mörk Fram: Einar Ingi Hrafnsson 7 (7), Halldór Jóhann Sigfússon 5/2 (11/2), Filip Kliszczyk 5 (12), Jóhann Gunnar Einarsson 5/2 (15/3), Rúnar Kárasón 4 (7), Hjörtur Hinriksson 2 (2), Jón Þorbjörn Jóhannsson 1 (1), Guðjón Finnur Drengsson (1)
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 17/1 (45/3) 37,8%

Hraðaupphlaup: 7 (Einar Ingi 5, Jón Þorbjörn, Rúnar)
Fiskuð víti: 5 (Kliszczyk 2, Einar Ingi, Jón Björgvin, Halldór)

Után vallar: 8 mínútur
Mörk HK: Augustas Strazdas 7 (9/1), Tomas Eitutis 6 (10), Ólafur Bjarki Ragnarsson 5 (9), Gunnar Steinn Jónsson 3/2 (4/3), Árni Björn Þórarinnsson 2 (4), Ragnar Hjaltsted 2 (5), Sergei Petraytis 1 (2), Arnar Þór Sæþórsson 1 (2), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (2)

Varin skot: Egidijus Petkevicius 18/1 (47/5) 38,3%

Hraðaupphlaup: 5 (Strazdas 2, Ragnar 2, Árni Björn)
Fiskuð víti: 4 (Petraytis 2, Eitutis, Sigurgeir Árni)
Után vallar: 10 mínútur

STAÐAN Í DEILDINN

Haukar	13	9	3	1	369-317	21
HK	12	8	1	3	338-294	17
Fram	12	8	1	3	341-311	17
Stjarnan	12	7	1	4	358-328	15
Valur	11	6	2	3	295-265	14
Akureyri	13	2	2	9	336-361	6
Afturelding	12	2	2	8	299-318	6
ÍBV	13	1	0	12	324-466	2

NÆSTU LEIKIR

Afturelding-Valur	Pri. 11. des. 20.00
HK-Haukar	Fös. 14. des. 19.15
Valur-Fram	Fös. 14. des. 20.15
Akureyri-ÍBV	Lau. 15. des. 15.00
Afturelding-Stjarnan	Lau. 5. des. 16.00

Rúnar kláraði þetta fyrir okkur

Frábær innkoma Rúnar Kárasónar sá til þess að Fram hirti bæði stiginn í 29-28 sigri á HK í slagnum um annað sætið í N1 deild karla. Liðin eru eftir leikinn jöfn fjórum stigum á eftir toppliði Hauka.

HANDBOLTI Fram og HK buðu upp á stórskemmtilegan og fínan handboltaleik sem Fram vann, 29-28, í uppgjöri liðanna um annað sæti N1-deildar karla. Liðin eru nú jöfn að stigum með 17 stig, fjórum stigum á eftir Haukum en eiga bæði einn leik til góða.

Það sást glögglega á báðum liðum að mikið var í húfi enda mættu bæði lið ákveðin til leiks. Leikurinn var harður frá fyrstu mínútu og spennan í leiknum alltaf mikil. Gestirnir úr Kópavoginum náðu þó góðum spretti undir lok fyrri hálfleik og fóru með þriggja marka forystu inn í hálfleikinn, 13-16.

Fram náði að jafna metin snemma í seinni hálfleik, 19-19, og komast yfir, 21-20. Þá skoraði HK fjögur mörk í röð en Fram svaraði því með fjórum mörkum og komst aftur yfir, 25-24. Þegar rétt rúmlega þrjár mínútur voru til leiklokanna náði Fram tveggja marka forystu, 28-26. HK minnkaði muninn í eitt mark en Rúnar Kárasón sem átti frábæra innkomu í leikinn undir lokin þegar hann skoraði fjögur af sjö síðustu mörkum Fram auk þess að fiska vítakast sem Halldór Jóhann skoraði úr kom Fram aftur tveim mörkum yfir úr langskoti þegar hálf mínúta lifði leiks.



PEYSUTOG? Framarinn Jóhann Gunnar Einarsson rifur hér peysu Ragnars Hjaltsted í liði HK. Hann slapp þó með brottvísun.

Annar efnilegur leikmaður, Ólafur Bjarki Ragnarsson, minnkaði muninn fljótt í eitt mark en Fram hélt boltanum það sem eftir lifði leiks og vann mikilvægan sigur í toppbaráttunni.

Björgvin Páll Gústavsson fyrr-

um leikmaður HK og góður markvörður Fram átti fínan leik en leikir gegn HK snúast um meira en 2 stig fyrir hann. „Þessi leikir snúast líka um stoltið og að sýna HK að það var rangt af þeim að láta mig fara á sínum tíma. Þetta er

mitt gamla félag en ég er Framari í dag. Það var frábært að vinna þetta lið. Þeir eru með sterkt lið og hafa haft gott tak á okkur í síðustu leikjum. Þetta er aðeins annar sigur okkar á HK þau tvö ár sem ég hef verið hér.“

Björgvin var fljótur að hrósa Rúnar Kárasyni fyrir frábært framlag hans í hægri skyttunni undir lokin í leik þar sem helsta stjarna Fram, Jóhann Gunnar Einarsson náði sér ekki á strik.

„Rúnar kemur inn í lokin og klárar þetta fyrir okkur upp á sitt einsdæmi nánast. Hann er frábær í þessum leik. Við erum með lykilmenn í meiðslum en við erum með menn á bekknum sem kom inn og klára þetta. Við erum í raun allir þreyttir í lokin nema Rúnar og erum alltaf að skora erfið mörk.“

„Það hefði verið hrikaleg erfið að elta HK og Hauka hefðum við tapað þessum leik. Það var gríðarlega mikilvægt að sigra þennan leik. Þessi leikur var upp á líf og dauða. Mikilvægast leikurinn okkar hingað til. Það eru fjögur til fimm lið sem geta orðið meistarar og við eigum hvern toppleikinn af fætur öðrum sem vinnast með einu marki sem sýnir hvað deildin er skemmtileg og spennandi í ár,“ sagði Björgvin Páll í leiklok.

-gmi

Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir er á leiðinni til Ítalíu í vikunni:

Mætir vinkonu sinni í Róm

BADMINTON Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir á eftir að keppa á tveimur alþjóðlegum mótum áður en árið er á enda og það fyrra hefst í Róm á Ítalíu í vikunni.

Ragna tekur þátt í VII Italian International sem fer fram 11.-14. desember. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni og gefur stig á heimslista Alþjóðabadminton-sambandsins.

Mótið á Ítalíu er mjög sterkt og þar eru mun öflugri keppendur en á mótinu í Wales á dögnum um þar sem Ragna varð að setta

sig við að detta út úr fyrstu umferð. Það reynir strax á okkar konu í fyrstu umferð því hún mætir þá vinkonu sinni og ferðafélaga Kati Tolmoff frá Eistlandi.

Þær Ragna og Kati hafa ferðast mikið saman undan-



STERKT MÓT Ragna Ingólfsdóttir fær krefjandi verkefni í Róm.


FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

farið ár og tekið þátt í tvíliðaleik saman á móti á Kópavogi þar sem þær enduðu í öðru sæti. Ragna og Kati hafa mæst þrisvar í einliðaleik á alþjóðlegum mótum, tvisvar hefur Ragna sigrað og einu sinni Kati. Kati er þó ofar á heimslistanum en hún er númer 48 og Ragna er númer 57.

Ragna sló Kati út í undanúrslitunum á Iceland Express-mótinu á dögnum og sagði þá eftir sigur sinn á mótinu að það hefði verið eini leikurinn sem hún var stressuð fyrir.

-66j

www.rainbow.is



Enginn filter - Frí heimsending

VERÐ: 12.900

Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf

Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800

Microsoft samningur og frír HP netþjónn

Með hverjum 10 Microsoft leyfum* fylgir nú HP ProLiant ML150 netþjónn frítt með, ásamt uppsetningu!

10+

Einstakt tilboð til áramóta

*nánar á <http://www.ok.is/microsoft>

OPIN KERFI

Opin kerfi ehf. • Höfðabakka 9 • 110 Reykjavík • Sími 570 1000 • Fax 570 1001 • www.ok.is



Microsoft



PIPAP • SIA • 72996



invent

JÓLASPRENGJA

DEWALT

2007

Hleðsluborvél



94DC988KB1

18V XRP-3 m/höggi
1*2,6Ah rafhlaða.
1 klst. hleðslutæki

Verð áður 44.900

21.606 án vsk

26.900

Tilboðssett



Hleðsluborvél 12V
2*1,3Ah rafhlöður,
1 klst hleðslutæki

Borhamar SDS+
22mm 600w
1150 sn/min, 2,4J

94D25002K
94DC740KA

15.984 án vsk

Verð áður 34.900

19.900

Geirungssög

94DW707
27cm x 6cm 1200w
6700sn 15,5 kg
216mm Blað
Útdraganleg



28.032 án vsk

Verð áður 47.900

34.900

Borð f/geirungssagir

94DE7023
Borð fyrir allar geirungssagir
frá DeWalt.



14.378 án vsk

Verð áður 24.900

17.900

94DW343K

Stingsög

550W



Verð áður 14.900

8.755 án vsk

10.900

94DT9292

Verkfærasett

100 hluta DEWALT
+ 25stk T20 og 25stk T25 bitar



Verð áður 16.900

10.361 án vsk

12.900

94DC940KB

Hleðsluborvél

12V XRP4
310W, 48Nm,
2*2,6Ah NiMH rafhlöður,
30 min hleðslutæki



Verð áður 46.900

20.803 án vsk

25.900

94DE9503

Rafhlaða

18V 2,6Ah NiMH



Verð áður 15.900

7.952 án vsk

9.900

SINDRI

Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhrauni 12 Hafnarfirði - Viðarhöfða 6 Reykjavík



ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

BLACKBURN-WEST HAM	0-1
0-1 Dean Ashton (53.).	
BOLTON - WIGAN	4-1
1-1 Denny Landzaat (14.), 1-1 Denny Landzaat (15.), 2-1 Kevin Nolan (37.), 3-1 Kevin Davies (70.), 4-1 Nicolas Anelka (89.).	
TOTTENHAM-MAN. CITY	2-1
1-0 Pascal Chimbonda (45.), 1-1 Rolando Bianchi (61.), 2-1 Jermain Defoe (83.).	
Middlesbrough-Arsenal	2-1
1-0 Stewart Downing, víti (4.), 2-0 Sanli Tuncay (73.) 2-1 Tomáš Rosický (90.).	

STADAN:

Arsenal	16	11	4	1	33-14	37
Man. United	16	11	3	2	29-8	36
Chelsea	16	10	4	2	24-9	34
Liverpool	15	8	6	1	27-9	30
Portsmouth	16	8	6	2	28-14	30
Man. City	16	9	3	4	20-17	30
Everton	16	8	3	5	29-16	27
Aston Villa	16	8	3	5	27-19	27
Blackburn	16	7	5	4	20-19	26
West Ham	15	6	4	5	20-12	22
Newcastle	16	6	4	6	23-26	22
Reading	16	5	2	9	21-33	17
Tottenham	16	3	6	7	28-29	15
Bolton	16	3	5	8	16-23	14
Birmingham	16	4	2	10	17-26	14
Middlesbrough	16	3	5	8	15-28	14
Fulham	16	2	7	7	18-27	13
Sunderland	16	3	4	9	15-31	13
Wigan	16	2	3	11	12-30	9
Derby	16	1	3	12	6-38	6



HEITJAN Dean Ashton skoraði dýrmætt mark fyrir West Ham í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

Varamaðurinn Dean Ashton: Tryggði West Ham sigurinn

FÓTBOLTI Dean Ashton kom inn á sem varamaður í hálfleik og tryggði West Ham 1-0 útsigur á Blackburn en þetta var fjórði sigurleikur liðsins utan Upton Park á tímabilinu.

Ashton potaði boltanum inn eftir fyrirgjöf frá George McCartney þegar hann var búinn að vera inn á í sjö mínútur. Blackburn pressaði í lokin en tókst ekki að jafna þrátt fyrir góðar tilraunir Santa Cruz og Tugay Kerimoglu en Robert Green varði meistaralega skot Tugay. West Ham komst í efri hluta deildarinnar með þessum sigri.

- 66j



SIGURMARK Ruud van Nistelrooy tryggði toppliði Real Madrid 3 stig.

NORDICPHOTOS/AFP

Ruud van Nistelrooy:

Fær jólasveininn í heimsókn

FÓTBOLTI Hollenski framherjinn Ruud van Nistelrooy hefur gefið það út að hann sé búinn að ná samkomulagi um að framlengja samning sinn við Real Madrid.

„Jólasveinninn kemur með nýjan samning til mín um þessi jól,“ sagði hann 31 árs markaskorari í viðtali við Marca og bætti við:

„Það vantar aðeins að leggja lokahöndina á samninginn en ég er mjög ánægður með hann,“ sagði Van Nistelrooy en gamli samningurinn hans er til 2009.

Van Nistelrooy skoraði sigurmark Real Madrid í Bilbao á laugardagskvöldið og hefur skorað 7 mörk í 12 leikjum á tímabilinu.

- 66j

Fyrsta tap Arsenal síðan í apríl

Forskot Arsenal á toppi ensku úrvalsdeildarinnar er aðeins eitt stig eftir leiki helgarinnar. Arsenal tapaði 1-2 í gær. Bolton vann stórsigur á Wigan og Jermain Defoe tryggði Tottenham sigur gegn Man. City.

FÓTBOLTI Það voru óvænt úrslit í ensku úrvalsdeildinni annan daginn í röð þegar Middlesbrough vann topplið Arsenal. Þar með hafa öll lið deildarinnar tapað leik í vetur þar sem Liverpool tapaði fyrir Reading í gær.

Tap Arsenal þýðir að Manchester United náði að minnka forskot Lundúnaliðsins í eitt stig og Chelsea getur jafnað Arsenal að stigum vinni liðið innbyrðisleik liðanna um næstu helgi.

Það hefur lítið gengið hjá Middlesbrough í vetur en það var ekki sjáanlegt í leiknum gegn Arsenal þar sem lærisveinarnir hans Gareths Southgate unnu sannfærandi sigur. Liðið hafði leikið tíu leiki í röð án sigurs og vann síðast 2-0 sigur á Birmingham í byrjun september. Þetta var enn fremur fyrsta deildartap Arsenal í 23 leikjum eða síðan liðið tapaði fyrir West Ham 7. apríl síðastliðinn.

Stewart Downing skoraði fyrri markið úr vítaspyrnu eftir að fyrrverandi leikmaður Arsenal, Jeremie Aliadiere, hafði verið felldur.

Það var síðan Tyrkinn Sanli Tuncay sem skoraði seinna markið 17 mínútum fyrir leikslok áður en Tomáš Rosický minnkaði muninn. Þetta var ekki góð vika fyrir Arsenal-menn í Norður-Englandi því liðið gerði 1-1 jafntefli við Newcastle á miðvikudaginn.

„Við töpuðum þessum leik af því að við áttum skilið að tapa honum. Þetta er einfalt, Middlesbrough var miklu frískara liðið. Við gáfum þeim af mikið pláss í byrjun sem gaf þeim víti og síðan dró af okkar liði þegar leið á enda var þetta fjórði útileikur okkar í röð,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, eftir leikinn. Það fór ekkert fram hjá neinum að liðið má ekki vera án manna eins og Cesc Fabregas.

„Við söknum margra manna sem spila á hans svæði og það háir okkur örugglega í að skapa eitt-hvað í skórnarleiknum,“ bætti Wenger við.



ÁTTA MÖRK Nicolas Anelka hefur skorað grimmt fyrir Bolton og hér skorar hann gegn Wigan í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY



Ó, NEI Emmanuel Eboué getur ekki leynt vonbrigðum sínum frekar en félagi hans í Arsenal-liðinu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gareth Southgate sagði hins vegar leikinn vera þann besta sem liðið hefði spilað undir hans stjórn en hann tók við fyrir átján mánuðum.

„Ég sá hvað Newcastle gerði á móti þeim og vissi að við máttum ekki gefa þeim neitt pláss til að ná uppi sínu frábæra spili. Þetta var gott kvöld til þess að ná góðum úrslitum gegn þeim því þeir voru án bæði Fabregas og [Alexanders] Hleb,“ sagði Southgate eftir leik.

Jermain Defoe skoraði sigurmark Tottenham gegn Manchester City á White Hart Lane sjö mínútum fyrir leikslok aðeins sex mínútum eftir að hafa komið inn á sem varamaður og mínútu eftir að Stephen Ireland, leikmaður City, hafði fengið að líta rauða spjaldið. Markið var afar mikilvægt því Tottenham hefði setið í fallsæti hefði leikurinn tapast.

„Við þurfum á þessu að halda eftir tapið gegn Birmingham í síðustu viku. Markið hans Jermain skiptir alla miklu máli en sérstaklega hann. Við vorum ánægðir með alla varamennina okkar í þessum leik,“ sagði Gus Poyet, aðstoðarstjóri Tottenham.



ÞAD VAR LAGIÐ Gareth Southgate fagnar Tuncay Sanli eftir að hann hafði komið Middlesbrough í 2-0.

NORDICPHOTOS/GETTY

Bolton vann 4-1 stórsigur á nágrönnnum sínum í Wigan eftir að hafa fengið gjöf í upphafi leiks þegar Paul Scharner skoraði skrautlegt sjálfsmark. Leikurinn var gríðarlega mikilvægur fyrir Wigan sem var tveimur stigum á eftir Bolton fyrir leikinn en liðið hefur aðeins dregist aftur úr eftir

sígra Middlesbrough og Bolton, liðanna fyrir ofan það í töflunni. Úrslitin í gær þýða að Sunderland er komið í fallsæti ásamt Wigan og Derby. Nicolas Anelka skoraði eitt mark og lagði upp annað fyrir Bolton en hann skaut líka yfir úr vítaspyrnu í fyrri hálfleik.

ooj@frettabladid.is

Opna hollenska meistaramótið í sundi í Eindhoven fór fram um helgina:

Allar stelpurnar settu met á mótinu

SUND Allar íslensku sundkonurnar á Dutch Swim Cup í Eindhoven í Hollandi settu annaðhvort Íslandsmet eða stúlknamet á mótinu og var Sigrún Brá Sverrisdóttir úr Fjölni síðust til að bæta met þegar hún setti stúlknamet í 100 metra skriðsundi á lokadeginum í gær.

Sigrún bætti þá met sem Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir átti frá árinu 1998 um tæplega hálfa sekúndu. Þessi tími hjá Sigrúnu er einnig undir lágmarki á EM-50 sem fram fer í mars á næsta ári.

Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona úr KR varð í 12. sæti af 78 í undanrásunum í 100 metra skriðsundi í gærmorgun en hún synti á 57,05 sekúndum og var tæpri sekúndu frá Íslandsmeti sínu. Ragnheiður tók ekki þátt í b-úrslitunum en framundan hjá henni er ferðagangur til Ungverjaland og Evrópumeistaramót í stuttri laug. Hrafnhildur Lúthersdóttir SH var alveg við sinn besta tíma í b-úrslitum í 100 metra bringusundi í gær en hún



ÍSLANDSMETHAFAR Ragnheiður Ragnarsdóttir og Erla Dögg Haraldsdóttir settu báðar Íslandsmet í Hollandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

lenti í 12. sæti þegar hún synti á tímanum 1:12,65 sem er aðeins

0,12 sekúndum lakari en stúlknametið sem hún á sjálf. Í undan-

rásunum í morgun synti Erla Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB í 100 metra bringusundi og bætti sig um 3 hundraðshluta úr sekúndu þegar hún synti á tímanum 1:13,23 og lenti í 17. sæti.

Ragnheiður tvíbætti Íslandsmetið í 50 metra skriðsundi á mótinu og náði með því Ólympíu-markinu en hún er nú komin með keppnisrétt í bæði 50 og 100 metra skriðsundi í Peking. Erla Dögg sló fimmtán ára Íslandsmet Ragnheiðar Runólfsdóttur í 50 metra bringusundi á laugardaginn og þá setti Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH einnig stúlknamet í þeirra grein. Það féllu því þrjú Íslandsmet og tvö stúlknamet á mótinu.

Erla Dögg, Hrafnhildur og Sigrún Brá eru allar á leiðinni heim en Ragnheiður er hins vegar á leiðinni til Debrecen til að keppa á EM-25 sem hefst á fimmtudagsmorguninn í næstu viku. Þar syndir hún ásamt Jakobi Jóhanni Sveinssyni og Erni Arnarsyni.

- 66j

Bandaríkjamenn geta andað léttar því breska boxinnrásin var stöðvuð í fæðingu í Las Vegas í fyrrinótt:

Mayweather rotaði Hatton í tíundu lotu

BOX Bandaríkjamadurinn Floyd Mayweather Jr. vann bardaga ársins með glæsibrag þegar hann tryggði sér WBC-heimsmeistaratitilinn með því að rota Bretann Ricky Hatton í tíundu lotu.

Hatton pressaði stíft fyrstu loturnar og það leit í fyrstu út fyrir að Mayweather gæti lent í vandræðum. Hann komst síðan í gegnum byrjunina og fór síðan að ná mörgum góðum höggum á Hatton. Þegar leið á bardagann komu síðan yfirburðir Mayweather í ljós og hann veitti hinum harðgerða Breta síðan náðarhöggið þegar hann náði glæsilegum og föstum vinstri krók sem sendi Hatton af krafti út í kaðla. Þá var allur vindur úr

Hatton og augnablikum síðar var hann kominn aftur í gólfið og dómari stöðvaði bardagann.

„Ég vissi að þetta yrði erfitt og Hatton er án vafa erfiðasti andstæðingurinn minn til þessa,” sagði Mayweather sem hefur unnið alla 39 bardaga sína á ferlinum. Mayweather var á heimavelli og dómariinn Joe Cortez virtist aðstoða hann við að sleppa við návigin framan af bardaganum.

Hatton átti hins vegar salinn því landar hans í MGM-hótelinu létu vel í sér heyra á pöllumum. Áhugiinn var gríðarlegur í Bretlandi en það var áætlað að 350 þúsund heimili hafi keypt bardagann þó svo að það hafi kostað tæplega



Í GÓLFINU Ricky Hatton fór niður í tíundu lotu. NORDICPHOTOS/GETTY

4.000 krónur og verið klukkan rúmlega fimm um nótt.

Þetta var fyrsta tap Hattons á

ferlinum. „Mér fannst ég vera í góðum málum þar til að ég fékk skurðinn,” sagði Hatton sem fékk skurð fyrir ofan hægra augað í þriðju lotu. „Hann náði ekki hörðustu höggunum í kvöld en hann var klárari en ég bjóst við,” bætti Hatton við en hann hafði unnið alla 43 bardaga sína þegar hann mætti Mayweather.

Hatton var ósáttur við að Mayweather hefði notað sum bellibrögð til að landa góðum höggum á sig, en sagði að þegar upp væri staðið þá væri þetta bardagi en ekki kitlukeppni en hnyttni Manchestermannsins hefur alltaf hitt í mark hjá fjölmiðlamönnum.



GLEÐI Floyd Mayweather fagnar sigri í bardaganum. NORDICPHOTOS/GETTY



RÆÐIR VIÐ ÞJÁLFARANN Helena ræðir málin við Jeff Mittie, þjálfara TCU. FRÉTTABLAÐIÐ/KEITH ROBINSON

Bandaríski háskólaboltinn:

Helena áfram í byrjunarliðinu

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir var með 7 stig, 6 fráköst og 2 stoðsendingar í 30 stiga sigri TCU á Coppin State í bandaríska háskólaboltanum í fyrrinótt.

Helena var í byrjunarliðinu í níunda leiknum í röð og er eini leikmaður TCU sem hefur byrjað alla leiki tímabilsins.

TCU var búið að tapa tveimur leikjum í röð og fjórum leikjum af síðustu fimm fyrir leikinn og sigurinn gegn Coppin því langþráður.



EKKI GOTT Iker Casillas var grýttur í leik Real Madrid um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Brjálaðir Baskar í boltanum:

Hlutum rigndi yfir Casillas

FÓTBOLTI Iker Casillas, markvörður Real Madrid, lenti í skothríf í 1-0 sigri Real Madrid á Athletic Bilbao, ekki þó frá sóknarmönnum Bilbao-liðsins heldur frá stuðningsmönnum Baskaliðsins.

Allskyns hlutum rigndi yfir markvörðinn og vífateiginn meðan á leiknum stóð og á sjónvarpsmyndum sást að stærstu hlutirnir voru hnifar eða dósapnarar.

„Það er alltaf rosalegt andrúmsloft á San Mames og það er ekkert nýtt að hlutum rigni yfir teiginn. Þetta er samt skrítn leið til að styðja við þitt lið,” sagði Casillas eftir leikinn.

FULLBÚINN ALVÖRUJEPPI

3.645.000 kr.

Nú með vetrardekkjum og dráttarbeiði



KIA Sorento

Fullbúinn alvörujeppi með ríkulegum staðalbúnaði

- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP-stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Þakbogar
- Hátt og lágt drif
- Ný og glæsileg innrétting
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastillir (Cruise Control)
- 3.500 kg dráttargeta

Reynsluakstursleikur KIA

Veldu þér KIA-bíl til að prófa og þú átt möguleika á glæsilegum vinningum.

- Aðalvinningur: **Ævintýrahelgi á Hótel Búðum** fyrir tvo með afnotum af **KIA Sorento**
- Aukavinningar, dregnir út vikulega: **Brunch á Vox**

* Leiknum lýkur 19. desember og verða nöfn vinningshafa birt á www.kia.is

HEKLA KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



GÓÐUR Í SIGRI Jakob Örn Sigurðarson stjórnaði leik Univer með glæsibrag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jakob Örn Sigurðarson: Lék vel í sigri

KÖRFUBOLTI Jakob Örn Sigurðarson átti finan leik þegar lið hans Univer-Kecs kemt vann 91-80 sigur á Lami-Véd-Körmend í ungversku úrvalsdeildinni í körfubolta eftir að hafa verið 55-58 undir fyrir fjórða fjórðung.

Jakob skoraði 10 stig og gaf 5 stoðsendingar í leiknum, þar af var hann með 4 stig og 3 stoðsendingar þegar Univer tryggði sér sigurinn í lokaleikhlutanum. Univer er í 7. sæti deildarinnar með 4 sigra í 8 leikjum.

Jakob er í 7. sæti í stolnum boltum (3,0 í leik), í 13. sæti í stoðsendingum (3,3) og í 22. sæti í þriggja stiga skotnýtingu (35,1 prósent).

- óóó

ÚRSLITIN Í GÆR

Lýsingarbikar karla í körfu

KR-Grindavík 104-103 (62-56)
Stig KR: Joshua Helm 29 (hitti úr 12 af 14 skotum), Jovan Zdravetski 17, Darrí Hilmarsson 13, Brynjar Þór Björnsson 11, Fannar Ólafsson 10 (20 mín.), Ávi Fogel 10 (10 stoðs., 5 stolnir), Helgi Már Magnússon 9 (6 stoðs.), Skarphéðinn Ingason 3, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 2.
Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 29 (hitti úr 10 af 19 skotum), Jonathan Griffin 28 (hitti úr 10 af 15 skotu), Þorleifur Ólafsson 17 (11 stoðs.), Igor Beljanski 16 (12 frák.), Adama Darboe 9 (9 frák., 4 stoðs., 24 mín.), Páll Kristinnsson 4.

Tindastöll-Keflavík 94-105 (50-54)
Stig Tindastóls: Ísak Einarsson 19, Donald Brown 18, Svavar Birgisson 16, Samir Shaphtahovic 12 (10 stoðs., 6 stolnir), Serge Poppe 11, Phillip Perry 10, Helgi Rafn Viggósson 8.
Stig Keflavíkur: Bobby Walker 28 (7 stoðs.), Jón Norðdal Hafsteinsson 24 (hitti 11 af 11 skotum), Tommy Johnson 17, Magnús Þór Gunnarsson 15 (5 stoðs., 4 stolnir), Anthony Susnjara 11, Arnar Freyr Jónsson 4, Gunnar Einarsson 2, Þróstur Léo Jóhannsson 2, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 2.

Stjarnan-Njarðvík 86-104
Stig Stjörnunar: Dimitar Karadzovski 21, Fannar Freyr Helgason 18 (12 frák.), Kjartan Atli Kjartansson 14, Sigurjón Lárusson 12, Calvin Roland 8, Sævar Ingi Haraldsson 7, Eiríkur Sigurðsson 3, Sveinn Ómar Sveinsson 1.
Stig Njarðvíkur: Damon Bailey 31 (8 frák.), Jóhann Árni Ólafsson 17, Friðrik Stefánsson 16, Brenton Birmingham 15, Sverrir Þór Sverrisson 10, Egill Jónsson 6, Hjörtur Einarsson 6, Hörður Axel Vilhjálmsson 3.

Hamar-ÍR 74-81
Stig Hamars: George Byrd 23 (21 frák.), Bojan Bojovic 16, Roni Leimu 15, Marvin Valdimarsson 9, Lárus Jónsson 6 (7 stoðs.), Viðar Örn Hafsteinsson 5.
Stig ÍR: Svenbjörn Claessen 22, Hreggviður Magnússon 14, Ómar Sævarsson 14 (14 frák.), Ólafur Jónas Sigurðsson 9, Steinar Arason 8, Nate Brown 7 (8 frák., 6 stoðs., 5 stolnir), Þorsteinn Húnfjörð 4, Eiríkur Öundurson 3.

Þór Þorl.-Höttur 106-67

Í átta liða úrslitum karla eru KR, ÍR, Keflavík, Njarðvík, Fjölnir, Þór Þorlákshöfn, Skallagrímur og Snæfell.

Í átta liða úrslitum kvenna eru komin Haukar, Keflavík, KR, Grindavík, Fjölnir, Hamar, Valur og Snæfell.

Ítalski körfuboltinn:

Montepaschi Siena-Lottomatica Roma 92-76
Jón Arnór Stefánsson var með 8 stig, 2 fráköst og 2 stolna bolta á þeim 17 mínútum sem hann spilaði.

Spænski fótoltinn:

Barcelona-Deportivo 2-1
0-1 Cristian (3.), 1-1 Ronaldinho, viti (41.), 2-1 Xavi (71.).
Eiður Smári Guðjohnsen sat á bekknum allan leikinn og þeir Samuel Eto'o og Ronaldinho komu inn í byrjunarliðið. Bojan og Deco komu inn á sem varamenn í leiknum.

Gamla kempan Ingibjörg Jónsdóttir hefur ákveðið að spila með Gróttu í N1-deild kvenna í vetur:

Alfred fékk Ingibjörgu til þess að spila

HANDBOLTI Ein besta handboltakona Eyjamanna frá upphafi, Ingibjörg Jónsdóttir, hefur tekið fram skóna á nýjan leik og lék sinn fyrsta leik með Gróttu í sigri á Fylki um helgina.

Ingibjörg skoraði 3 mörk í leiknum en hún lék síðast með ÍBV-liðinu í fyrra þegar hún tók fram skóna þar sem ÍBV-liðið vantaði hreinlega leikmenn. Ingibjörg hefur þrisvar orðið Íslandsmeistari með ÍBV-liðinu og Alfred Örn Finnsson, þjálfari Gróttu, er ánægður með að fá Ingibjörgu í liðið en hann vann með henni í Eyjum þegar hann gerði ÍBV að meisturum 2006.

„Eva Margrét er á leiðinni í uppskurð og Kristín Þórðardóttir er ófrísk og ég þurfti að bregðast einhvern veginn við,“ segir Alfred sem talaði við Ingibjörgu og fékk hana til að byrja aftur í annað skiptið en hún tók einnig fram skóna þegar hann var með ÍBV eftir að hafa hætt þá í tvö tímabil.

Ingibjörg er búsett á Bifröst því maðurinn hennar er í námi þar og hún er að kenna að Varmá. Hún mun því þurfa að ferðast mikið til þess að vera með Gróttuliðinu.

„Við höfum haldið sambandi og hún var alveg til í að koma. Hún ætlar að æfa eins og hún getur og spila langflestu leikina,“ segir



ÞRISVAR MEISTARI Ingibjörg Jónsdóttir varð Íslandsmeistari með ÍBV 2000, 2003 og 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Alfred en Gróttuliðið er aðeins tveimur stigum frá toppnum og á

fullu í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn.

„Maður var að horfa til þess að hún gæti komið með reynslu inn í þetta. Hún er einstakur karakter og mun reynast vel fyrir yngri stelpurnar í liðinu. Hún er alltaf í toppformi þannig að aldur er bara afstæður fyrir hana,“ segir Alfred en Ingibjörg er 38 ára gömul.

Fyrirliði Gróttuliðsins, Eva Margrét Kristinsdóttir, verður ekkert meira með þar sem hún er að fara í uppskurð á ökkla. Er það mikill missir fyrir Gróttuliðið en tilkoma Ingibjargar mun örugglega reynast liðinu vel.

- óóó

Fyrirliðinn kom KR í átta liða úrslit

Fannar Ólafsson tryggði KR 104-103 sigur á Grindavík og þar með sæti í átta liða úrslitum Lýsingarbikars karla með því að skora sigurkörfuna 8 sekúndum fyrir leikslök. Leikurinn var frábær skemmtun.

KÖRFUBOLTI KR lagði Grindavík, 104-103, í frábærum körfubolta-leik í sextán liða úrslitum Lýsingarbikarsins. Mikill hraði var í leiknum sem var frábær skemmtun fyrir þá fjölmörgu háværðu áhorfendur sem lögðu leið sína í DHL-höllina í vesturbænum.

Mikill hraði var í leiknum í fyrri hálfleik og lítið um varnir. Bæði lið spiluðu stuttar sóknir sem enduðu oft en ekki með auðveldum körfum. Liðin skiptust á að skora og þegar fyrsti fjórðungur var liðinn höfðu liðin skipt 64 stigum bróðurlega á milli sín.

KR-ingar voru fyrri til að huga að því að spila varnarleik. Með góðum varnarleik og fjórum þriggja stiga körfum í röð breytti KR stöðunni úr 45-45 í 57-47 og Grindavíkingar tóku leikhlé.

Grindavík náði að minnka muninn í þrjú stig, 57-54, en því svoruðu KR-ingar með fimm stigum gegn tveim og fóru fyrir vikið með sex stiga forystu inn í hálfleik, 62-56.

Heldur meiri ró var yfir leikmönnum í upphafi seinni hálfleiks og leikmenn áttu erfiðara með finna opin skot framan af þriðja leikhluða og varnirnar þvinguðu tapaða bolta sem sáust varla í fyrri hálfleik. Leikar hressust á ný undir lok þriðja leikhluða þegar Páll Axel Vilbergsson efndi til stórsýningar. Páll Axel skoraði 9 stig á 56 sekúndum og sá til þess að KR fór aðeins með tveggja stiga forystu inn í fjórða og síðasta leikhluðann, 86-84.

Þessi vaska framganga Páls Axels kveikti í félögum hans og Grindavík hóf fjórða leikhluða með 11-3 kafla og náði sex stiga forystu, 95-89. Í stöðunni 92-97 og tæpar fjórar mínútur eftir af leiknum fékk Grindavíkingurinn Jonathan Griffin sína fimmtu villu fyrir að kljást við Skarphéðinn Ingason. Ódýr og aðrirfarik villa því KR-ingar gengu á lagið og staðan varð 98-99.



FLOTTUR Í LOKIN KR-ingurinn Fannar Ólafsson skoraði mikilvægustu körfu leiksins í DHL-höllinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



STIGHÆSTU MENN VALLARSINS Grindavíkingurinn Páll Axel Vilbergsson reynir hér að verjast KR-ingnum Joshua Helm.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síðustu mínúturnar skiptust liðin á að skora og ná eins stigs forystu. Þegar 22 sekúndur voru eftir kom Þorleifur Ólafsson Grindavík í 103-102. Í næstu sókn skoraði Fannar Ólafsson síðustu

körfu leiksins og tryggði KR sæti í átta liða úrslitum Lýsingarbikarsins.

Fannar, hetja KR-inga, var að vonum ánægður með sigurinn í leikslök. „Þetta var hörkuleikur eins og við áttum von á en því miður náðum við ekki að halda hraðanum niðri eins og við ætluðum okkur. Þeirra leikur er hraður og við ætluðum að spila langar sóknir og nýta skotklukkuna því þeir eru slakt varnarlið þegar þannig er spilað en sterkt varnarlið í hröðum leik. Við náðum 10 stiga forystu og spiluðum þá inn í hendurnar á þeim. Við erum miklu betri en þetta. Það er enn haustbragur á okkar leik en það er í lagi því við ætluðum okkur ekki að vera bestir í desember. Við ætlum

að vera bestir í febrúar og svo aftur í apríl.“

„Það er synd að þessi lið mætast svona snemma í keppninni. Það hefði verið gaman að mæta þeim í höllinni en það er svo sem fínt að klára þá héra svo við þurfum ekki að mæta þeim seinna. Ég fíla að spila þessar stóru körfur og setja þær niður,“ sagði Fannar að lokum um sigurkörfuna.

Friðrik Ragnarsson þjálfari Grindavíkur, var mjög ósáttur við fimmtu villuna sem Griffin fékk.

„Þetta er leikur sem við áttum að klára. Við vorum fjórum stigum yfir þegar mínúta var eftir og missum þá boltann klaufalega. Þeir skora í kjölfarið úr þriggja stiga körfu og fá þrjár tilraunir til þess í sömu sókninni. Þetta er augnabliks einbeitingarleysi. Svo skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur að Griffin fær sína fimmtu villu eins og hann fékk hana. Ég er gríðarlega svekktur. Ég get skilið að menn fái villur þegar það er villa en að lenda í leikmanni eins og Skarphéðni sem var búinn að hrinda mínum mönnum og reyna að fella þá allan leikinn. Það á ekki að verðlauna mann eins og Skarphéðin með fullri virðingu fyrir honum með því að flauta á báða leikmenn. Þetta var einfaldlega rangt. Í spennandi, frábærum og skemmtilegum leik þá réð þetta litla atriði úrslitum. Leikurinn var vel dæmdu fyrir utan þetta en ég hefði viljað leyfa leikmönnum að klára leikinn. Við missum Kanann okkar út af fyrir ekki neitt. Ég óska KR til hamingju, þeir eru vel að þessu komnir.“

Friðrik var óánægður með varnarleik sinna manna. „Ef við ætlum að taka titla þurfum við að fara að spila vörn. Við erum með frábært sóknarlið og ef við hefðum spilað snefil af vörn hefðum við unnið þetta með 10-15 stigum,“ sagði Friðrik í leikslök.

- gmi

Njarðvíkingar eru komnir í átta liða úrslit Lýsingarbikars karla eftir 18 stiga sigur á Garðbæingum í gær.

Damon gaf tóninn í auðveldum sigri

KÖRFUBOLTI Njarðvík komst í 8-liða úrslit Lýsingarbikarkeppni karla í körfubolta í gærkvöldi eftir auðveldan sigur á Stjörninni. Eftir að Stjarnan hafi verið yfir fyrstu mínúturnar af leiknum tóku Njarðvíkingar öll völd á vellinum og lönduðu á endanum átján stiga sigri, 84-106.

Damon Bailey fór mikinn fyrir Njarðvík í fyrsta leikhluða sem einkenndist af miklu stigaskori. Hann var búinn að skora 19 stig í 1. leikhluða sem Njarðvík leiddi, 27-32, og alls 25 stig í fyrri hálfleik sem Njarðvík vann 44-56.

Þessa forystu lét Njarðvík aldrei af hendi og hélt Stjörninni nokkuð auðveldlega fyrir aftan sig. Þriggja stiga hittni Stjörnunnar og ágætis sóknarleikur gerði þeim kleift að hanga inni í

leiknum en þeir komust aldrei nær Njarðvík en tíu stigum. Munurinn í þriðja leikhluða var orðinn fjórtán stig, 62-76, og svo fór að Njarðvík lagði Stjörnuna með átján stiga mun, 86-104.

Sóknarleikur Njarðvíkur í leiknum var mjög hraður en Teitur Örylgsson, þjálfari Njarðvíkur, hefur smátt og smátt verið að breyta leikstíl Njarðvíkurliðsins. „Önnur lið eru búin að skoða okkur mikið og kortleggja Njarðvík í gegnum árin. Þess vegna erum við búin að breyta í þennan hraða spilastíl og ég er himinlifandi hvernig þetta gekk í dag,“ sagði Teitur við Fréttablaðið.

„Það er mun meiri hraði í okkar leik núna og við byggjum mikið upp á að koma boltanum undir körfuna á Friðrik [Stefánsson] og



LÉTT Sverrir Þór Sverrisson og félagar fóru létt með Stjörnuna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bailey. Þeir stóðu fullkomlega undir því í dag,“ sagði Teitur sem sagði bikarinn ekki bara bónus fyrir Njarðvík.



„Að sjálfsgöðu reynum við að

vinna alla titla sem í boði eru. Núna getum við þó lagt bikarinn aðeins til hliðar og einbeitt okkur að deildinni en þar eigum við tvo erfiða leiki fyrir jól.“

- tom



KLÁRAÐU JÓLIN Í SKÍFUNNI



Og margt fleirra. Yfir 30.000 þúsund titlar af tónlist, mesta DVD safn landsins, Wii leikjatölvan, Head-sett, iPodar og landsins mesta úrval af iPod fylgihlutum..

LEIFSSTÖÐ • LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRALIND

Skifulán
í boði

> Liam Neeson

„Ég verð ekki heltekinn af vinnunni eins og ég varð hér áður fyrr. Það stóð svo í vegi fyrir sköpunargáfunni minni. Í dag hef ég lært að hengja persónuna á snagann í lok dagsins og sækja hana aftur þangað þegar ég fer í vinnuna daginn eftir. Hefði ég ekki lært þetta þá hefði ég jaðrað við að vera geðveikur.“ Liam leikur í myndinni Kinsey á Stöð 2 BÍÓ í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON HÆTTI VIÐ TRÚBOÐIÐ

Mamma þrjónaði á meðan Tyson beit og sló

Á meðan ég beit eftir bardaganum á sunnudagsnóttina rifjaðist það upp fyrir mér að fyrir áratug fékk ég delli fyrir því að horfa á hnefaleika. Þetta var á þeim tíma sem Sýn byrjaði með beinar útsendingar og ég, eins og þúsundir annarra, sat við skjáinn og taldi mig hafa fundið nýjan sannleika.

Svo sannfærður var ég að mér fannst ómögulegt að aðrir væru mér ósammála. Ég lagðist því í trúboð.

Móðir mín hélt því fram að hnefaleikar væru skýrasta mynd mannlegrar niðurlægingar. Það væri bara flóbitnum hundsræksnum samboðið að horfa á fullorðna menn berja hvor aðra til ólífis. Ég hélt nú ekki. Íþróttin væri þvert á móti sú fegursta og göfugasta í heimi. Þetta skildi ég sanna; ef hún þyrði.

Móðir mín er keppnismanneskja mikil svo hún samþykkti að halda áfram rökræðunum á meðan horft væri á hnefaleikabardaga. Þetta var árið 1997



og fram undan var endurtekinn bardagi um heimsmeistaratilinn í þungavigt á milli Mike Tyson og Evander Holyfield. Fullkomið.

Ég lagði mikið í kvöldið; fékk lánaða tvo Lazy Boy stóla, keypti bjór og snakk. Strax í byrjun afþakkaði mamma bjórinn á þeim forsendum að hún þyrfti að klára hælana á nokkrum ullarsokkapörum sem hún hafði með sér. Ég drakk því bjórinn á meðan við biðum, og þuldi upp það helsta úr sögu hnefaleikana. Hún sat við hlíðina á mér og þrjónaði. Eina sem hún sagði var eitthvað um að Ali hefði verið sá eini. Enda fallegur og fyndinn.

Svo byrjaði bardaginn en ég skal gera langa sögu stutta. Á því augnabliki sem Tyson hrækti út úr sér eyranu á Holyfield vissi ég að áhugi mömmu á hnefaleikum yrði aldrei kveiktur. hæfingar hennar um að box væri villimennska komu upp í hugann. Ég hafði sennilega rangt fyrir mér allan tímann, eða hvað? En hverjum er ekki sama; villimennska er frábært sjónvarpsfni.

EKKI MISSA



▶ 22.45 Slúður SJÓNVARPIÐ



▶ 22.35 Studio 60 STÖÐ 2



▶ 20.00 Kinsey STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 22.30 Damages SIRKUS



▶ 21.00 Heroes SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

16.35 Leiðarljós

17.20 Tákn málsfréttir

17.30 Hanna Montana (10:26)

17.55 Myndasafnið

17.56 Gurra grís (69:104)

18.00 Fæturnir á Fanney (26:26)

18.12 Halli og risaeðlufatan (39:52)

18.20 Út og suður

18.45 Jóladaatal Sjónvarpsins – Jól á leið til jarðar

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.05 Aldamótabörn (3:3) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra.

21.10 Glæpahneigð (31:45) Bandarísk þáttaröð um sérsvið lögreglumanna sem hafa þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að koma í veg fyrir frekari illvirki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

22.00 Tíufréttir

22.20 Sportið

▶ 22.45 Slúður (13:13) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.35 Spaugstofan

00.05 Bráðavaktin (21:23)

00.55 Kastljós

01.20 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Kinsey

08.00 Pelle Politibil

10.00 Kinky Boots

12.00 Try Seventeen

14.00 Pelle Politibil

16.00 Kinky Boots

18.00 Try Seventeen

▶ 20.00 Kinsey Sönn saga um Kinsey prófessor sem ölli straumhvörfum í bandarísku samfélagi þegar hann gaf út bókina „Kynlífshegðun mannsins“ árið 1948.

22.00 The General's Daughter

00.00 Dream Lover (e)

02.00 Jeepers Creepers 2

04.00 The General's Daughter



07.00 Stubbarnir

07.25 Jesús og Jósefína (10:24) (e)

07.45 Kalli kanína og félagar

08.10 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 The Bold and the Beautiful

09.30 Wings of Love (81:120)

10.15 Commander In Chief (8:18)

11.15 Veggfóður (9:20)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Sisters (16:22)

13.55 Johnson Family Vacation

15.55 S Club 7 (e)

16.18 W.I.T.C.H.

16.38 BeyBlade

17.03 Jesús og Jósefína (10:24) (e)

17.28 The Bold and the Beautiful

17.53 Nágrannar

18.18 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

18.50 Ísland í dag

19.25 The Simpsons (17:22) (e)

19.50 Næturvaktin (1:13)

20.20 Extreme Makeover: Home Edition (26:32) 2006.

21.05 Side Order of Life (9:13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur.

21.50 Crossing Jordan (5:17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. 2006. Bönnuð börnum.

▶ 22.35 Studio 60 (20:22) Bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki.

23.20 To Gillian on Her 37th Birthday David Lewis neitar að horfast í augu við staðreyndir. Eiginkona hans, Gillian, lét lífið í sjóslýsi fyrir tveimur árum og er enn efst í huga hans. Aðalhlutverk: Peter Gallagher, Claire Danes, Bruce Altman, Michelle Pfeiffer. 1996. Leyfð öllum aldurshópum.

00.50 NCIS (14:24)

01.35 Most Haunted

02.20 Johnson Family Vacation

03.55 Side Order of Life (9:13)

04.40 Crossing Jordan (5:17)

05.25 Fréttir og Ísland í dag

06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SYN besta sætið

07.00 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

10.15 Heimsmeistarakeppni félagsliða (Heimsmeistarakeppni félagsliða)

16.00 NFL deildin (New England - Pittsburgh)

18.00 Spænski boltinn (Spænski boltinn) Útsending frá leik í spænska boltanum.

19.40 Heimsmeistarakeppni félagsliða (Heimsmeistarakeppni félagsliða)

21.20 Þýski handboltinn (Þýski handboltinn - Hápunktar) Öll helstu tilþrifu úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.

22.00 Spænsku mörkin (Spænsku mörkin) Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kynja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

22.45 Heimsmótardöðin í póker Á Heimsmótardöðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaorðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

23.40 Spænski boltinn (Spænski boltinn)

SYN2

07.00 Blackburn - West Ham Útsending frá leik Blackburn og West Ham sem fór fram sunnudaginn 9. desember.

16.05 Newcastle - Birmingham Útsending frá leik Newcastle og Birmingham sem fór fram laugardaginn 8. desember.

17.45 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

18.45 PL Classic Matches

19.20 Tottenham - Man. City Útsending frá leik Tottenham og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.

21.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

22.00 Coca Cola mörkin

22.30 Reading - Liverpool Útsending frá leik Reading og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram 8. desember.

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

15.45 Vörutorg

16.45 Allt í drasli (e)

17.15 Rules of Engagement (e)

17.45 Dr. Phil

18.30 The Drew Carey Show (e)

19.00 30 Rock (e)

19.30 Giada's Everyday Italian (e)

20.00 Friday Night Lights (17:22) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótballa- liðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Julie kemur Matt í opna skjöldu þegar hún segist vilja sofa hjá honum. Hann reynir að undirbúa stóru stundina en gengur brósuglega. Tim lendir í vandræðum með pabba sinn og Jason kynnist nýrri stúlkun.

▶ 21.00 Heroes (6:24) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. West sannfærir Claire um að hún þurfi að hefna sín á yfirkappstýrni sem vildi ekki fá hana í klapstýrlið skólans. Pabbi hennar heimsækir rússneskan læri-meistara sinn í von um að finna síðasta málverk Isaacs og Suresh stendur frammi fyrir erfiðri síðferðisspurningu.

22.00 C.S.I. New York (15:24) Bandarísk sakamálaferja um Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Háskólanemi er myrtur og Mac kemst að því að fórnarlambið var við það að koma upp um leynilegan félagsskap innan skólans.

23.00 The Drew Carey Show

23.30 Californication (e)

00.05 Masters of Horror (e)

01.05 NÁTTHRAFNAÐ

01.06 C.S.I.

01.55 Ripley's Believe it or not!

02.40 Trailer Park Boys

03.05 Vörutorg

04.05 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Úrval og fagleg ráðgjöf

19" – 65" háskerpusjónvörp á frábæru verði



3 ÁRA ABYRGD

79.900-

MIRAI 32" LCD háskerpusjónvarp

TILBOÐ

189.900-

Panasonic 42" plasma

Glæsilegt tæki af nýjustu kynslóðinni sem fékk nýlega hin eftirsóttu EISA verðlaun.

Týpa: PV70



Kiðtu við í verslun okkar og svaðu þorstanum með iskaldri Coke í gleri á meðan þú skoðar nýjustu sjónvörpin!

sva: tækni

WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.50
Næturvaktin – allir þættirnir sýndir aftur

Næturvaktin með Péttri Jóhanni og Jóni Gnarr hefur svo sannarlega slegið í gegn í haust en þátturinn er einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 frá upphafi. Af því tilefni verða allir þættirnir sýndir aftur frá byrjun, mánu- daga til fimmtudaga í desember og fram í janúar. Aðdáendum Næturvaktarinnar gefst nú tækifæri að sjá þá þætti sem þeir misstu af.



▶ ALDAMÓTABÖRN

Sjónvarpið kl. 20.05

Í þriðja þætti er bjallað um sköpunar- gáfuna. Öll fæðumst við með slíka gáfu en þegar við náum fullorðins- aldri er hún oft horfin. Verkefni eru sett fyrir sjö ára börn og við sjáum hversu skapandi þau eru við úrlausn þeirra. Hugað er að því í hverju sköpunargáfan felst og af hverju hún er mikilvæg. Eins er skoðað hvernig börn greina á milli imynd- aðs ótta og veruleika og hvernig aukin vitund þeirra um raunheim- inn hamlar sköpunargáfu þeirra.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni og auglýsingar
13.00 Vít og breitt
14.03 Bak við stjórnar
15.03 Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregni
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregni og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjörnukíkir
21.20 Kvika
22.15 Afsprengi
23.10 Upp og ofan
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

F4 SÍRKUS

15.25 Prísturinn

16.00 Hollyoaks (75:260)

16.30 Hollyoaks (76:260)

17.00 Totally Frank

18.15 Smallville (22:22)

19.00 Hollyoaks (75:260)

19.30 Hollyoaks (76:260)

20.00 Totally Frank Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. 2005.

21.15 Smallville (22:22) (e) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er þrúðmenni og fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Leyfð öllum aldurshópum.

22.00 Næturvaktin (13.13)

22.30 Damages (10:13) Glænýr og hörkuspennandi lögfræðipáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. Close er hér í hlutverki Patty Hewes, virts lögfræðings sem lætur ekkert stöðva sig á leið sinni á toppinn. Ungur lögfræðingur fylgir henni hvert fótmál og stefnir á glæstan frama undir handleiðslu hennar. Í öðrum aðalhlutverkum eru Ted Danson og Tate Donovan. 2007. Bönnuð börnum.

23.15 Prison Break (5:22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. 2007. Bönnuð börnum.

00.00 Prísturinn

00.35 Sjáðu

01.00 Johnny Zero (5:13)

01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.30 Wildlife Specials 11.30 Dad's Army 12.00 My Family 12.30 My Hero 13.00 Bargain Hunt 13.30 Bargain Hunt 14.00 Dalziel and Pascoe 15.00 What Not To Wear: Have You Remembered What Not To Wear 15.30 Antiques Roadshow 16.30 Model Gardens 17.00 My Family 17.30 My Hero 18.00 Teen Angels 19.00 Red Cap 20.00 Waterloo Road 21.00 Blackadder Goes Forth 21.30 Red Dwarf IV 22.00 Red Cap 23.00 Dad's Army 23.30 Waterloo Road 0.30 My Family 1.00 My Hero 1.30 EastEnders 2.00 Red Cap 3.00 Bargain Hunt 3.30 Bargain Hunt 4.00 Trading Up 4.30 Balamory 4.50 Tweenies

DR 1

10.30 VQ - Videnskabsquiz 11.00 TV Avisen 11.10 21 Søndag 11.50 Aftenshowet 12.15 OBS 12.50 DR 1 Dokumentaren - Den sidste dans 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med Vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 Robotboy 15.45 Troldspejlet 16.15 Den lille Julemand 16.30 Jul i Svinget 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ildsjæle - Alt for de ansatte 19.00 Michael Palin i det nye Europa 20.00 TV Avisen 20.25 Horizont 20.50 SportNyt 21.00 Hans og hendes jul 22.35 Seinfeld 23.00 OBS 23.05 Hjerteflimmer 5.00 Anton 5.05 Anton 5.10 Morten 5.35 Den lille prinsesse 5.45 Den lille Julemand

NRK 1

11.40 Billedbrev fra Europa: Romas fontener 11.50 Nobels fredsprisutdeling 2007 13.30 Åpen himmel: Engler i advent 14.00 Newton 14.40 Erstatte 15.00 Absalons hemmelighet 15.30 Supermusikk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Månåid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Barnas superjul 17.30 KatjaKaj og BeniteBent 17.35 Lykke er 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Hvor ble du av, bestefar? 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Jane Eyre 21.25 Anne Grøte Preus - tross alt 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Kriminalsjef Foyle 23.55 Nytt på nytt 0.25 Kulturnytt 0.35 Sport Jukeboks 2.00 Country jukeboks

SVT 1

11.05 Agenda 12.00 Babben & co 13.15 Matiné: Maj på Malö 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Ramp 16.30 Krokmax 17.00 Bolibompa 17.25 Min förskola 17.30 Julkalendern: En riktig jul 17.45 Hjämkontoret 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 En spricka i kristallen 20.30 Kobra 21.00 Michael Moore - provokator- en 22.15 Rapport 22.25 Kulturmytterna 22.35 Babben & co 23.35 Vita huset 0.20 Sändningar från SVT24

Framtíðarsjóður Byrs Gefðu bjarta framtíð!

Framtíðarsjóður Byrs er verðtryggður sparireikningur, bundinn til 18 ára aldurs og ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga. Engin lágmarksupphæð er á innborgunum og kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur.

Með hverju 5000 kr. gjafabréfi færðu 2000 kr. viðbótarframlag frá Byr. Gjafabréfið kemur í fallettri öskju.

Á heimasíðu okkar www.byr.is getur þú reiknað út hve mikið þú getur sparað með Framtíðarsjóðnum. Kannski verður sjóðurinn lykillinn að fyrstu íbúðinni, bílnum, draumaferðinni eða skólagjöldum.

Byr sparísjóður • Sími 575 4000 • www.byr.is



„Ég hef iðulega kveikt á útvarpinu meðan ég mála og þá helst Gufunni. Ég er vanur að vinna í ys og þys, og finnst því gott að hafa klassíska tónlist og talað mál í bakgrunni.“

Bergur Thorberg listmálari.

Arnaldur í 30 þúsund eintök

„Við erum búnir að prenta hátt í 30 þúsund eintök. Og erum farnir að leggja drög að enn frekari prentun enda viðtökurnar með þeim hætti að einsýnt er að Harðskafi geti orðið langmest-selda bók Arnaldar á jóla-markaði. Og ætli hún verði ekki þar með mest selda bókinn á jólavertíð allra tíma,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Arnaldur Indriðason virðist ætla að slá enn eitt sölu metið hvað varðar sölu bókar í jóla-bókafloði. Hefur hann þar

við engan annan að keppa en sjálfan sig. Bækur hans Konungsbók og Kleifarvatn hafa verið að dansa um og í kringum 20 þúsunda eintaka múrinn. En Harðskafi stefnir vel þar yfir og eru vísbendingar um að hann nái jafnvel að sprengja 30 þúsunda múrinn seldra eintaka.

Metsöluhöfundurinn mikli, fyrrum blaðamaður Morgun-HARÐSKAFI Bókahönnuður enginn annar en Ómar í Quarashi.

blaðsins, er þekktur fyrir að vera fjölmiðlafaelinn og virðist ætla að þjóna lund sinni hvað það varðar. Engin bókuð viðtöl eru til að fylgja Harðskafa eftir. Sem engu virðist ætla að breyta hvað viðtök varðar nema síður sé. Ekki eru það einungis Forlags-fólk og Arnaldur sem fagna heldur má hönnuður bókarkápuinn einnig vel við una. Kristján B. Jónsson formaður bókaútgefenda sagði við afhendingu Gullmiðans – tilnefningu til bókmenntaverðlauna, eitt lyklatríða góðs árangurs í bóksölu að kápan væri í lagi. Sá sem hannar bókakápu þekkir vinsældir vel en þó af öðrum vettvangi, nefnilega Ómar Örn Hauksson fyrrum söngvari í Quarashi.



ARNALDUR Stefni í algjöra metsölu með Harðskafa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. endafjöl 6. skóli 8. púka 9. sæti 11. pfn. 12. fíflast 14. glóra 16. stór 17. skjögur 18. pota 20. guð 21. gort.
LÓÐRÉTT 1. ákefð 3. í röð 4. fregnir 5. háttur 7. tilgáta 10. mál 13. haf 15. einkenni 16. slím 19. tvíhljóði.

LAUSN
16. hor, 19. au, 1. g, 2. g, 3. g, 4. g, 5. g, 6. g, 7. g, 8. g, 9. g, 10. g, 11. g, 12. g, 13. g, 14. g, 15. g, 16. g, 17. g, 18. g, 19. g, 20. g, 21. g.
LÓÐRÉTT: 1. ofsa, 3. að, 4. fréttir, 5. ríð, 18. óta, 20. ra, 21. raup.
LÁRÉTT: 2. gaff, 6. f, 8. ára, 9. set.

VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á bls. 8.

- 1 Danielle Kvaran.
- 2 Ryan Giggs.
- 3 John Darwin.

Allar gerðir iðnaðarprentara og álfingarvéla.

Filmuprentarar, bleksprautuprentarar, límíðaprentarar, álfingarvélar, kassaprentarar og laserprentarar. Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

SKÁLDIN SELJA: FÁ MILLJÓNIR FYRIR KVÍKMYNDARÉTT

Prettán bækur enn ókvíkmyndaðar

Kvíkmyndaréttur á prettán bókum sem hefur verið tryggður á undanförunum fimm árum er ónýttur. Einhverjar myndanna eru þó komnar langt á veg og er meðal annars reiknað með því að Svartur á leik eftir Stefán Mána fari í framleiðslu á næsta ári. Þá hafa birst fréttir um að danski verðlaunaleikstjórinn Billy August ætli að leikstýra Slóð fiðrildanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Báðir þessar höfundar hafa hins vegar einnig selt kvíkmyndaréttinn að öðrum bókum sínum; ZikZak á réttinn að Skipinu eftir Stefán og Ólafur Jóhann seldi Höll minninganna til stórra framleiðanda í Hollywood.

Eftir töluverðu er að slægjast hjá rithöfundum sem selja kvíkmyndaréttinn að bókum sínum. Algengast er að kvíkmyndaframleiðendur leigi svokallaðan rétt eða „option“ til þriggja ára og fá höfundar þá allt að þrjú hundruð þúsund krónur á ári í leigu á höfundarverki sínu. Ef ekkert gerist á samningstímanum getur rithöfundurinn hins vegar leitað annað.

Sé kvíkmyndarétturinn hins vegar keyptur er sú upphæð ekki undir einni milljón. Greiðslunni er hins vegar oft skipt í tvennt; helmingurinn greiddur við undirritun og hinn helmingurinn ef kvíkmyndin verður að veruleika.

Á undanförunum fimm árum hefur það færst í vöxt að framleiðslufyrirtæki hafi keypt kvíkmyndarétt að bókum. Slíkt hefur eitt og sér mikið auglýsingagildi fyrir bókina. Ef farið er í framleiðslu bókarinnar getur það haft mikil áhrif á sölu bókarinnar og reynst gulls ígildi fyrir höfundinn. Og er þar skemmst að minnst velgengni bæði Engla alheimisins og Mýrarinnar. Baltasar Kormákur hefur þegar lýst því yfir að hann ætli að gera aðra



ÁHUGASAMIR ÞJÓÐVERJAR

Yrsa Sigurðardóttir seldi Þriðja táknið til Þýskalands og Stella Blómkvist fór sömu leið.

MED TVÆR Í TAKINU

Svartur á leik eftir Stefán Mána fer væntanlega í tökur á næsta ári en verið er að þreifa á Skipinu.

Í HOLLYWOOD

Ólafur Jóhann seldi kvíkmyndaréttinn að Slóð fiðrildanna og Höll minninganna til stórra framleiðanda í Bandaríkjunum.



kvíkmynd eftir bók Arnaldar Indriðasonar en það verður Grafarþjón.

Kvíkmyndaframtækni ZikZak hefur farið mikinn á bókamarkaðinum að undanförunum og keypti

nýlega réttinn að bók Óttars Martins Norðfjörð, Hnífur Abrahams. Á næstunni verður síðan sjónvarpsþáttaröðin Mannaveiðar frumsýnd á RÚV en hún byggir á sögu Viktor Arnar Ingólfs-

- BÆKUR Á HVÍTA TJALDIÐ**
- Svartur á leik** eftir Stefán Mána (ZikZak) Ísland
- Skipið** eftir Stefán Mána (Zik Zak) Ísland
- Hnífur Abrahams** eftir Óttar Martin Norðfjörð (ZikZak) Ísland
- Indjáninn** eftir Jón Gnarr (True North) Ísland
- Þriðja táknið** eftir Yrsa Sigurðardóttur (Ziegler Film) Þýskaland
- Myndin af pabba** eftir Gerði Kristnýju (Elf Films) Bandaríkin
- Öxin og jörðin** eftir Ólaf Gunnarsson (Sigurjón Sighvatsson)
- Fólkið í kjallaranum** eftir Auði Jónsdóttur (Kvíkmyndaframtækni Tundra) Ísland
- Morðið í Hæstarétti** eftir Stellu Blómkvist (UFA Fernsehproduktion GmbH) Þýskaland
- Höll minninganna** eftir Ólaf Jóhann Ólafsson (Liz Manne) Bandaríkin
- Slóð fiðrildanna** eftir Ólaf Jóhann Ólafsson (Steven Haft) Bandaríkin
- Í upphafi var morð** eftir Árna Þórarinnsson og Pál Kristinn Pálsson (Storm) Ísland
- Rokland** eftir Hallgrím Helgason (Pegasus)

sonar, Afturelding. Og þá er allt útlit fyrir að sakamálaþáttaröð byggð á bókum Ævar Arnar Jónssonar verði einnig sett í framleiðslu hjá Saga Film.

- fgg

3

STILLIÐ Á RÁS 12 Á DIGITAL ÍSLANDI OG FÁIÐ SKAMMTINN YKKAR DAGLEGA!

PÁLL ÓSKAR, SPRENGJUHÖLLIN, GEIR ÓLAFS, SSSÓL, BMW, RÚNAR JÚL O.F.L. – VOGAÐU ÞÉR EKKI AÐ MISSA AF ÞESSU!

Helga Braga til Bretlands

Leikkonan Helga Braga Jónsdóttir ætlar að flytja einleikinn A Complete Guide To a Sexual Misery, eða 100% hitt, í Bretlandi á næsta ári. Helga stígur á svið á Norðurlandahátíð í Liverpool næsta sumar, sem Ingi Þór Jónsson er að skipuleggja, auk þess sem hún mun hugsanlega ferðast um Bretland með einleikinn.

„Það er búið að þýða þetta yfir á ensku og breyta. Það verður mjög krefjandi að flytja þetta á ensku,“ segir Helga Braga. Þetta verður í fyrsta sinn sem hún flytur einleik erlendis en áður hefur hún skemmt hjá Íslendingafélögum úti í heimi og með frjálsum leikhópum. „Maður verður að halda áfram, þetta er svo lítið land,“ segir hún og hlakkar mikið til. „Þetta verður nú ekki fyrr en næsta sumar. Ég er núna að leika í þremur leikritum í Borgarleikhúsinu en ég byrja að læra þetta á næsta ári.“

100% hitt var sýndur í Ýmishúsinu fyrir þremur árum fyrir fullu húsi í heilt ár, auk þess sem Helga sýndi einleikinn úti á landi.

Höfundur hans er austurríski kynlífsfræðingurinn Bernard Ludwig og fjallar hann á gamansaman hátt um það hvernig fólk á að öðlast fullkomna kynferðislega ófullnægju.



HELGA BRAGA Helga Braga Jónsdóttir flytur einleikinn 100% Hitt í Bretlandi á næsta ári.

- fb

Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni



Ron Thompson Aquasafe vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 28.990. Jólatilboð aðeins 19.995



Simms Freestone vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 32.800. Jólatilboð aðeins 25.900



Simms Classic Guide Gore-tex veiðijakki.
Fullt verð 35.900. Jólatilboð aðeins 29.900.



Simms Freestone veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Verð aðeins 19.900



Ron Thompson veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 12.900. Jólatilboð aðeins 9.995.




Nýtt – NRS flotveiðivesti.
Sérhönnuð flotvesti fyrir veiðimenn.
Örugg vesti í alla veiði.
Verð aðeins 12.980.



Sage fluguveiðipakki. Fli og Launch
4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og RIO flugulína.
Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á stöng. Frábært verð á alvöru fluguveiðipakka. Aðeins frá 34.900.



Veidiflugur Íslands.
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga.
Verð aðeins 3.995.



The Scandinavian Speycast.
Nýjasta myndin frá Íslandsvininum Henrik Mortensen. Jólamynd veiðimannsins í ár. Eigum allar eldri myndirnar á DVD.
Verð aðeins 3.990.



Ron Thompson vöðlutaska.
Nauðsynleg taska fyrir alla veiðimenn sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn. Motta til að standa á þegar farið er í og úr.
Verð aðeins 3.995.



Sierra Explorer veiðitaska.
Afar vönduð og sterk veiðitaska undir allan veiðibúnaðinn. Vatnsheldur botn.
Verð aðeins 6.995.



Infac byssuskápar.
Öruggir og traustir byssuskápar í mörgum stærðum. Rúmgóður og fallegur skápur fyrir 7 byssur.
Aðeins 35.900.



Atlas snjóþrúgur.
Sterkbyggðar þrúgur sem henta vel íslenskum aðstæðum. 2 stillanlegir göngustafir og góð taska fylgir.
Verð aðeins 19.980.



Gerviandasett.
12 stokkendur; sofandi, vakandi og kafandi. Góður bakpoki, bönd og blýsökkur fylgja.
Frábært verð. Aðeins 8.995 fyrir allt þetta.



ProLogic skotveiðijakki.
Vatnsheldur og hlýr jakki með útöndun. Áralöng góð reynsla á Íslandi.
Verð aðeins 23.900



ProLogic skotveiðibuxur.
Vatnsheldar og hlýjar smekkbuxur. Áralöng góð reynsla á Íslandi.
Verð aðeins 17.900.



ProLogic Thermo skotveiðihanskar.
Vatnsheldir og hlýr. Verð aðeins 2.995. Einnig úr neopen. Verð aðeins 2.295.



ProLogic skór.
Vatnsheldir og hlýr skór með góðri útöndun. 3 gerðir. Bæjarins besta verð. Aðeins frá 9.995.



Ameristep rúllubaggi.
Vinsælasta felubirgið á markaðnum. Hvergi betra verð. Aðeins 16.880.



Vandað hreinsisett fyrir haglabyssur.
Burstar, stöng, olía og fleira í góðum kassa.
Verð aðeins 4.880.

Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760
- Veidimadurinn.is -



SPORTBÚÐIN
Krókhálsi 5 - Sími 517 8050
- Sportbudin.is -



VEIÐIHORNID
Síðumúla 8 - Sími 568 8410
- Veidihornid.is -



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Á friðarstóli

Sjaldan eða aldrei hefur önnur Seins samstaða ríkt meðal íslensku þjóðarinnar. Meira en tveir þriðju hlutar landsmanna styðja ríkisstjórnina. Ég skammast mín þínulítið fyrir þann öfuguggahátt að styðja ekki ríkisstjórn sem ekki hefur gert mér nokkurn skapaðan hlut enná. Ég erfi það ekki við stjórnina í heild þótt minnihluti hennar, nánar tiltekið tveir af tregustu ráðherrunum, hafi varað þjóðina við mér á bloggsíðum sínum sem því miður alltof fáir nenna að lesa. Stuðningur við ríkisstjórnir er bara ekki mín deild.

ÞAÐ er skemmtileg tilviljun – ef um tilviljun er að ræða – að álíka margir og trúá ríkisstjórnina trúá á dulræn fyrirbæri samkvæmt nýrri rannsókn sem okkar ástsæli dularsálfræðingur Erlendur Haraldsson hefur látið gera. Sjálfur trúí ég jafn kappsamlega á dulræn fyrirbrigði og ég er vantrúður á jarðnesk yfirvöld. Stundum er ég meira að segja sannfærður um að lífið í heild sé dulrænt fyrirbæri og valdsmenn heimsins vanþroskaðar sálir sem hafa endurfæðst til að fá síðasta séns til að ná nauðsynlegum þroska samkvæmt PISA-könnun á hinnum.

SAMSTAÐA þjóðarinnar er notaleg upplifun fyrir mann sem fæddist í blóðugri heimsstyrjöld og ólst upp í köldu stríði. Þessi nýfengna samstaða er svo notaleg að hún minnir á kurteist samkvæmi þar sem allir eru bláedru og engum dettur í hug að segja neitt sem orkað gæti tvímælis rétt eins og það ku ekki vera til síðs að nefna snöru í hengds manns húsi.

TIL að spilla ekki samkvæminu ætla ég því ekki að fara að varpa fram spurningum um hvað sé passlegt að öryrkjar liggi lengi dánir heima hjá sér áður en einhver gáir að þeim. Ég ætla heldur ekki að minnst á hvort við eigum heldur að sækja um að fá að komast aftur undir norsku krúnuna eða ganga í Evrópusambandið eða halda áfram að þrauka ein í okkar sérvisku. Þaðan af síður kemur til greina að impra á því hvort vísitölutryggingarnauðgunin hafi staðið nógu lengi. Eða hvort kynjamisrétti sé fyrirbí.

NÚNA er jólafasta og þjóðin situr á friðarstóli og trúir mest á dulræn fyrirbrigði og næstmest á ríkisstjórnina. Notalegur tími. Er á meðan er.

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 10. desember, 344. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	11.06	13.20	15.34
Akureyri	11.19	13.05	14.51

Heimild: Almanak Háskólans

Léttkaupsútborgun aðeins:
5.900 kr.
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 29.900 kr.

Léttkaupsútborgun aðeins:
900 kr.
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 24.900 kr.

NOKIA 6267

Léttkaupsútborgun aðeins:
1.900 kr.
750 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 10.900 kr.

SONY ERICSSON Z310i

SONY ERICSSON K810i

Jólatilboð

Símabúðirnar eru fullar af frábærum jólatilboðum í desember. Þar færðu jólagjöfina í harða pakkann ásamt skemmtun og afþreyingu til að lífga upp á jólaundirbúninginn.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

